ÞÓRA EINARSDÓTTIR
Ljóstrar upp leyndardómum pestósins
• matur • helgin
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FÖSTUDAGUR
Tíska, fegurð og förðun í haust
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Windows 7
6 dagar
w7.is

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

16. október 2009 — 245. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Franskt-íslenskt popp

Loriana Benatov syngur með hljómsveitinni Hello Elephant á Airwaves-hátíðinni.

FÓLK 34

Sífellt skemmtilegra

Þorgrímur Þráinsson fagnar tuttugu ára ritafmæli.

TÍMAMÓT 28

Flóttamennirnir huldu þjóðernið

Íslenska kreppan er um margt sambærileg við þá færeysku.

FRÉTTASKÝRING 18

Sigur í afmælisgjöf

Handknattleikslið FH hélt upp á 80 ára afmæli félagsins með góðum sigri á Val.

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



ALLHVASST VESTAN TIL Í dag verða sunnan 10-18 m/s vestan til, annars hægari. Úrkomulítið í fyrstu en fer að rigna sunnan og vestan til síðdegis. Norðan- og austanlands verður hálfskýjað eða skýjað.

VEÐUR 4

Borgarahreyfingin tapar nær öllu fylgi

Hvorki Borgarahreyfingin né Hreyfingin næðu mönnum á þing samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig sex þingmönnum.

KÖNNUN Borgarahreyfingin og klofningsflokkur hennar, Hreyfingin, eiga ekki upp á pallborðið hjá kjósendum samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Flokkarnir eru báðir langt undir því lágmarksfylgi sem þarf til að fá frambjóðendur kjörna á þing samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem gerð var í gærkvöldi.

Borgarahreyfingin mælist nú með stuðning 0,8 prósenta kjósenda, og Hreyfingin með 0,4 prósent. Borgarahreyfingin fékk 7,2 prósenta fylgi í kosningum í vor.

Sjálfstæðisflokkurinn heldur áfram að sækja í sig veðrið í könnun Fréttablaðsins, og mælist nú með 34,8 prósenta fylgi, samanborið við 23,7 prósenta kjörfylgi. Flokkurinn myndi bæta við sig sex þingmönnum yrði þetta niðurstaða kosninga.

Ríkisstjórnin heldur samkvæmt könnuninni meirihluta sínum, fengi 32 þingmenn kjörna og slétt 50 prósent atkvæða.

Samfylkingin mælist með 30,8 prósenta fylgi, einu prósentustigi yfir kjörfylgi. Það myndi skila flokknum sama þingmannafjölda.

Vinstri græn tapa hins vegar örlitlu fylgi frá kosningunum, mælast með 19,2 prósent nú, en fengu 21,7 prósent í kosningunum.

Framsóknarflokkurinn mælist örlítið undir kjörfylgi, fengi 14,1 prósent samkvæmt könnun Fréttablaðsins, en fékk 14,8 prósent í kosningunum. - bj / sjá síðu 6

Fylgi stjórnmálaflokkanna
Skoðanakönnun Fréttablaðsins 15. október 2009 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)



FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

ÞÚ FINNUR EKKERT FYRIR ÞESSU Fyrstir til að fá bólusetningu eru heilbrigðisstarfsmenn. Sigríður Herdís Gunnarsdóttir og Hjördís Jóhannsdóttir byrjuðu í gær að bólusetja starfsfólk Landspítalans, sem ætti að vera vanara sprautunálum en flestir.

Fjórir liggja nú alvarlega veikir á gjörgæsludeild vegna svínaflensunnar:

Bólusetning gegn svínaflensu hafin

HEILBRIGÐISMÁL Alls hafa 40 manns verið lagðir inn á spítala vegna svínaflensu. 21 liggur nú á Landspítalanum vegna flensunnar og þar af fjórir alvarlega veikir á gjörgæsludeild. Flestir þeirra eru með undirliggjandi áhættuþætti. Alls 323 hafa greinst með flensuna hérlendis.

Byrjað var að bólusetja heilbrigðisstarfsmenn gegn svínaflensu í gær. Næsta sending berst til landsins í næstu viku og gerir sóttvarnalæknir ráð fyrir því að 75 þúsund manns verði bólusettir til loka nóvembermánaðar. Næsta skammt fá lögreglu- og slökkviliðsmenn. Í nóvember stendur síðan til að bólusetja sjúklinga og þungaðar konur.

Í lok nóvember og byrjun desember er áætlað að allir geti nálgast bólusetningu. Fyrirkomulag bólusetningarinnar verður kynnt ækilega á næstunni. - sh

Litháískrar konu leitað:

Óttast um konu sem er saknað

LÖGREGLUMÁL **Lögregla leitar nú litháískrar konu sem talin er hafa verið blekkt hingað til lands af samlöndum sínum til að stunda vændi. Ekkert hefur spurst til konunnar síðan á mánudagskvöld og óttast lögregla um velferð hennar. Konan kom til landsins á skilríkjum merktum Ieva Grisiúte, en það er ekki talið hennar rétta nafn.**

IEVA GRISIÚTE

Þrír samlandar hennar sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Fjórða mannsins, Vitalijus Gejer, er leitað, en talið er hugsanlegt að hann sé farinn úr landi. sjá síðu 4

ÞRJÚ GÓÐ Björn Thors ásamt Flosa Ólafssyni og dóttur hans, Önnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn Thors í fótspor Flosa:

Ferill tengdur feðginum

FÓLK „Flosi er algjör hetja," segir leikarinn Björn Thors sem fetar í fótspor Flosa Ólafssonar í leikritinu Brennuvargarnir sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Fyrir um fimmtíu árum lék Flosi annan af tveimur brennuvörgum leikritsins, Jósef Schmitz, þegar það var sýnt við góðar undirtektir í Tjarnarbíói. Núna er komið að Birni að spreyta sig á sama hlutverki. Svo skemmtilega vill til að Anna dóttir Flosa kom Birni á bragðið í leiklistinni þegar hann var í tíunda bekk í Hlíðaskóla. Björn tjáði Önnu þakklæti sitt er hann tók á móti Grímuverðlaunum í vor. - fb / sjá síðu 42

SPURNING DAGSINS



Arndís, eru eldri borgarar að fokking tapa sér?

„Nei, þeir eru sko aldeilis ekki að tapa sér.“

Arndís Sigurbjörnsdóttir sér um félagsstarf eldri borgara á Dalbraut 27. Hún hvetur eldri borgara til að sauma út hin ýmsu slagorð, þar á meðal hið klassíska Helvítis fokking fokk.

Sjórekið lík ungs manns fannst í fjörunni á Langasandi á Akranesi:

Gekk fram á lík á Langasandi

LÖGREGLUMÁL Vegfarandi sem var úti að viðra hundinn sinn gekk fram á lík ungs manns á Langasandi, fyrir neðan elliheimilið á Akranesi, seinni partinn í gær. Ekkert bendir til þess að andlát mannsins hafi borið að með saknæmum hætti en það er þó ekki hægt að útiloka.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Akranesi var hinn látni skilríkjalaus þegar hann fannst og ekki hafði tekist að bera kennsl á hann þegar Fréttablaðið fór í prentun. Engin tilkynning hafði borist lögreglu um að manneskju væri saknað.

Hinn látni var klæddur og varðstjóri telur að hann hafi ekki verið látinn lengi þegar hann fannst. Ekki mátti sjá á honum teljandi áverka, en líkið var sjórekið og heldur illa farið. Ekki liggur fyrir hve gamall maðurinn er eða hvort hann er íslenskur.

Staðurinn þar sem líkið fannst var girtur af í gær og vettvangurinn rannsakaður.

LANGISANDUR Líkið fannst rétt fyrir neðan elliheimilið á Akranesi á fjórða tímanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Varðstjóri segir að næsta skref sé að reyna að bera kennsl á manninn. Síðan taki við rannsókn á dánarorsökinni. **- sh**

Ættleiðingum fjölgar í heildina:

Færri börn frá útlöndum

SAMFÉLAGSMÁL Alls voru 69 börn ættleidd á Íslandi árið 2008. Stjúpættleiðingum hefur fjölgað talsvert, en ekki hafa færri börn verið ættleidd frá útlöndum á einu ári síðan árið 1998. Þetta kemur fram í samantekt Hagstofu Íslands.

Ættleiðingum frá útlöndum hefur fækkað síðustu þrjú ár, frá því þær náðu hámarki árið 2005. Þá var 41 barn ættleitt til landsins, þar af 35 frá Kína.

Slegið var met í fjölda stjúpættleiðinga í fyrra þegar stjúpforeldri ættleiddu alls 46 börn. Líkt og áður var kjörforeldrið oftast stjúpfaðir, í 34 tilvikum. **- bj**

Breytt skattlagning lífeyris ofmetin leið

Fjármálaráðherra segir að hugmynd sjálfstæðismanna um kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissparnaðar verði metin en efast um upphæðirnar sem nefndar eru. Það sé óraunhæft að leiðin losi landsmenn undan hækkun skatta.

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafnar ekki hugmyndum Sjálfstæðisflokksins um kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyris en setur fyrirvara á hversu raunhæfar þær eru. Upphæðirnar sem settar eru fram í tillögunum séu háar og „barbabrellulegt að halda því fram“ að þessi leið geti komið í stað allra skattahækkana. Það sé óraunhæft að það sé hægt að ná slíkum bata í afkomu ríkissjóðs með þeim hætti sem boðað er.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram þingsályktunartillögu um þær bráðaaðgerðir sem flokkurinn telur nauðsynlegar til að bregðast við efnahagsvanda þjóðarinnar. Ein þeirra fjallar um skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði í stað útgreiðslna. Með slíkri breytingu telur Sjálfstæðisflokkurinn að megi auka tekjur ríkissjóðs um 35 til 40 milljarða á ári, sem gæti komið í stað þeirrar skattlagningar sem ríkisstjórnin hefur boðað.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur segir að helst verði sjálfstæðismönnum hrósað fyrir að leggja hugmyndina fram með þeim hætti að útfærsla hennar sé opin. Í vor hafi sama hugmynd verið kynnt með þeim hætti að bylta þyrfti lífeyriskerfinu og hann hefði varað við því. Þeirri hugmynd hefði verið fálega tekið „svo vægt sé til orða tekið“, segir Steingrímur.

MANNLÍF Almenningur þarf ekki að taka á sig skattahækkanir að sögn sjálfstæðismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þeir leggja einnig til að skoða séreignarsparnaðinn sérstaklega og það finnst mér sjálfsagt að gera. Það væri því háð að um það væri sæmilegur friður og skynsemi væri í slíkri útfærslu,“ segir Steingrímur.

Umrædd leið felst í að fresta skattlagningu séreignarsparnaðar sem myndi skila 115 milljarða eingreiðslu í ríkissjóð strax á næsta ári og þrettán milljörðum árlega eftir það.

En kemur til greina að halda inni boðuðum niðurskurði og skattahækkunum og fóstra hugmynd sjálfstæðismanna um breytta skattlagningu séreignarsparnaðarins? Væri þá ekki búið að loka með einu pennastriki títtnefndu fjárlagagati sem á að loka á þremur árum og verður sársaukafullt fyrir alla landsmenn?

„Þegar rýnt er betur í þetta þá held ég að þetta sé ekki svona einfalt. Þá værum við bara að taka risastórt lán í framtíðinni. Það verður líka að hafa í huga að féð er bundið. Vörsluaðilar séreignarsparnaðar reiða ekki fram 115 milljarða króna rétt si svona.“

svavar@frettabladid.is

Braut gegn 14 ára stúlku:

Fangelsisdómur var staðfestur

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær þriggja mánaða fangelsisdóm, auk tólf mánaða skilorðsbundins dóms, yfir 34 ára karlmanni sem játaði kynferðisbrot gegn fjórtán ára stúlku.

Maðurinn játaði að hafa meðal annars haft samræði við stúlkuna. Saksóknari áfrýjaði dómi héraðsdóms og fór fram á þyngingu refsingar mannsins. Hæstiréttur féllst ekki á það og staðfesti dóminn.

Héraðsdómur mat það manninum til refsilækkunar að hann hefði bætt ráð sitt frá því brotið gegn stúlkunni átti sér stað. - bj

Frjókornamælingar í sumar:

Yfir meðallagi í Reykjavík

NÁTTÚRA Frjókornamagn í Reykjavík í sumar mældist yfir meðaltali síðustu tuttugu ára, en á Akureyri reyndist um fjórtán prósentum minna af frjókornum en í meðalári.

Þetta kemur fram í samantekt á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar segir að frjókornasumarið í Reykjavík hafi farið fremur seint af stað, en náð sér á strik seinni hluta sumars.

Þó að heildarmagn frjókorna á Akureyri hafi mælst nokkuð undir meðaltali voru birkifrjó algengari en í meðalári, og mældust í fyrsta skipti fleiri birkifrjó en grasfrjó. **- bj**

Hrossablót í Skagafirði:

Gæða sér á hrossakjöti

MATUR Hrossakjöt verður á borðum Skagfirðinga um helgina þegar Sögusetur íslenska hestsins stendur fyrir hrossablóti í Hótel Varmahlíð. Þar gefst fólki kostur á að bragða margs konar hrossakjötsrétti að hætti lærðra matreiðslumanna.

Um aldir var á Íslandi algjört bann lagt á hrossakjötsát. Er talið að það tengist túlkun á Biblíunni. Þetta viðhorf hefur smám saman verið að breytast og aukast vinsældir foldalda- og hrossakjöts stöðugt. **- sg/sjá Allt**

deCode frestar afborgunum:

Hefur fengið frest þrívegis

VIÐSKIPTI deCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, nýtti sér í gær heimild til að fresta afborgunum á skuldabréfaflokki um þrjátíu daga. Þetta er í þriðja sinn á árinu sem fyrirtækið frestar vaxtagreiðslum.

Skuldabréfin voru gefin út í nóvember fyrir tæpum þremur árum og hljóða upp á 65 milljónir dala. Bréfin bera 3,5 prósenta vexti og eru þeir greiddir ársfjórðungslega. Bréfin eru á gjalddaga árið 2011. Þau eru með breytirétti sem varð virkur í apríl í vor og höfðu kröfuhafar þá möguleika á að breyta kröfunni í hlutabréf deCode. - jab

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Kosið í öryggisráð

Nígería, Brasilía, Bosnía, Líbanon og Gabon fá sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í tvö ár frá og með næstu áramótum. Kosið var í laus sæti ráðsins á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

ALÞINGI

Nýr í bankaráði SÍ

Daniel Gros hagfræðingur var kosinn aðalmaður í bankaráð Seðlabanka Íslands á Alþingi í gær í stað Magnúsar Árna Skúlasonar, sem sagði starfanum lausum.

Samstæða Reykjavíkurborgar rekin með 12,7 milljarða tapi:

22,1 milljarði verra en áætlað var

BORGARMÁL Tap á rekstri Reykjavíkurborgar varð 1.443 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins, sé einungis litið til þess rekstrar sem er fjármagnaður með skatttekjum. Að þessu leyti er afkoman rúmum 200 milljónum króna betri en áætlað hafði verið.

Hins vegar er niðurstaðan af afkomu samstæðunnar allrar, það er Aðalsjóðs, Eignasjóðs og fyrirtækja þar sem borgin á meirihluta, 22,1 milljarði króna verri en áætlað hafði verið. Tapið varð 12,7 milljarðar króna í stað þess að hagnaður yrði 9,4 milljarðar.

Óhagstæð gengisþróun er helsta skýringin á því tapi samstæðunnar, að því er fram kemur í samantekt fjármálaskrifstofu borgarinnar með árshlutaskýrslunni, sem kynnt var í gær.

„Starfsmenn og stjórnendur hafa lagst á eitt til að halda kostnaði niðri og standa vörð um grunnþjónustu, störf og gjaldskrár. Væntingar um styrkingu gengis og lægri verðbólgu hafa hins vegar ekki gengið eftir, sem hefur áhrif á Eignasjóð og fyrirtæki borgarinnar, rétt eins og öll önnur fyrirtæki landsins,“ er haft eftir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra í fréttatilkynningu.

RÁÐHÚSIÐ Mikið fall á gengi krónunnar hefur orðið Reykjavíkurborg dýrt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar og VG létu bóka í borgarstjórn í gær að þrátt fyrir árangur í sparnaði og aðhaldi í málaflokkum borgarinnar væri meirihluti borgarstjórnar í afneitun, sem sæist á því að í komandi fjárhagsáætlun væri að finna óskir um „arðgreiðslur fyrirtækja borgarinnar sem eru augljóslega í kröppum dansi“. **- pg**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

HELGARTILBOÐ!

Ath. tilboðin gilda 16.10.09 til 18.10.09

ALLAR MOTTUR Á 30% AFSLÆTTI

ALLAR ÁBREIÐUR Á 20% AFSLÆTTI

ÖLL HANDKLÆÐI Á 20% AFSLÆTTI

ALLIR ELDHÚS OG BORÐSTOFUSTÓLAR Á 20% AFSLÆTTI

ALLIR WELLPUR HEILSUKODDAR Á 20% AFSLÆTTI

ALLAR TILBÚNAR GARDÍNUR Á 30% AFSLÆTTI

MAGNUS
SKRIFBORÐSSTÓLL
VERÐ ÁÐUR:
12.900,-
NÚ AÐEINS:
9.030,-

RÚM + DÝNA
STÆRÐ: 120 X 200 SM.
VERÐ ÁÐUR: 139.800,-
VERÐ NÚ: 84.800,-

ALLIR SOKKAR OG SOKKABUXUR Á 20% AFSLÆTTI

ALLAR BASTVÖRUR Á 30% AFSLÆTTI

ALLAR GÆLUDÝRAVÖRUR Á 20% AFSLÆTTI

ÖLL PLASTVARA Á 20% AFSLÆTTI

SILVERFLOWER SÆNGURVERASETT.
ST. 140X200 SM. ÁÐUR: 2.490,-
NÚ AÐEINS: 1.490,-

6 STK. KERTI, ÁÐUR: 399,-
NÚ AÐEINS: 199,-

BARNAKULDAGALLAR, ÁÐUR: 2.990,-
NÚ AÐEINS: 1.990,-

ÚLPUR, ÁÐUR: 5.990,-
NÚ AÐEINS: 3.490,-

SKÍÐABUXUR, ÁÐUR: 4.990,-
NÚ AÐEINS: 2.490,-

GENGIÐ 15.10.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,67	123,25
Sterlingspund	199,66	200,64
Evra	183,07	184,09
Dönsk króna	24,590	24,734
Norsk króna	22,052	22,182
Sænsk króna	17,706	17,810
Japanskt jen	1,3615	1,3695
SDR	195,59	196,75

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,2963
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Séra Gunnar Björnsson sakar biskup um lögbrot og hyggst ekki hlíta ákvörðun hans:

Biskup flytur séra Gunnar frá Selfossi

ÞJÓÐKIRKJAN Séra Gunnar Björnsson á ekki að snúa aftur til starfa sem sóknarprestur á Selfossi. Biskup tilkynnti þessa ákvörðun sína í gær. Flytja á Gunnar til í starfi og gera hann að sérþjónustupresti á Biskupsstofu. Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson skal gegna embættinu þar til nýr prestur verður valinn.

Þessu hyggst Gunnar hins vegar ekki una. Hann vildi ekki svara spurningum blaðamanns í gærkvöldi en las þess í stað upp yfirlýsingu og bað um að hún yrði höfð eftir honum. Hún hljóðar svo:

„Ég er staðráðinn í að hafa boðskap biskupsins að engu. Tilraun hans til að flytja mig til í embætti er lögbrot í ljósi hæstaréttardóms frá 19. mars. Bréf sem ég móttók í gær [á miðvikudag] hef ég endursent biskupi, en í því var engin löggerningur framinn heldur aðeins vangaveltur um mismunandi hugmyndir biskups og meðreiðarfólks hans.“ Gunnar vildi ekki láta blaðamanni í té afrit af bréfi biskups.

Staða séra Gunnars hefur verið í uppnámi allt frá því að hann var kærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur ungum sóknarbörnum sínum í maí í fyrra.

Gunnar var sýknaður af ákæru um kynferðisbrotið bæði í héraði og í Hæstarétti. Þótti athæfi hans, að strjúka stúlkunum blíðlega, kyssa þær á kinnina og segja þeim að hann væri að leita andlegs styrks hjá þeim, ekki falla undir skilgreininguna á kynferðislegri áreitni. Hann hefur verið í leyfi síðan.

SÉRA GUNNAR Presturinn leitaði sér huggunar hjá sóknarbörnum á unglingsaldri.

Þrátt fyrir sýknuna lagðist sóknarnefnd Selfosskirkju gegn því að Gunnar sneri aftur til starfa. Fagráð Þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot var sama sinnis, og úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar taldi að hann hefði með athæfi sínu gerst sekur um ótvírætt siðferðisbrot, þótt hún treysti sér ekki til að mæla með því við biskup að Gunnar yrði sviptur brauðinu á Selfossi.

Á miðvikudag boðaði Gunnar til opins borgarafundar í kvöld á Selfossi þar sem hann hyggst skýra frá sinni hlið mála. - sh

Uppsagnir á Morgunblaðinu:

Fjórir blaðamenn hætta

FJÖLMIÐLAR Björgvin Guðmundsson, ritstjóri viðskiptafrétta á Morgunblaðinu, hefur sagt starfi sínu lausu. Hann tekur við stöðu aðstoðarritstjóra á Viðskiptablaðinu á næstu dögum. Tveir blaðamenn af Morgunblaðinu, annar af viðskiptadeildinni og hinn úr almennum fréttum, munu fylgja Björgvini yfir á Viðskiptablaðið.

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Björgvin var áður ritstjóri DV, fréttastjóri á Fréttablaðinu og ritstjóri Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins.

Fjórði blaðamaður Morgunblaðsins mun einnig vera á leiðinni á nýjan starfsvettvang, þó ekki Viðskiptablaðið. - sh

Árás á Ísafirði:

Líkamsárás með eggvopni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Vestfjörðum hefur til rannsóknar meinta líkamsárás gagnvart ungri konu. Grunur leikur á að eggvopni hafi verið beitt.

Atvikið átti sér stað á Ísafirði á níunda tímanum í gærmorgun og mun konan hafa hlotið minni háttar áverka.

Karlmaður um tvítugt var handtekinn vegna málsins og yfirheyrður. Hann er einnig grunaður um eignaspjöll á bifreið konunnar. - jss

LEIÐRÉTTING

Nafn Þorsteins Gunnars Bjarnasonar, leikstjóra kvikmyndarinnar Jóhannes, misritaðist í blaðinu í gær.

Óttast um meintan þolanda hórmangs

Lögregla leitar að litháískri konu sem talin er hafa komið hingað sem fórnarlamb mansals. Einnig er leitað að manni sem talinn er tengjast málinu. Þau voru ófundin í gærkvöld. Þrír sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

LÖGREGLUMÁL Lögregla telur unga litháíska konu, sem grunur leikur á að hafi komið hingað til lands sem fórnarlamb mansals um síðustu helgi, vera í hættu.

Lýst hefur verið eftir konunni, sem kom hingað undir nafninu Ieva Grisiúte, og litháískum manni, Vitalijus Gejer að nafni. Þrír litháískir karlmenn eru í gæsluvarðhaldi vegna málsins þar til í dag.

Konan kom hingað til lands með flugvél Iceland Express frá Varsjá í Póllandi síðastliðið föstudagskvöld. Á seinni hluta leiðarinnar virtist konan ærast og barði í kringum sig með ópum og óhljóðum. Áhöfn vélarinnar neyddist til að skerast í leikinn með aðstoð farþega. Á endanum þurfti að binda konuna niður í sætið og kefla hana. Af henni hafði bráð þegar lögregla handtók hana við komuna til landsins og var hún flutt rænulítil á sjúkrahús. Þar dvaldi hún aðfaranótt laugardagsins en síðan hjá lögreglunni á Suðurnesjum að eigin ósk. Hún sagðist ekki eiga í nein hús að venda og engan þekkja hér á landi. Hún gat litlar skýringar gefið á ferð sinni hingað til lands og reyndist vera með stolin ferðaskilríki.

IEVA GRISIÚTE

Lögreglan varð vör við þrjá menn sem biðu eftir konunni og reyndu að ná sambandi við hana við komuna hingað. Lögregla þekkti til mannanna sem allir eru Litháar og þekktir brotamenn, sumir vegna ofbeldisbrota.

LÖGREGLUSTÖÐIN Í REYKJANESBÆ Þeir sem upplýsingar geta gefið eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 420 1700 eða á næstu lögreglustöð. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Þeir biðu hennar einnig fyrir utan Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þar sem hún fór í skoðun, og lögreglustöðina á Hverfisgötu, þar sem tekin var skýrsla af henni í fyrstu. Einn þeirra var í hópi manna sem réðust á nokkra óeinkennisklædda lögreglumenn í miðbæ Reykjavíkur í fyrra.

Fjórir menn voru handteknir vegna rannsóknar málsins og þrír þeirra voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þeim fjórða, íslenskum manni, var sleppt. Fjórða Litháans hefur verið leitað undanfarna daga, án árangurs. Hann er 35 ára og talinn tengjast málinu. Hugsanlegt er að hann hafi farið úr landi áður en konan kom hingað á laugardag.

Spurður hvort konan hefði átt að vera undir lögregluvernd segir Gunnar Schram, yfirlögregluþjónn á Suðurnesjum, að litið sé á þann sem verður fyrir mansali sem fórnarlamb og þolanda. „Það er reynt að umgangast fólk í þessari stöðu með það í huga. Reynt er að vista það á góðum stað, þar sem það telur sig vera þokkalega öruggt og líður vel.“

Konan var vistuð í húsnæði á vegum félagsmálayfirvalda sem engum átti að vera kunnugt um. Hún hvarf þaðan á mánudagskvöld, að því er virðist sjálfviljug. Hún hafði verið látin hafa farsíma til að kalla eftir aðstoð. Reynt hefur verið að staðsetja farsímann, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur það ekki verið hægt þar sem slökkt er á honum. Leit að konunni stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Segir sig frá trúnaðarstörfum:

Hættir í ráðum og nefndum

STJÓRNMÁL Gestur Guðjónsson, starfandi formaður kjördæmasambands framsóknarmanna í Reykjavík, hefur sagt sig úr kjördæmasambandinu og úr ráðum og nefndum hjá Reykjavíkurborg.

GESTUR GUÐJÓNSSON

„Þetta er bara innansveitarkrónika sem á að haldast þannig,“ sagði Gestur spurður um ástæður þessa. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um afsagnirnar.

Gestur hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn og hefur meðal annars verið varaformaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. - bj

Borgarráð Reykjavíkur:

Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa

STJÓRNMÁL Borgarráð samþykkti í gær nýjar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá borginni.

Meðal annars er ætlast til að kjörnir fulltrúar sinni starfi sínu af samviskusemi, misnoti ekki almannafé og nýti ekki stöðu sína hjá borginni í págu einkahagsmuna sinna. Þá er ætlast til að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki stöðuveitingum hjá borginni.

Þá verður haldin skrá um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa og um trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar. Skráin verður birt opinberlega, sem og siðareglurnar sjálfar, á vef Reykjavíkurborgar. - gar

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

VAXANDI ÚRKOMA SÍÐDEGIS

Núna með morgninum verður úrkomulítið sunnan og vestan til en þegar líða tekur á daginn færist vætan í aukana á þessum svæðum og verður komin töluverð rigning síðdegis en einkum þó í kvöld. Norðan- og austanlands verður skýjað með köflum, sýnu bjartara framan af degi. Hiti verður 7-13 stig, hlýjast norðanlands.



HEIMURINN

Alicante	18°
Amsterdam	12°
Berlín	4°
Billund	11°
Brussel	13°
Eindhoven	13°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	28°
London	14°
New York	7°
Orlando	29°
Osló	7°
París	12°
Róm	17°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NAUTAFILÉ Í TERIYAKI-SÓSU fyrir 4

að hætti Rikku

2 dl teriyaki sósa
1 dl sojasóa
4 hvítlauksrif, kreyst
5 cm engifer, rifið
500 g nautafilé í strimlum
200g brokkolí
1 dós míni maís
½ dós baunaspírur
2 msk sesamfræ
2 msk vorlaukur, saxaður

Blandið saman teriyaki- og sojasósu ásamt hvítlauk og engifer. Bætið nautakjötinu, brokkolí, maís og baunaspírum út í og látið standa í 5-10 mínútur. Sigtið maríneringuna frá kjötinu og grænmetinu og geymið. Steikið kjötið og grænmetið á pönnu í 5 mínútur og hellið maríneringunni yfir og látið malla í 5 mínútur. Stráið vorlauk og sesamfræum yfir og berið fram með hrísgrjónum.

311 kkal/ 16% RDA
Prótín 35.8 g/ 72% RDA
Fita 8.4 g/ 13% RDA
Kolvetni 24g/ 8% RDA
C-vítamín 49.1 mg/ 82% RDA
Járn 4.2 mg/ 23% RDA
B6-vítamín 1.mg/ 50% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.

Heill kjúklingur
ferskur

Piparsteik
Nautaat

Lambalæri nýslátrað
frosið

Helgarsteik
rauðvínslegin

Kjúklingavængir
Fulleldaðir
BBQ vængir &
Buffalo vængir

2 fyrir 1

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 18. október á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

KJÖRKASSINN



Lest þú blogg vikulega eða oftar?

JÁ 37,3%

NEI 62,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú á Airwaves?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Fyrrverandi landsliðsmarkvörður sakaður um að berja og ræna mann í Keflavík:

Markvörður ákærður fyrir rán

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Ólafi Gottskálkssyni, fyrrverandi landsliðsmarkverði í knattspyrnu. Ólafur er ákærður fyrir húsbrot og rán í félagi við annan yngri mann.

Ólafi og meðákærða er gefið að sök að hafa ruðst inn til manns við Sólvallagötu í Reykjanesbæ snemma að morgni 8. febrúar síðastliðins, beitt manninn sem þar bjó ofbeldi og rænt hann verðmætum, meðal annars tölvu.

Ákæran verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness síðar í þessum mánuði.

Ólafur Gottskálksson lék knattspyrnu í sautján ár, bæði á Íslandi og á Bretlandseyjum. Hann hóf ferilinn hjá ÍA árið 1988, fór þaðan til KR og lék síðan bæði með Keflvíkingum og Grindvíkingum. Hann á að baki 188 leiki í efstu deild á Íslandi.

HÆTTUR Í FÓTBOLTA Ólafur hætti knattspyrnuiðkun fyrir fjórum árum.

Þá lék hann með Hibernian í Skotlandi, og Brentford, Margate og Torquay á Englandi. Ólafur var valinn í íslenska landsliðið níu sinnum á árunum 1991 til 1997, og var fimm sinnum í byrjunarliðinu.

Ólafur hætti að spila knattspyrnu eftir að hann skrópaði í lyfjaprófi hjá Torquay í janúar 2005 og lét sig hverfa af æfingasvæðinu. Enska knattspyrnusambandið úrskurðaði hann í kjölfarið í ævilangt bann. - sh

Tilkynnir um framboð:

Kristín vill vera rektor áfram

MENNTAMÁL Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, tilkynnti á fundi með starfsfólki í gær að hún hygðist sækjast eftir endurkjöri í starfið þegar skipunartími hennar rennur út á næsta ári.

Rektor HÍ er skipaður til fimm ára í senn. Kristín tók við stöðunni árið 2005 af Páli Skúlasyni. Hún var áður prófessor við lyfjafræðideild skólans. Þrír tókust á um stöðuna við Kristínu á sínum tíma, þeir Ágúst Einarsson, nú rektor á Bifröst, Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði, og Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild. - sh

Sjálfstæðisflokkur er í sókn á landsvísu

Sjálfstæðisflokkurinn heldur áfram að sækja í sig veðrið samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Staða vinstriflokkanna breytist lítið. Borgarahreyfingin og Hreyfingin myndu þurrkast út yrði gengið til kosninga nú.

KÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn myndi bæta við sig sex þingmönnum yrðu niðurstöður kosninga í takt við nýja könnun Fréttablaðsins sem gerð var í gærkvöldi. Vinstri grænir og Borgarahreyfingin myndu tapa þingmönnum.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru með nauman meirihluta þingmanna samkvæmt könnuninni, 32 af 63. Samanlagt fylgi Samfylkingarinnar og Vinstri grænna mælist 50 prósent.

Sjálfstæðisflokkurinn styrkir stöðu sína frá síðustu könnun, og mælist nú með 34,7 prósenta fylgi. Flokkurinn mældist með 30,4 prósenta fylgi í könnun Fréttablaðsins sem gerð var 28. júlí, og fékk 23,7 prósent í síðustu kosningum. Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins fengi flokkurinn 22 þingmenn, en er með 16 þingmenn nú.

Litlar breytingar mælast á stuðningi við Samfylkinguna frá síðustu könnun Fréttablaðsins. Flokkurinn fengi stuðning 30,8 prósenta kjósenda yrði kosið nú, en naut stuðnings 29 prósenta í síðustu könnun. Flokkurinn fékk 29,8 prósent atkvæða í kosningunum í vor. Samfylkingin myndi miðað við þessa niðurstöðu halda óbreyttum fjölda þingmanna, og ná 20 mönnum á þing.

Vinstri græn mælast með svipað fylgi og í síðustu könnun, fengju 19,2 prósent nú en mældust með 18,8 prósent í könnun í lok júlí. Það er nokkuð frá 21,7 prósenta kjörfylgi. Flokkurinn fengi 12 þingmenn kjörna yrðu þetta niðurstöður kosninga, en er með 14 í dag.

Framsóknarflokkurinn bætir örlítið við fylgi sitt frá síðustu kosningum, en hefur enn ekki náð kjörfylgi. Flokkurinn mælist með 14,1 prósenta fylgi í nýrri könnun Fréttablaðsins, en 13,5 prósent í síðustu könnun. Framsóknarmenn fengu 14,8 prósenta fylgi í kosningunum í vor. Flokkurinn fengi óbreyttan fjölda þingmanna, níu talsins.

Borgarahreyfingin mælist með stuðning 0,8 prósent þeirra sem tóku þátt í könnun Fréttablaðsins, en mældist með 8,2 prósent í síðustu könnun, einu prósentustigi yfir kjörfylgi. Flokkurinn fékk fjóra þingmenn í kosningum, en engan miðað við nýja könnun.

Hreyfingin mælist með 0,4 prósenta fylgi, en munar á fylgi Hreyfingarinnar og Borgarahreyfingarinnar er innan skekkjumarka.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 15. október. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? Alls tóku 64,4 prósent afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is

FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA



Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2007 til 15. okt. 2009.

Björgunarsveitir tryggðu að bíll ylti ekki áfram meðan ökumanni var bjargað:

Fastur í fjóra tíma eftir veltu

LÖGREGLA Maður sat fastur utanvegar í bíl sínum í rúma fjóra klukkutíma eftir bílveltu á Ólafsfjarðarvegi, til móts við Ytri-Vík, í fyrrinótt. Vegfarandi ók fram á bílinn þar sem hann var á hliðinni 15 til 20 metrum frá vegi, um sjö kílómetrum norðan við Dalvík, í gærmorgun.

Björgunarsveitin á Dalvík og björgunarsveitin Tindur á Ólafsfirði voru kallaðar út vegna slysins skömmu fyrir hálf átta í gærmorgun. „Við fórum í að tryggja að bíllinn ylti ekki á hliðina, meðan slökkvilið klippti manninn úr bílnum," segir Tómas Atli Einarsson, varaformaður Tinds. Nokkur bratti er þar sem bíllinn fór út af og hann óstöðugur.

Að sögn lögreglu á Dalvík var maðurinn, sem var á norðurleið, klemmdur fastur í bílnum og hafði glatað farsíma sínum í veltunni. Síminn fannst svo á jörðinni skammt frá bílnum. Maðurinn var með meðvitund þegar að var komið og var fluttur með sjúkrabíl á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Nokkurt rok var á slysstaðnum, en ekki mjög kalt, að sögn lögreglu, hiti nálægt átta gráðum. Ekki er vitað hvernig slysið bar að.

Samkvæmt upplýsingum læknis á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hlaut maðurinn ekki alvarlega áverka í slysinu. Hann var þó orðinn bæði kaldur og hrakinn. Til stóð að halda manninum á spítalanum yfir nótt til öryggis, en hann verður væntanlega útskrifaður í dag. - óká

Bílvelta við Eyjafjörð

SLYSSTAÐURINN Nokkuð bratt er fram af veginum þar sem bíllinn valt og endaði á hliðinni, 15 til 20 metrum frá vegi milli klukkan þrjú og fjögur aðfaranótt fimmtudags.

Ný bók frá höfundi bókarinnar „Viltu vinna milljarð?“

Sex grunaðir



Vicky Rai, sonur umdeilds ráðherra á Indlandi, er skotinn til bana í eigin veislu þar sem skrautlegur hópur fólks fagnar með honum sýknudómi vegna morðákæru. Sex manns eru teknir til yfirheyrslu og allir gætu þeir haft ríka ástæðu til að vilja Vicky feigan ...

„... óvenjuleg, smellin og skemmtileg. Vel og hugvitsamlega útfærð og að öllu leyti fróðleg háðsdeila á indverska pólitík og lífsgildi ... fjörug og frábær lesning.“

The Times Review

„Hrífandi þverskurður af stéttskiptu lífi indversku þjóðarinnar ... alveg dýrleg bók“

The Bookseller

„Iðandi, tælandi Indlandssýn þéttuð ínní snjallan krimma“

JPV útgáfa

3.990 kr.
~~5.490 kr.~~

*Tilboð gildir til og með 25. október 2009.

Höfundurinn Vikar Swarup

Vikar Swarup er fæddur árið 1963. Hann er menntaður í sálfræði, sögu og heimspeki. Auk þess að vera rithöfundur hefur hann starfað í utanríkisþjónustu Indlands víða um heim. Fyrsta bók Swarup „Villtu vinna milljarð“ naut gríðarlega vinsælda um allan heim og hlaut fjölda verðlauna. Kvikmyndin ***Slumdog Millonaire*** sem sló svo rækilega í gegn var gerð eftir bókinni.

Villtu vinna milljarð?

Indverjinn Ram Mohammad Thomas hefur verið fangelsaður fyrir að svara tólf spurningum rétt í spurningaþætti. Ungur kvenlögfræðingur birtist óvænt í fangelsinu og tekur mál Rams að sér en Ram segir henni sögu sína. Úr þessu verður óvenju litrík frásögn þar sem lesendanum er veitt heillandi en jafnframt ógnvekjandi sýn inn í framandi heim.

1.980 kr.
Fylltu í safnið

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

The Embassy of the Russian Federation and the
Society of Russian-speaking Compatriots in Iceland
"Zemlyachestvo" have the honour to inform about the opening
ceremony of the traditional Russian Culture Days Festival.
The arrangement is to be held tomorrow, October 17
at 16.00 in the Reception Hall of the Embassy at
Garðastræti 33. The program will include an exhibition of the
paintings and artworks by Russian residents in Iceland.

Admission is free of charge.

The exhibition will also be open to visitors in the
following days: October 18 – October 23 from 14.00 to 16.00.
Everybody is cordially welcome.

Þingmaður segir Samfylkinguna beita sér gegn Noregsláni með blekkingum:

Þvættingur segir forsætisráðherra

STJÓRNMÁL „Það virðist ótæmandi brunnurinn af töfralausnum framsóknarmanna," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í lok umræðna um mögulegt lán frá Norðmönnum óháð Alþjóðagjaldeyrissjóðnum utan dagskrár á Alþingi í gær. Hún segir svör forsætis- og fjármálaráðherra Noregs sýna að slíkt lán sé ekki raunhæfur kostur.

Þingmenn Framsóknar telja hins vegar að meirihluti sé á norska stórþinginu fyrir lánafyrirgreiðslu til Íslands framhjá AGS og vísa í fundi með norskum þingmönnum í síðustu viku. „Norðmenn eru fullir velvilja í garð Íslendinga.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Þeir segja hins vegar að ef að Íslendingar vilja lán óháð lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þá þurfi að berast formleg beiðni frá Íslendingum um slíkt. Það er mergur málsins," sagði Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks, sem jafnframt var málshefjandi. Hann sagði jafnframt að Samfylkingin hefði beitt sér vísvitandi gegn málinu með blekkingum og áróðri.

„Að halda því fram að forsætisráðherra Íslands sé að berjast gegn hagsmunum þjóðarinnar. Þetta er auðvitað slíkur þvættingur," svaraði forsætisráðherra og kvað málatilbúnaðinn sérstakan.

Tryggvi Þór Herbertsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmenn Sjálfstæðisflokks, hrósuðu framsóknarmönnum fyrir góðan vilja og viðleitni til að leita nýrra leiða í efnahagsmálum. - óká

Segja menn græða á sölu ólöglegra tækja

Rafiðnaðarsambandið segir fyrirtæki sem endurnýja íbúðir á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli græða á að selja ólögleg heimilistæki út af svæðinu og á innanlandsmarkað. Tækin nota aðra spennu en er á íslenska rafkerfinu.

ÖRYGGISMÁL Rafiðnaðarsamband Íslands segir að heimilistæki séu nú seld út af gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli þrátt fyrir að notkun þeirra sé ólögleg hér á landi.

„Nýverið höfðu rafiðnaðarmenn samband við skrifstofur RSÍ og bentu á að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem sjá um endurnýjun íbúða og rafbúnaðar á Vellinum séu að selja og í einhverjum tilfellum að gefa þau tæki sem tekin eru niður á Vellinum. Það er að segja að þessi tæki eru enn í notkun í landinu og forsvarsmenn þessara fyrirtækja séu að taka sér arð af því að koma þeim í umferð," segir í frétt á heimasíðu Rafiðnaðarsambandsins.

Guðmund Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að tæpur mánuður sé síðan málið hafi verið kært til rafmagnseftirlitsins. Á vef sambandsins segir nánar um málið að bandarískri herinn hafi skilið eftir sig á annað þúsund þvottavélar og annað eins af þurrkurum, ísskápum og eldavélum. Öll tækin nota 110 volta spennu en ekki 220 eins og er í íslenska kerfinu. Eftir eitt ár rennur út þriggja ára frestur sem veittur var til að breyta rafmagnskerfinu á vellinum þannig að það verði 220 volt. Eftir þann tíma á að farga öllum þessum tækjum eða senda þau úr landi.

„Það ætti öllum að vera ljóst að þessi tæki eru nákvæmlega jafn hættuleg hvort sem þau eru í íbúðum og fyrirtækjum á vallarsvæðinu eða annars staðar á landinu," segir í frétt Rafiðnaðarsambandsins sem vill að rafmagnseftirlitið svari eftirfarandi spurningum: „Það er búið að gera upp vel á annað þúsund íbúða. Hvar eru tækin sem tekin voru úr þessum íbúðum? Var þeim fargað? Voru þau seld úr landi? Voru þau sett á íslenskan markað?"

ÞVOTTAVÉLAR Á KEFLAVÍKURVELLI Amerísk heimilistæki af varnarsvæðinu þykja vönduð vara en eru ólögleg á Íslandi vegna annarrar rafmagnsspennu en hér tíðkast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhann Ólafsson, sviðsstjóri rafmagnöryggissviðs Brunamálastofnunar, segir sjálfsagt að skoða þessi mál ofan í kjölinn og árétta við hlutaðeigandi hvaða reglur gildi.

„Það er verið að gefa í skyn að þarna séu einhverjir að selja tæki en þeir eru ekki nafngreindir. Þetta er svolítið stór hópur sem þetta getur átt við, en við erum að kanna málið," segir Jóhann.

Tæki sem eru gerð fyrir amerískra rafmagnskerfið virka eðlilega hér með spennibreyti. „Þessi tæki eru alls ekki lífshættuleg en þau eru ekki lögleg," segir Jóhann.

Þróunarfélagið Kadeco annast eignir á gamla varnarsvæðinu. Ekki fengust svör þaðan í gær um þetta mál. gar@frettabladid.is

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

22. október	Aðalbanki	Fjármálaskilningur
29. október	Mjódd	Fjármál heimilisins
5. nóvember	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
12. nóvember	Akranes	Fjármál heimilisins
19. nóvember	Hamraborg	Fjármál heimilisins

Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

40% afsláttur

GOÐI

OFNSTEIK M/ DÖNSKUM BLÆ

1.348 kr/kg

~~2.247~~ kr/kg

Ódýrt að versla!

30% afsláttur

NAUTAPOTTRÉTTUR

1.259 kr/kg

~~1.798~~ kr/kg

FERSKUR, HEILL KJÚKLINGUR

475 kr/kg

~~698~~ kr/kg

32% afsláttur

BJÚGU, 4 stk.

398 kr/kg

~~498~~ kr/kg

40% afsláttur

GOÐI

KJÖTBOLLUR, FROSNAR

599 kr/kg

~~998~~ kr/kg

BILLYS PAN PIZZA 170g
original eða pepperoni

247 kr/stk.

~~298~~ kr/stk.

KJÚKLINGABRINGUR, 900g

1.398 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR, 700g

1.298 kr/pk.

CASA FIESTA DAGAR!

ROYALTY TEKEX 200g

89 kr/stk.

15% afsláttur

GLOCK SAFI 2l
Appelsínu, epla eða multivitamin

298 kr/stk.

~~459~~ kr/stk.

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 15. - 18. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

Lítið lát á verðhækkun skuldabréfa gamla Kaupþings í erlendri mynt:

Búist við betri endurheimtum

VIÐSKIPTI Gera má ráð fyrir að eigendur skuldabréfa gamla Kaupþings endurheimti 35 prósent af kröfum úr búi bankans. Gangi það eftir verða heimtur tæpum 46 prósentum yfir núverandi mati skilanefndar Kaupþings. Þetta kemur fram í nýrri greiningu IFS Greiningar og Saga Capital á mati á heimtum úr búi Kaupþings.

Líkt og áður hefur verið greint frá hefur líflegur markaður verið með skuldabréf Glitnis og Kaupþings frá falli þeirra fyrir ári og virði þeirra rokið upp.

Sem dæmi skiptu skuldabréf gamla Kaupþings um hendur með 92 prósenta afslætti í byrjun júní. Talið er að 24 prósent krafna endurheimtist nú en það jafngildir tvö hundruð prósenta ávöxtun á rúmum fjórum mánuðum. Gangi nýja matið eftir er ávöxtunin tæp 340 prósent.

Helst eru það erlendir fjárfestar og sjóðir sem keypt hafa bréfin af evrópskum bönkum og fjármálafyrirtækjum. Eftir því sem næst verður komist er fátítt að íslenskir fjárfestar kaupi bréfin. Skuldabréfin eru nær öll í erlendri mynt.

„Við gerum ráð fyrir að skilanefndin fari afar varlega í mati sínu," segir Ómar Sigtryggsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Saga Capital, spurður um ástæðu munarins á þessu nýja mati og því sem skilanefnd Kaupþings hefur gefið út. **- jab**

HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGS Nýtt mat á virði eigna Kaupþings gerir ráð fyrir betri heimtum en skilanefndin reiknar með.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Talibanar sækja í sig veðrið í Pakistan

Árásum talibana í Pakistan hefur fjölgað mjög undanfarið. Tugir manna féllu í árásum á fjórar lögreglustöðvar í gær. Herinn býr sig undir stríðsátök.

PAKISTAN, AP Þrjár lögreglustöðvar í borginni Lahore í Pakistan urðu fyrir árásum í gær sem kostuðu nærri tuttugu manns lífið. Ellefu manns að auki féllu þegar sjálfsvígsárás var gerð á lögreglustöð í Kohat-héraði, auk þess sem sex ára drengur lét lífið af völdum sprengjuárásar í Peshawar.

Talið er víst að talibanar hafi verið þarna að verki. Þeir hafa lýst yfir ábyrgð á flestum árásum undanfarnar vikur, meðal annars á höfuðstöðvar hersins í Rawalpindi um síðustu helgi og skrifstofur Sameinuðu þjóðanna í Islamabad 5. október.

Asif Ali Zardari, forseti Pakistans, segir að blóðbaðið undanfarna daga muni ekki fæla stjórnina frá því að senda herinn í hernað gegn leiðtogum talibanahreyfingarinnar í héraðinu Suður-Waziristan, sem er við landamæri Afganistans.

„Óvinurinn hefur byrjað skæruliðastríð," sagði Rehman Malik innanríkisráðherra. „Öll þjóðin á að standa saman gegn þessum fámenna hópi hryðjuverkamanna."

Allt mannlíf nánast lamaðist í Lahore í kjölfar árásanna, sem stóðu í hálfan annan tíma. Þrír hópar vopnaðra manna hófu skotárásir á lögreglustöðvarnar þrjár um níuleytið að morgni.

Lahore er höfuðborg Punjab-héraðs, fjölmennasta og valdamesta héraðs landsins, sem liggur að landamærum Indlands. Talið er að talibanar austast í Pakistan hafi komist í tengsl við uppreisnarhópa handan landamæranna í Indlandi.

Herinn í Pakistan undirbýr nú umfangsmiklar aðgerðir gegn talibönum í Suður-Waziristan, í þeirri von að þær aðgerðir skili jafn miklum árangri og árásir hersins á talibana í Swat-dalnum í sumar.
gudsteinn@frettabladid.is

LEIFAR AF LÖGREGLUSTÖÐ Vegfarendur ganga framhjá rústunum af lögreglustöð í borginni Kohat, sem eyðilögð var í sjálfsvígssprengjuárás.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NÝJAR bílaperur frá PHILIPS

PHILIPS Quarts bílaperur allt að 80% meira ljós

Merki Shell eru notuð af Shellfyrirtæki með leyfi Shell Brands International AG.

Bílavarahlutir

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Vefhýsing_

668 kr. á mánuði

Pantaðu núna á www.1984.is

ÍSLENSK VEFHÝSING
= MEIRI HRAÐI >> MEIRA ÖRYGGI >> MUN ÓDÝRARI

1984 – stóri bróðir hefur gætur á þér

Sími 546 1984 ::: info@1984.is

Alltaf ferskt Kjöt & fisktorgið í Kringlunni & Garðabæ

Lambalæri af nýslátruðu

1.198kr/kg

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

„Að erfa landið"

ungt fatlað fólk og framtíðin

Ráðstefna Landssamtakanna Þroskahjálpar í Hvammi, Grand hótel Reykjavík17. október kl. 13:00 – 16:30

Ekkert ráðstefnugjald – allir velkomnir

Nánari upplýsingar á heimasíðu samtakanna
www.throskahjalp.is

Ódýru gervigæsirnar

12 skeljar með lausum hausum. Átta á beit, tvær í hvíld og tvær á verði.
Öll festijárnin fylgja með. Verð aðeins 19.995.

Fyrsta byssan þín ?

Gott úrval - Gott verð - Góð kjör

Stoeger P350 Synthetic
Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.
Fullt verð 72.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 12.515 á mánuði vaxtalaust.

Escort MarineHunter.
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 69.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 11.999 á mánuði vaxtalaust.

Optima B12.
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Hnotuskefti. Útdragari og skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 96.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 16.635 á mánuði vaxtalaust.

Stoeger P350 Camo
Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.
Fullt verð 79.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 13.716 á mánuði vaxtalaust.

Escort MarineGuard.
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Fastþrengd. Framsigti á hlaupi.
Fullt verð 62.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 10.798 á mánuði vaxtalaust.

Optima S12.
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Hnotuskefti. Útdragari og skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 99.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 17.150 á mánuði vaxtalaust.



Stoeger SP312
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 26" hlaup. Fastþrengd.
Fullt verð 66.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 11.485 á mánuði vaxtalaust.

Escort Fieldhunter.
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 59.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 10.283 á mánuði vaxtalaust.

Optima Silver Select.
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Valin hnota í skeftum, bakslagsdempari, útdragari og skiftanlegar þrenginar. Einn gikkur og val á milli hlaupa.
Fullt verð 129.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.
Aðeins 22.299 á mánuði vaxtalaust.

3% lántökugjald er innifalið í mánaðagreiðslu

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410 - veidihornid.is - sportbudin.is

FÆRANDI HENDI Verkamenn á Filippseyjum flytja heilu sekkina af grænmeti yfir fjall á markað í bænum Tublay. Verð á grænmeti hefur hækkað eftir flóðin þar undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkið sparar fjörutíu milljarða króna á Íslandsbanka

Kröfuhafar Glitnis tilkynntu í gær að þeir taka 95 prósenta hlut í Íslandsbanka upp í skuldir. Stórt skref í endurreisn bankanna, segir fjármálaráðherra. Kröfuhafar ætla ekki að eiga bankann lengi.

VIÐSKIPTI „Nú sér til lands í endurreisn bankakerfisins innan fárra vikna. Þetta er hagstæð útkoma fyrir ríkið enda ganga talsverðir peningar aftur til þess," sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í gær á fundi með Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, og Árna Tómassyni, formanni skilanefndar Glitnis, sem greindi frá því í gær að kröfuhafar ætli að taka 95 prósenta hlut í Íslandsbanka.

Í kjölfar ákvörðunarinnar mun ríkið leggja bankanum til 25 milljarða króna í formi víkjandi láns og lausafjárviðbót.

Áætlaður efnahagsreikningur Íslandsbanka hljóðaði upp á tæpa 630 milljarða króna. Líkt og fram kom í máli Birnu gerðu áætlanir ráð fyrir að ríkið myndi eignast bankann. Við yfirtöku kröfuhafa færist hins vegar skuldabréf sem gefið var út vegna eignatilfærslu á milli gamla og nýja bankans aftur til ríkissjóðs og lækkar efnahagsreikningurinn við það um 37 milljarða. „Við erum að vinna að endurskoðun uppgjörs," segir hún.

Eigið fé Íslandsbanka hljóðar upp á 65 milljarða króna og nemur eiginfjárhlutfall í tólf prósentum. Árni bendir á að vísbendingar gefi til kynna að eiginfjárhlutfallið kunni að verða umfram sextán prósent. „Það er ein af ástæðum þess að við stígum þessi skref," segir hann. Lögbundið lágmark eiginfjárhlutfalls fjármálafyrirtækja er átta prósent.

Enn liggur ekki fyrir hverjir eiginlegir eigendur Íslandsbanka eru. Árni áréttaði að það kæmi ekki í ljós fyrr en allar kröfur í bú Glitnis hefðu skilað sér í enda næsta mánaðar. „Við teljum okkur vita að kröfuhafar eru erlendar fjármálastofnanir, innlendir aðilar og lífeyrissjóðir," segir hann. Líkt og áður hefur komið fram hefur nokkur hreyfing verið á kröfum Íslandsbanka og er ekki útilokað að vogunarsjóðir verði þar á meðal.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri bankans fyrr en seint á næsta ári. Kröfuhafar munu þó skipta út bankaráðinu á næstu vikum og fá fjóra af fimm mönnum inn. Það er óskipað en gert er ráð fyrir að tveir bankaráðsmanna verði erlendir með reynslu á sviði bankamála og tveir íslenskir. Ríkið tilnefnir einn í krafti fimm prósenta eignahlutar. „Það er ekki auðvelt að finna hæfa erlenda bankastjórnendur. Menn bíða ekki beint í röðum eftir því að koma hingað enda getum við ekki boðið laun á við þau sem bjóðast erlendis," segir Árni.

jonab@frettabladid.is

FRÁ BLAÐAMANNAFUNDINUM Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sýndi þeim Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra og Árna Tómassyni, formanni skilanefndar, hvar ákvörðun kröfuhafa yrði kynnt í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍSLANDSBANKI VERÐUR SELDUR

Bandarískir fjárfestar hafa sýnt áhuga á kaupum í Íslandsbanka. Þetta vill Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, þó ekki staðfesta. Hann segir kröfuhafa ekki ætla að eiga Íslandsbanka lengi. „Á meðan aðstæður eru enn mjög óljósar munum við fara okkur hægt. En það er markmiðið að selja eignina eftir ekki mjög langan tíma.

Við erum að tala um nokkur ár," segir hann án þess að fara nánar út í tímasetningar. „Við erum farnir að fá fyrirspurnir sem sýnir áhuga á bankanum. Það er mun fyrr en ég átti von á."

Loftslagsbarátta Sádi-Araba:

Vilja fá bætur fyrir tekjutap

ÍTALÍA, AP Ráðamenn í Sádi-Arabíu vilja fá bætur frá auðugum ríkjum ef þau draga úr olíukaupum til þess að hægja á hlýnun jarðar. Þeir reyna nú að fá önnur olíuframleiðsluríki í lið með sér til að ná þessu fram.

ALI AL-NAIMI

Samninganefnd Sádi-Arabíu hefur árum saman barist fyrir þessu í loftslagssamningaviðræðum Sameinuðu þjóðanna, án árangurs þó. Bandaríska dagblaðið New York Times segir að Sádi-Arabar ætli að leggja alla áherslu á að ná þessu baráttumáli sínu fram á næstu loftslagsráðstefnu, sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember.

- gb

EURES
EURopean Employment Services
www.eures.is

VINNUMÁLA STOFNUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Viltu starfa í Evrópu?

Evrópsk starfakynning í Ráðhúsi Reykjavíkur 16. & 17. október 2009

Vinnumálastofnun og EURES standa fyrir evrópskri starfakynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur
föstudaginn 16. október frá kl. 17:00 til 20:00
og laugardaginn 17. október frá kl. 12:00 til 18:00.

EURES ráðgjafar frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Belgíu, Austurríki, Þýskalandi, Bretlandi og Póllandi kynna atvinnutækifæri og veita ráðgjöf varðandi atvinnuleit í sínum löndum.

Einnig verða á staðnum fulltrúar frá ráðningarþjónustu
fyrir heilbrigðisgeirann, byggingafyrirtækjum
og hótelum í Noregi að kynna laus störf
og taka á móti umsóknum.

VINNUMÁLASTOFNUN / EURES
Borgartúni 7b - 105 Reykjavík - Sími 554 7600 - **eures@vmst.is**

Stjórnarandstæðingar:

Ráðherra afturkalli ákvörðun

ALÞINGI Þingmenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks skora á umhverfisráðherra að afturkalla ákvörðun sína um að fela Skipulagsstofnun að úrskurða að nýju um hvort fram skuli fara sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu.

Hafa þeir lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis. Í greinargerð segir að ákvörðun ráðherra sé til þess fallin að tefla mikilvægri atvinnuuppbyggingu í tvísýnu.

Allir þingmenn beggja flokka standa að ályktuninni, fyrir utan Guðmund Steingrímsson, Framsóknarflokki. **- bþs**

Hafró kemur að rannsóknum og ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins:

Nytjastofnarnir eru ágætlega settir

SJÁVARÚTVEGUR Nýlokið er fundi ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins þar sem fjallað var um ástand nokkurra nytjastofna í Norðaustur-Atlantshafi og tillögur um nýtingu þeirra. Meðal þeirra eru norsk-íslensk vorgotssíld, kolmunni og makríll en þar sem veiðar úr þessum stofnum eru alþjóðlegar hefur Hafrannsóknastofnunin komið að mati á stærð og veiðiþoli þessara stofna með virkri þátttöku í vinnunefndum og ráðgjafarnefnd ráðsins og stofnunin þannig komið að mótun ráðgjafarinnar.

Stærð hrygningarstofns norsk-íslensku síldarinnar árið 2009 er metin á um þrettán milljónir tonna, sem er um milljón tonna aukning miðað við undanfarin þrjú ár. Alþjóðahafrannsóknaráðið telur að stofninn sé nýttur á sjálfbæran hátt. Samkvæmt tillögu ráðsins verður aflamarkið 1,5 milljónir tonna árið 2010.

Kolmunnastofninn fer minnkandi og síðustu árgangar eru metnir nálægt sögulegu lágmarki. Þetta kemur niður á afla en tillaga er gerð um aflamark sem nemur 540 þúsund tonnum árið 2010.

Hrygningarstofn makríls er metinn 2,6 milljónir tonna. Gert er ráð fyrir að aflinn á árinu 2009 verði rúm 800 þúsund tonn, þar af afli Íslendinga 112 þúsund tonn. Ráðið leggur til að heildaraflinn á árinu 2010 verði á bilinu 527-572 þúsund tonn. **- shá**

Á KOLMUNNAVEIÐUM Þrír af helstu nytjastofnum Íslendinga eru ágætlega settir samkvæmt rannsóknum að dæma.
NORDICPHOTOS/AFP

SKRÁNING Áhugasamir skrá sig í hjálparstarf í Vík í Mýrdal fyrir nokkrum árum. Þeir sem vilja skrá sig í núverandi átak geta gert það á heimasíðu Rauða krossins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rauði kross Íslands:

Óskar eftir sjálfboðaliðum

HJÁLPARSTARF **Rauði kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til að vera nokkurs konar varalið í viðbrögðum félagsins við neyð. Leitað er eftir fólki með fjölbreyttan bakgrunn og ýmisleg störf geta beðið sjálfboðaliðanna, svo sem símsvörun, túlkun, barnapössun, matreiðsla og sálrænn stuðningur.**

Rauði krossinn stendur nú fyrir átakinu Ertu til í neyð? til að fá fleiri til að taka þátt í þessari starfsemi. Þar á bæ telja menn þetta kjörið fyrir fólk sem ekki hefur tíma til að binda sig í einstökum verkefnum Rauða krossins, en vilji nýta reynslu sína og þekkingu þegar mikið liggur við. - kóp

KANNABISPLÖNTUR Plönturnar voru á mismunandi stigum ræktunar.

Lögreglan á Suðurnesjum:

Var með 130 kannabisplöntur

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum fann 130 kannabisplöntur á mismunandi stigum ræktunar við húsleit í byrjun vikunnar.

Í upphafi máls stöðvaði lögregla ökumann í Reykjanesbæ vegna gruns um að hann æki undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Um fimm grömm af kannabisefnum fundust við leit í bifreiðinni. Við húsleit heima hjá ökumanninum, sem búsettur er á Suðurnesjum, fundust svo kannabisplönturnar, 156 grömm af tilbúnu kannabisefni, svo og tæki og tól til ræktunar og áhöld til fíkniefnanotkunar. **- jss**

Orkuveita Reykjavíkur

Málþing á 100 ára afmæli vatnsveitu í Reykjavík

Í tilefni af 100 ára afmæli vatnsveitu í Reykjavík heldur Orkuveita Reykjavíkur málþing að Bæjarhálsi 1, föstudaginn 16. október kl. 13:00 – 17:00.

Dagskrá
- Ávarp
  Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur
- Upphaf vatnsveitu í Reykjavík
  Stefán Pálsson, sagnfræðingur
- Heilsufarslegur ávinningur af öruggu neysluvatni
  Haraldur Briem, sóttvarnalæknir
- Vatn – lífsins drykkur
  Hólmfríður Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri tannverndar hjá Lýðheilsustofnun

Kaffihlé

- Innra eftirlit til að tryggja gæði neysluvatns – frumkvöðlastarf á heimsvísu
  Loftur R. Gissurarson, gæðastjóri Orkuveitu Reykjavíkur
- Vatnsvernd og vatnatilskipunin
  Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri í Umhverfisráðuneytinu
- Framtíðarsýn vatnsveitu – hvert skal halda og að hverju ber að hyggja?
  Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur
- Afhending bókanna um sögu Vatnsveitu, Hitaveitu og Rafmagnsveitu Reykjavíkur
  Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri veitir bókunum viðtöku
- Hjörleifur B. Kvaran opnar sýninguna „Vatnaskil, dropar úr sögu Vatnsveitunnar í 100 ár“ í Gallerý 100°

Fundarstjóri: Katrín Fjeldsted læknir

1909 2009 Vatnsveita í 100 ár

Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

ÍSLENSKA/SÍA.IS/ORK 47454 10.09

• Á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur **www.or.is** er ítarlegt fræðslu- og upplýsingaefni sem vert er að skoða.

www.or.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nýtt kort

1998

ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR **1998 kr.kg.**

1598

BÓNUS FERSKAR KJÚLINGABRINGUR **1598 kr.kg.**

698

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
698 kr.kg.

1998

KS FERSKT LAMBAPRIME **1998 kr.kg**

2998

KS FERSKT LAMBAFILLET **2998 kr.kg**

974

K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 35% AFSLÁTTUR **974 kr.kg.**

1189

KS FERSKT LAMBALÆRI
HAUSTSLÁTRUN 2009
1189 kr.kg.

259

PAMPERS BLAUTÞURRKUR 2 teg 72

98

ILMKERTI Í ÁLB
BRUNATÍMI
VANILLA, BLUBERRY, CHERRY, A

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

atímabil

25% AFSLÁTTUR

OS HEIMILISOSTUR 25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1186 KR.KG. **890 kr.kg.**

598

KJÖRFUGL HEILL FERSKUR
598 kr.kg.

189

MYLLU HEIMILSBRAUÐ 770G **189 kr.**

185
ca 185 kr. keppurinn

168
ca 168 kr. keppurinn

SS FROSIÐ SLÁTUR NÚ MEÐ *40% AFSLÆTTI*
LIFRARPYLSA 461 kr.kg. *ca 185 kr. keppurinn*
BLÓÐMÖR 419 kr.kg. *ca 168 kr. keppurinn*

2 stk **259 kr.**

259

JOHNSON´S
BARNASJAMPÓ 300ml
259 kr.

298

GREAT TEXAS PIZZUR 360g *OSTUR & PEPPERONI* **298 kr.**

BOXI 98.kr.stk
: 7-8 KLST.
PPLE, APPLE CINNAMON, LEMON

398

KELLOGGS K-BAR ORGINAL 6 PK
398 kr.

698
698 kr. 8 ltr.

COKE TILBOÐ 4 FL. x 2 LTR.= 8 LTR. **698 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30

NASISTAKVEÐJA GARÐÁLFANNA Þessir garðálfar eru hluti af listaverkinu „Dansað við djöfulinn“ sem þýski listamaðurinn Ottmar Hörl setti upp á torgi í bænum Straubing í sunnanverðu Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Styrkir Reykjavíkurborgar til nýsköpunar í ferðaþjónustu:

Styrkja baðmenningu í höfuðborginni

FERÐAÞJÓNUSTA Samtökin Vatnavinir ætla sér að þróa áfram hugmyndir um fjölbreyttari baðmenningu í Reykjavík og styrkja ímynd Reykjavíkur sem heilsuborg.

Vatnavinir eru meðal þeirra sem í sumar fengu styrki frá Reykjavíkurborg til nýsköpunar í ferðaþjónustu. Alls voru styrkir veittir til átta verkefna, sem samanlagt fengu sjö milljónir króna frá borginni. Á sjöunda tug hugmynda bárust. Hæsti styrkurinn fór til Vatnavina. Þeir vilja leggja áherslu á náttúruupplifun innan borgarmarkanna og sjá fyrir sér frekari tengingu við uppbyggingu útivistarsvæða. Viðskipti erlendra ferðamanna eru drifkraftur í fjölmörgum þáttum atvinnulífs í borginni, ásamt því að eiga sinn þátt í vexti og viðgangi íslenskrar hönnunar. - gb

STYRKÞEGARNIR Alls voru veittar sjö milljónir króna til nýsköpunar í ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STYRKIR REYKJAVÍKURBORGAR

- **Vatnavinir - Tvær milljónir** til að þróa áfram hugmyndir um fjölbreyttari baðmenningu í Reykjavík
- **Þórdís Ágústsdóttir - Ein milljón** til að vinna að 10-14 daga ljósmyndahátíð atvinnu- og áhugaljósmyndara í Reykjavík
- **Náttúran.is - Ein milljón** til að hanna og þróa Reykjavíkurvefkort sem dregur sérstaklega fram græna kosti í borginni
- **Inga Jessen - Fjögur hundruð þúsund** til að hanna og viðhalda vefsíðunni Freecitytravel.com til upplýsingar ferðamönnum um ókeypis afþreyingu í borginni
- **Sigurður Hall - Átta hundruð þúsund** til að koma upp og viðhalda íslenskri sælkerasíðu tengdri Food and Fun-hátíðinni
- **Valgeir Guðjónsson - Fjögur hundruð þúsund** til að setja á svið sýninguna Iceland in Reverse: A musical journey from present Iceland to the past
- **Hönnunarmiðstöð Íslands - Ein milljón** til að efna til samkeppni um Reykjavíkurminjagrip

LITLA-HRAUN Konan reyndi að smygla umtalsverðu magni fíkniefna inn í fangelsið.

Kona á þrítugsaldri:

Með amfetamín innvortis

DÓMSMÁL Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa reynt að smygla tæplega 33 grömmum af amfetamíni og sjö óþekktum lyfjatöflum innvortis inn í fangelsið á Litla-Hrauni.

Efnin fundust með hjálp fíkniefnahunds. Konan játaði brot sitt greiðlega. Með tilliti til þess og að hún hafði ekki hlotið refsingu frá því í febrúar 2006 jafnframt því að hún vann í því að koma lífi sínu til betri vegar, auk þess sem hún var barnshafandi þótti dóminum rétt að skilorðsbinda refsinguna. - jss

Síbrotamaður dæmdur:

Rauf skilorð með þjófnaði

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær Ólaf Pétur Pétursson til tveggja og hálfs árs fangelsisvistar fyrir átta þjófnaðarbrot. Með þeim rauf Ólafur skilorð vegna fjölmargra hegningarlagabrota og var sá dómur tekinn upp og refsingu fyrir nýrri brot bætt við.

Ólafur hafði hlotið níu dóma fyrir dóm Hæstaréttar í gær, þar af verið dæmdur sjö sinnum til fangelsisrefsingar fyrir auðgunarbrot. Meðal þeirra átta brota sem hann var dæmdur fyrir nú voru innbrot í hesthús og þjófnaður úr verslunum. Hann játaði brot sín skýlaust. - bj

Lifrarsamlagið í Eyjum gjöreyðilagðist í eldsvoða

Enginn slasaðist í stórbruna í Lifrarsamlagi Vestmannaeyja í gærmorgun. Árin 2002 til 2006 var kveikt fimm sinum í húsnæði Lifrarsamlagsins. Ekki er vitað hvort um íkveikju var að ræða nú.

LÖGREGLA Íbúar næsta húss við Lifrarsamlag Vestmannaeyja sem brann í gær þurftu að flýja hús sitt vegna eldsins. Einungis þrír metrar eru á milli húsanna þar sem styst er á milli þeirra.

Slökkvilið Vestmannaeyja fékk boð um eld í Lifrarsamlaginu klukkan fjögur aðfaranótt fimmtudagsins. Mikinn reyk lagði þá frá húsinu og fljótlega blossaði upp mikill eldur.

Slökkviliði og lögreglu bárust tvær tilkynningar um eldinn. Önnur kom frá nágrönnum í næsta húsi við fyrirtækið og hin úr bát við höfnina þar sem reykjarlyktar hafði orðið vart. Mestur varð eldurinn í húsinu þar sem unnið hefur verið við kaldhreinsun á lýsi, en í því var mikill eldsmatur.

Slökkvilið Vestmannaeyja naut aðstoðar slökkviliðs Flugstoða á Vestmannaeyjaflugvelli við slökkvistarfið og við að verja húsið næst brunanum.

Að sögn lögreglu eru eldsupptök ókunn og verður fyrst farið í að rannsaka þau í dag. Lokið var við að slökkva í síðustu glæðum um klukkan átta í gærmorgun. „Það er enn verið að tryggja vettvanginn,“ sagði Tryggvi Ólafsson lögreglufulltrúi um miðjan dag í gær. Hann segir að í stórbrunum sem þessum njóti lögreglan aðstoðar tæknideildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins við rannsókn á eldsupptökunum. Hann segir þó að svo virðist sem eldurinn hafi komið upp á verkstæði og borist þaðan um bygginguna. Þá hafi ekki verið að sjá merki um innbrot á staðnum þegar fyrstu menn bar að.

> Ég hafði verið að poppa og hélt fyrst að ég hefði brennt poppið. Ég kíkti út og sá þá reykjarmökkinn koma upp úr þakinu hjá Lifró.
>
> **ALMA EÐVALDSDÓTTIR**
> ÍBÚI Á FLÖTUM 10

Nokkrum sinnum hefur verið byggt við húsið, en eldurinn endaði í elsta hluta þess sem byggður var árið 1932.

Alma Eðvaldsdóttir, sem búsett er á Flötum 10, næsta húsi við Lifrarsamlagið, segist enn hafa verið vakandi þegar hún varð vör við reykjarlykt laust fyrir klukkan fjögur um nóttina. „Ég hafði verið að poppa og hélt fyrst að ég hefði brennt poppið,“ segir hún. Síðan varð henni litið út um glugga og sá ekki nema hvítt og þótti grunsamlegt í snjóleysinu. „Ég kíkti út og sá þá reykjarmökkinn koma upp úr þakinu hjá Lifró, en húsið er bara í bakgarðinum hjá okkur.“ Alma stökk þá til og hringdi í Neyðarlínu og lét vita. Að því loknu vakti hún eiginmanninn, en húsið var þá að fyllast af reyk. „Við komum bara hóstandi út,“ sagði hún. Alma segir von á fulltrúum tryggingafélags þeirra til að meta skemmdir, en þær séu töluverðar vegna reyks, þótt forða hafi mátt því að sót bærist inn. „En við erum bara flutt til mömmu og pabba á meðan, því það er ekki verandi í húsinu vegna ólyktar.“

olikr@frettabladid.is

LIFRARSAMLAGIÐ BRENNUR Lögreglan segir eldinn hafa komið upp í verksmiðju og borist þaðan um húsið. Vakt var yfir rústunum í gær. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Eldsvoðar óupplýstir í Eyjum

Allmargar íkveikjur eru óupplýstar í Vestmannaeyjum. Frá aldamótum er talið að tólf slíkar hafi átt sér stað.

Árin 2002 til 2006 var kveikt fimm sinnum í húsnæði Lifrarsamlagsins, sem brann til kaldra kola í gærmorgun, ávallt í lok árs.

Síðasta mál fyrir brunann í Lifrarsamlaginu gær er líkast til íkveikja í Fiskiðjunni um miðjan desember 2007.

Enn samdráttur í smásölu í september segir Rannsóknarsetur verslunarinnar:

Minna áfengi selt en í fyrrahaust

VIÐSKIPTI Velta í dagvöruverslun dróst saman um 4,3 prósent á föstu verðlagi milli mánaða í september, samkvæmt mælingu Rannsóknarseturs verslunarinnar. Verð á dagvöru hækkaði um 18,4 prósent á undanliðnum tólf mánuðum.

Þá minnkaði sala áfengis um 11,5 prósent miðað við september 2008 á föstu verðlagi, en jókst um 20,3 prósent á breytilegu verðlagi. „Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum nam samdráttur í veltu áfengis í september fjórtán prósentum frá sama mánuði í fyrra.“ Áfengi var 36 prósentum dýrara í september en í sama mánuði í fyrra.

Þá kemur fram að verð á fatnaði hafi hækkað um 24 prósent milli ára, en velta dregist saman um rúm 17,6 prósent frá fyrra mánuði og um 0,3 prósent frá fyrra ári, mælt á föstu verðlagi. Svipaða sögu er að segja af skófatnaði.

„Töluverður samdráttur er enn í raunveltu smásöluverslunar á milli ára sem kemur sérstaklega fram í minni kaupum á dýrum og varanlegum vörutegundum,“ segir í smásöluvísitölumælingu Rannsóknarsetursins. „Ekki þarf að fjölyrða um ástæður samdráttar í einkaneyslu og um leið veltu verslunar.

VÍNBÚÐIN KRINGLUNNI Þótt áfengi hafi selst fyrir tuttugu prósent hærri upphæð í september en á sama tíma í fyrra, er fjórtán prósenta samdráttur þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðabundnum þáttum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

En samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar var kaupmáttur launa 7,8% prósentum minni í ágúst síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra.“ - óká

ÍBÚAR ÍSLANDS:

Innan skamms ætlum við heimsækja ykkur. Bráðlega munið þið kynnast okkur. Við getum aðeins sagt að við erum hundrað manns sem langar að heimsækja allt landið og ætlum að halda mikinn fagnað með ykkur næsta miðvikudag, 21. október. Fljótlega heyrið þið meira frá okkur.

FRÉTTASKÝRING: Ísland og Færeyjar, kreppur og framtíð

ANNAR HLUTI AF FJÓRUM

Flóttamennirnir huldu þjóðernið

Ein afdrifaríkasta afleiðing kreppunnar í Færeyjum var fólksflóttinn mikli. Margt ungmennið hvarf úr landi og sneri ekki aftur. Íslenska kreppan er um margt sambærileg við þá færeysku. Færeyingar létu til dæmis viðvaranir útlendinga fram hjá sér fara og gerðu lítið úr þeim.

NÓLSEY Hér skammt undan Þórshöfn er fjöldi tómra húsa, sem einungis er búið í á sumrin. Þá snúa brottfluttir Nólsarar heim, hvort sem er frá Danmörku eða úr höfuðstaðnum. Í Nólsey eru skráðir 248 íbúar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÓLMFRÍÐUR

Um leið og kreppan dýpkaði og atvinnuleysi jókst byrjuðu Færeyingar að streyma úr landi. Atvinnuleysið fór hæst í 25 prósent árið 1994, en var komið niður í sjö prósent 1998. Landsstjórnin rakti síðar hið mikla atvinnuleysi á krepputímanum til þess að Færeyingar neyddust til að minnka opinber útgjöld í miðjum samdrættinum.

Landsstjórnin gat ekki fellt gengi dönsku krónunnar til að stuðla að útflutningi, en hún þurfti þess heldur ekki. Þjóðin var svo lánsöm að fiskverð fór stighækkandi í heiminum næstu ár. Hátt í 95 prósent af útflutningi Færeyinga er fiskur og þeir unnu sig því hraðar úr kreppunni en á horfðist.

Þegar utanríkisráðherra Færeyja, Jørgen Niclasen, er spurður um líkindi með kreppunum hér og þar, segir hann fyrst:

„Færeyingar fengu lánaða allt of mikla peninga og stjórnmálamenn og atvinnurekendur voru gerendur í því. Kreppan kom í gegnum bankana. Í báðum löndum var skuld þjóðanna gífurleg. Það má segja að atvinnulífið hafi tekið ákvörðun um að steypa okkur í skuldir. En vegna gjaldmiðilsins hafa erlendar skuldir Íslands margfaldast um leið og útflutningur lækkaði í verði."

Skattgreiðendur fengu bankana

Þó er mikill munur á aðstöðu landanna. Færeyskt hagkerfi var til að mynda mun einhæfara og smærra árið 1992 en það íslenska var 2008. Færeyingar voru og eru með sterkan gjaldmiðil og gátu leitað til Dana um aðstoð. Færeyjabanki var í danskri eigu og Danir reiddu af hendi mikið fé til aðstoðar bönkunum á fyrsta ári kreppunnar. Þessar aðgerðir munu fyrst og fremst hafa miðast að því að bjarga dönskum hagsmunum. Hefðu bankarnir farið á hausinn hefði innlánatrygging þeirra getað kostað um 2,5 milljónir á þáverði fyrir hvern sparifjáreiganda. Danska aðstoðin var í formi láns til landsstjórnarinnar og Danir töpuðu fyrstu árin um þremur milljörðum í stað þriggja tuga, hefði bönkunum ekki verið bjargað. Síðan hefur eitthvað verið samið um eftirstöðvar danska lánsins.

„Við þurftum að fara inn í bankana og bjarga þeim og sáum það þannig að við ættum engra kosta völ, þótt auðvitað séu alltaf einhverjir valkostir," segir Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja. Landsstjórnin á enn þriðjung í Færeyjabanka. Eins og kom fram í blaðinu í gær ríkir ekki sátt um þessar aðgerðir Dana.

Svipuð viðbrögð eyjarskeggja

Erlendir sérfræðingar höfðu varað Íslendinga við yfirvofandi hættu, en þeir voru afgreiddir sem öfundsjúklingar, sem ætti að endurmennta.

Áður en tilkynnt var um andlát Sjóvinnubankans, 6. október 1992 hafði nefnd danskra sérfræðinga, sem færeyskir fjölmiðlar kölluðu barlómsnefnd, varað við yfirvofandi hættu árum saman. Uppnefnið segir meira en mörg orð um hvernig þeim viðvörunum var tekið. Svo þegar kreppurnar skullu á kepptust jafnt færeyskir og íslenskir pólitíkusar við að segja að kreppan væri alþjóðleg og þeirra þjóð óheppin. Í báðum löndum komu síðan erlendir sérfræðingar að málum eftir hrun, í líki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á hvorugum staðnum vann hann sér inn miklar vinsældir.

Margt fleira má færa til bókar, en ekki síst að í báðum kreppunum lenti skellurinn á almenningi.

Í færeysku kreppunni blasti við gjaldþrot mörg þúsund heimila. Bankakerfið hafði ekki einskorðað sig við að lána til sjávarútvegsfyrirtækja. Í október 1993 var ákveðið að lækka fasteignamat alls húsnæðis í Færeyjum um 50 til 75 prósent. Færeyskir skuldarar súpa enn seyðið af hruni sínu og enn er rætt um það í Færeyjum hvernig eigi að taka á vanda þeirra sem skulda vegna íbúðarkaupa fyrir bankahrunið, þótt húsnæðið hafi síðar verið tekið af þeim.

„Eitt sem við lærðum í kreppunni er að lán eru bara góð þegar þú færð peninginn í hendurnar, en ekki þegar þú þarft að borga til baka," segir Jørgen Niclasen. „Við lærðum að vera íhaldssöm og varkár og trúa á okkur sjálf og segja að víst getum við bjargað okkur! Þetta var það mikilvægasta sem við lærðum."

Bankahrun þjóðanna má einnig rekja til reynsluleysis af frjálsri för peninga. Eftir að dönsk fjármagnsfélög fóru á færeyskan markað 1985, fylltust bankarnir af peningum, laun hækkuðu og erlent vinnuafl var flutt inn. Síðar námu erlendar skuldir Færeyinga allt að 165 prósentum af landsframleiðslu.

Breytt viðhorf útlendinga

Eftir hrun fundu Færeyingar fyrir breyttu viðhorfi útlendinga. Í bókinni Hlutskipti Færeyja rekur Eðvarð T. Jónsson frásögn færeysks háskólanema í Danmörku: „[Danir] hafa alltaf séð eyjarnar í rómantískum hillingum og litið á okkur sem óspillt náttúrubörn." Eftir færeyska hrunið breyttist þetta: „Skyndilega vorum við spilltir, ábyrgðarlausir og illa innrættir." Síðan byrjuðu sumir Færeyingar í Danmörku að leyna þjóðerninu og þóttust vera Íslendingar.

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

Tuttugu kílómetra jarðgöng á leiðinni

- Færeyjar eru númer 178 á lista Wikipediu yfir stærstu lönd í heimi (1.393 ferkílómetrar). Ísland er númer 107 (103.000 ferkílómetrar).
- Þórshöfn liggur á 62. breiddargráðu norður, en Reykjavík á 64,08.
- Í Færeyjum eru fjórtán jarðgöng og þau lengstu eru 6,3 kílómetra löng. Minnst fimm jarðgöng til viðbótar hafa verið til umræðu, ein þeirra eru tuttugu kílómetra löng.
- Á Norðurlöndunum er minnst um sjálfsvíg, fóstureyðingar og hjónaskilnaði í Færeyjum.

ÞAÐ ÞARF BARA AÐ BERJAST!

Óli Johansen og **Óli Gord** eru með fyrirtækið Eldborg-Fisk. Þeir kaupa hráefnið á fiskmarkaði, verka það og frysta og selja svo til gangandi vegafarenda á Þinghúsvegi í Þórshöfn. Salan gekk vel þegar blaðamaður hitti þá. Þeir Ólar segja fyrst frá því að þeir bjuggu báðir á Íslandi á sjöunda áratugnum og byrjun þess áttunda, í Ólafsvík og Vestmannaeyjum. Þeir biðja kærlega að heilsa fólkinu þar.

Óli og Óli eru ekki í vafa um að ástandið á Íslandi lagist. „Tekjurnar koma aftur," segja þeir huggandi. Þetta batnar.

„Það var erfitt á sínum tíma hér í kreppunni, við fórum á hausinn. En þá gat fólkið bara farið í burt og fengið vinnu annars staðar. Nú er krísan hins vegar úti um allt og erfiðara að fá vinnu í útlöndum. Eru margir að fara frá Íslandi núna? Segðu mér, hvernig líður fólkinu?" spyr Óli Johansen. Gömul kona, sem var að þreifa á vöru Ólanna, tekur undir og segir: „Já, þetta lagast allt. Það þarf bara að berjast með höndum og fótum!"

Finnbogi Jacobsen Nólsoy var á gangi skammt frá Þinghúsvegi. Hann segir ólíklegt að kreppan á Íslandi verði löng. „Ísland er gott land og á fullt af peningum, það vantar ekki," segir hann.

FÁIR EFTIR Á ÞRÍTUGSALDRI

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Danmerkur bjuggu 22.549 Færeyingar í Danmörku árið 2006. Þar af voru 7.737 fyrstu kynslóðar innflytjendur, 8.999 annarrar kynslóðar og 5.813 af þeirri þriðju. Ríflega tólf þúsund voru konur en tæplega 10.500 karlar. Þá bjuggu 48.219 í Færeyjum.

Um 66 prósent færeyskra menntaskóla- og háskólanemenda fara til Danmerkur að læra og að loknu námi koma um einungis um 45 prósent aftur til Færeyja. Fleiri snúa heim eftir því sem árin líða og eftir tíu ára dvöl erlendis koma til dæmis hátt í 65 prósent aftur.

„Nú er svo komið að við höfum afar fátt fólk á þrítugsaldri á eyjunum nema á sumrin, þá kemur það í sumarfrí og á útihátíðirnar," segir **Holger Arnbjerg** á Alþjóðaskrifstofu Fróðskaparsetursins.

Skrifstofan hvetur þó nema til að fara utan til náms, enda læri þeir meira á því en mörgu öðru.

FÆREYINGUM FJÖLGAR AFTUR



Um mitt árið bjuggu yfir 49 þúsund manneskjur í Færeyjum og höfðu aldrei verið fleiri, samkvæmt Hagstofu Færeyja. Í september, þegar háskólanemar voru farnir út til náms, lækkaði talan aftur. Hagstofan býst við því að Færeyingar nái aftur yfir 49 þúsunda múrinn á næsta ári.

HÚSLEITIR OG HANDTÖKUR

Í Færeyjum var reynt að gera upp málin þegar kreppan var skollin á. Í einu málinu réðst lögreglan til dæmis inn í yfir tvö hundruð skrifstofur og heimili í Færeyjum, en einnig í Danmörku og jafnvel á Grænlandi. Margir voru handteknir og yfirheyrðir og þótti lögreglan beita mikilli hörku.

Rannsóknin snerist um fjársvikamál, en mörg fyrirtæki höfðu farið leynt með raunverulega eiginfjárstöðu sína þegar þau tóku lán.

Margir sögðu þó ekki nóg að gert. Stjórnmálamennirnir eru taldir hafa sloppið allt of létt.

Í sumar fjallaði einn leiðari Oyggjatíðinda (Eyjatíðinda) til að mynda um Evu Joly og íslensku rannsóknirnar á hruninu. Þar sagði að Íslendingar ættu eftir að fá uppgjörið sem Færeyingar aldrei fengu. Aðkoma frú Joly væri til marks um það. Hún gæfi Íslendingum vonina.

KREPPAN VAR DÝR KENNSLUSTUND

„Ég trúi því að það séu nokkur hörð ár fram undan fyrir Íslendinga. Fyrstu árin verða ótrúlega erfið," segir **Kári P. Højgaard**, formaður færeyska Sjálfstjórnarflokksins sem er stjórnarandstöðuflokkur.

„Í okkar kreppu þurfti almenningur líka að taka yfir einkaskuldir, en svo komum við sterkari út úr þessu. Áður var atvinnulífið skuldsett um of, en skuldirnar voru afskrifaðar og rekstrarkostnaður minnkaði. Svo tók þetta við sér, en það var dýr kennslustund," segir hann.

Raunar sé atvinnulífið nú skuldsett að nýju, enda hafi íslensk og norsk fyrirtæki keypt sig inn í sjávarútveginn á síðustu árum og greitt ofur-upphæðir fyrir skip sem geti ekki borgað sig, en það er önnur saga.

Um hví enginn stjórnarandstæðingur hafi mótmælt krepplúninu til Íslands, segir hann: „Það er sérstakt vinarband milli þjóðanna. Við höfum unnið hundruðum saman á Íslandi í gegnum tíðina og hvert sem maður fer á Íslandi er vel tekið á móti manni."

HELVÍTIS FOKKING FOKKTÓBER

„Eg eri komin yvir 6. oktober í 1992. Fokktober." - Hljómsveitin **200**, af plötunni Stokkhólmssyndromið, sem kom út í ár.

Margir miða mestu fjármálaörðugleika Íslendinga og Færeyinga síðustu áratuga við 6. október.

Þann dag árið 2008 voru sett neyðarlög á Íslandi en sextán árum fyrr, stuttu eftir miðnætti, funduðu færeysk yfirvöld fyrst með þeim dönsku vegna yfirvofandi þrots Sjóvinnubankans.

BÆKUR Á TILBOÐSVERÐI Í OFFICE 1

Stúlkan sem lék sér að eldinum
Fullt verð ~~5.480 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
3.995 kr.

Verð Eymundsson skv. heimasíðu 5.480 kr.

Karlar sem hata konur - kilja
Fullt verð ~~2.490 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
1.990 kr.

PIPAR • SÍA • 91509

Ég ætla að spara í ár!

Office 1

skoðun

greinar@frettabladid.is

Þrír stuttir mánuðir í löngu samhengi:

Í lagi að bíða eftir vönduðu verki

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Auðvitað er frestun rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið ákveðin vonbrigði. Miklar vonir eru bundnar við það að niðurstöður nefndarinnar varpi ljósi á þá rás atburða sem leiddu til falls bankanna og efnahagshruns á Íslandi. Engan þarf þó að undra að rannsóknarefnið hafi reynst viðameira og flóknara en ráð var fyrir gert.

Formaður nefndarinnar hefur lýst því yfir að þær fréttir sem skýrslan muni flytja verði trúlega verri en þjóðin átti von á og nú er orðið ljóst að þessara vondu frétta verður að bíða enn um sinn.

Meginmáli skiptir að skýrsla nefndarinnar verði eins upplýsandi og kostur er. Með því að varpa ljósi á atburðina og leita skýringa á þeim er von til þess að hægt verði að vinna á þeirri tortryggni sem vissulega hefur búið um sig í íslensku samfélagi í kjölfar hrunsins.

Í framhaldinu taka svo væntanlega við enn umfangsmeiri rannsóknir á einhverjum þáttum sem skýrslan tekur til hjá sérstökum saksóknara.

Hrun íslenska efnahagskerfisins haustið 2008 verður áreiðanlega rannsóknarefni um mörg ókomin ár, bæði hjá efnahagsbrotadeildum og fræðimönnum. Þær rannsóknir munu vonandi skila svo mikilli þekkingu að algert hrun eins og það sem átti sér stað í fyrra verði ekki aftur.

Margir hafa orðið til þess að gagnrýna Evu Joly og hennar aðkomu að rannsóknum á efnahagsbrotum hér á landi. Einkum hefur henni verið legið á hálsi fyrir að vera í pólitískum leiðangri og að gefa sér að glæpir hafi verið framdir.

Ekki er að spyrja að meðvirkni íslensku þjóðarinnar. Auðvitað vildum við helst geta kennt regluverki um allt saman, og allra helst evrópsku regluverki til að ýta hlutunum enn lengra frá okkur. Íslenskt samfélag er lítið. Þeir sem líklega brutu lög eru frændur, kunningjar eða gamlar skólasystur okkar margra. Við viljum helst ekki trúa því að siðrof hafi orðið hjá þessu ágæta fólki eða að það hafi vitandi vits gengið á svig við lög.

Það er eðlilegt í svona litlu samfélagi og sýnir vel mikilvægi þess að sérstakur saksóknari hafi áfram Evu Joly sér til ráðgjafar, að samvinnan við Bretana hjá Serious Fraud Office verði áfram góð og gjöful og að jafnvel verði efnt til frekari samvinnu við erlenda rannsóknaraðila, ef talið er að það komi að gagni við að upplýsa það sem gerðist, ekki bara vegna þess að fjármálagjörningarnir teygja sig svo víða heldur einnig til að líta yfir öxlina á okkur hér í litla samfélaginu sem veljum stundum afneitun fram yfir óþægilegar staðreyndir,

Fram hefur komið að rannsóknir á efnahagsbrotum taka iðulega mörg ár, jafnvel á annan áratug. Það er því ljóst að við munum þurfa að bíða, fyrst eftir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fram yfir áramót og í framhaldinu í nokkur, og kannski mörg, ár eftir niðurstöðu efnahagsbrotarannsókna og í kjölfarið væntanlega meðferð dómstóla. Þrír mánuðir eru ekki langur tími í því samhengi öllu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að spara stóru orðin

Formaður Framsóknarflokksins er orðvar maður. Það sannaðist enn eina ferðina í umræðum á Alþingi í gær, þegar rætt var um strandhögg hans og Höskuldar Þórhallssonar í Noregi. Sigmundur Davíð gagnrýndi mjög málflutning Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í málinu og lauk ræðu sinni á þeim orðum að hún hefði drepið möguleikann á tvíhliða viðræðum við Norðmenn um lán „með einum ömurlegasta tölvupósti Íslandssögunnar." Sigmundur hefði hæglega getað kallað umræddan tölvupóst þann allra ömurlegasta í Íslandssögunni, en sparaði stóru orðin.

Ömurleikinn allsráðandi

Flokkur ömurlegra tölvupósta í Íslandssögunni er orðinn ansi fríður. Í honum eru meðal annars póstur Margrétar Tryggvadóttur þar sem hún lýsir áhyggjum af geðheilsu Þráins Bertelssonar og póstur Bjarna Harðarsonar, sem mistókst hrapallega að vega úr launsátri að flokkssystur sinni Valgerði Sverrisdóttur, að ógleymdum innvígðum og innmúruðum samskiptum Jónínu Benediktsdóttur og Styrmis Gunnarssonar um Baugsmálið. Og nú hefur bæst við krassandi fyrirspurn forsætisráðherra um hugsanlega lánveitingu Norðmanna til Íslands. Hvað er næst?

Glópalán

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, varði heiður formanns síns í umræðunum: „Orðið glópalán hefur fengið alveg nýja merkingu í þessari Bjarmalandsför framsóknarforystunnar," sagði Helgi. „Ferð þeirra framsóknarbræðra minnir á Don Kíkóta og Sansjó Pansa, sem börðust við ímyndaða óvini með ímynduðum norskum lánalínum til þess að bjarga hinni fögru Dulcineu – fjallkonunni íslensku – úr nauðum." Sagði hann framsóknarmenn nú skammast sín mjög. Þeir hefðu staðið í þeirri trú að þeir hefðu útvegað þjóðinni 2000 milljarða lán, sem – þegar upp var staðið – reyndist hvorki 2000 milljarðar, né lán.

stigur@frettabladid.is

Skorumst ekki undan

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Umræðan | Loftslagsmál og losunarheimildir

Frá því á Umhverfisþingi um liðna helgi þar sem ég fjallaði meðal annars um samningsmarkmið Íslands í loftslagsmálum hafa ýmsir stjórnarandstöðuþingmenn sett undir sig hausinn að því er virðist vísvitandi til að nesta umræðuna með blekkingum og rangfærslum. Það er sérkennilegur máti í stjórnmálum að láta sér ekki nægja raunverulegan ágreining um pólitísk markmið, leiðir og aðferðir heldur að leitast við að afflytja og skrumskæla umræðuna til þess eins að ná einni línu í fjölmiðli dagsins.

Á Umhverfisþingi sagði ég að íslensk stjórnvöld færu ekki til Kaupmannahafnar til að biðja um nýjar undanþágur í loftslagsmálum og var því þá haldið fram að ég hefði afsalað þjóðinni einum 15 milljörðum á því tímabili sem Kýótó-bókunin nær yfir og að mál yrðu í algjöru uppnámi í árslok 2012 þegar fyrsta skuldbindingartímabil Kýótó rennur út. Hér er um fráleita staðhæfingu að ræða, sem er úr lausu lofti gripin.

Staðreyndin er sú að engar breytingar verða á losunarheimildum íslenskra fyrirtækja á skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar, til ársloka 2012. Málið snýst um hvers konar kerfi við munum búa við eftir 2012. Við erum í annarri stöðu í samningaviðræðum nú en þegar samið var um Kýótó-bókunina fyrir áratug síðan. Við höfum í raun tekið upp reglur Evrópusambandsins (ESB) um losun gróðurhúsalofttegunda að hluta til, samkvæmt skuldbindingum okkar í EES- samningnum. Ísland er nú þegar, lagalega séð, hluti af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og nú liggur fyrir að frá og með 1. janúar 2013 munu losunarheimildir til stóriðju hér á landi koma úr viðskiptakerfi ESB.

Ekki liggja fyrir nákvæmar úthlutunarreglur á heimildum til ál- og járnblendiframleiðslu innan ESB. Þó bendir allt til þess að fyrirtæki á þessu sviði fái stærstan hluta heimilda og hugsanlega allar fríar í fyrstu, en síðan muni koma til vaxandi skerðingar á heimildum, sem fyrirtæki þurfa að mæta með því að draga úr losun eða kaupa heimildir. Þau fyrirtæki sem standa sig best koma best út úr þessu kerfi, en þau sem menga mikið þurfa að axla þyngri byrðar. Í þessu kerfi er það grundvallaratriði að staða fyrirtækja á ekki að vera ólík eftir ríkjum, heldur eingöngu eftir frammistöðu.

Íslensk stjórnvöld hafa rætt við fulltrúa ESB um að taka á sig sameiginlega skuldbindingu gagnvart annarri losun gróðurhúsalofttegunda en þeirra sem falla undir viðskiptakerfi ESB. Slík lausn fæli einkum í sér þrennt: Í fyrsta lagi verður kerfisbreyting, þannig að íslensk fyrirtæki myndu ekki lengur sækja losunarheimildir úr séríslensku regluverki sem byggir á tímabundnu undanþáguákvæði, heldur úr samevrópsku kerfi, þar sem almennar reglur gilda. Í öðru lagi þyrftu Ísland og íslensk fyrirtæki ekki að búa við tvöfalt regluverk og miklu flóknara lagaumhverfi en önnur Evrópuríki. Í þriðja lagi myndi þetta þýða að Ísland tæki upp allt regluverk ESB í loftslagsmálum, en ekki einungis viðskiptakerfið.

Þessi lausn er álitin miklu hagfelldari fyrir Ísland og íslensk fyrirtæki en sú að búa við tvöfalt kerfi skuldbindinga í loftslagsmálum. Enginn aukalegur kostnaður félli á Ísland eða íslensk fyrirtæki við þessa kerfisbreytingu, hvað þá 15 milljarðar eða einhver slík tala sem menn hafa haldið á lofti.

Ég sagði á nýliðnu Umhverfisþingi að íslensk stjórnvöld færu ekki til Kaupmannahafnar til að biðja um nýjar undanþágur í loftslagsmálum. Við það stend ég. Það er engin von til þess að Ísland fái aukinn kvóta og nýjar flóknar sérlausnir á fundi þar sem allir verða beðnir um að draga úr losun. Ég mun gæta ítrustu hagsmuna Íslands í þessum viðræðum. Fyrir fyrirtæki sem þarfnast losunarheimilda þýðir það að þurfa ekki að standa frammi fyrir aukalegum skuldbindingum árið 2013 í viðbót við þær sem ljóst er að þau munu taka á sig með þátttöku í evrópska viðskiptakerfinu. Fyrir Ísland þýðir það að njóta sanngirni samanborið við önnur ríki og að geta borið höfuðið hátt í loftslagsmálum.

Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, talaði í Háskólanum á dögunum. Hann nálgaðist loftslagsmálin á merkilegan hátt. Færeyingar eiga ekki aðild að Kyoto, en þeir vilja engu að síður taka á sig skuldbindingar framtíðarinnar. „Við skiptum kannski hlutfallslega engu máli þegar litið er á heildarmyndina, en við viljum taka þátt í að axla byrðarnar," sagði Johannesen. Færeyingar gætu orðið okkur fyrirmynd í því að axla ábyrgð af fullri reisn. Loftslagsmálin eru að líkindum stærsta og flóknasta viðfangsefni stjórnmála komandi ára og áratuga. Þar má Ísland ekki skorast undan.

Höfundur er umhverfisráðherra.

Meirihlutinn vill skutlið áfram

UMRÆÐAN
Dofri Hermannsson skrifar um umhverfismál

DOFRI HERMANNSSON

Fyrir ári fluttu fulltrúar Samfylkingar og VG í Umhverfis- og samgönguráði tillögu um að hefja þegar vinnu við mótun grænnar samgöngustefnu í hverfum borgarinnar í samvinnu við hverfisráð, frístundaaðila, íbúasamtök og aðra sem málið varðar. Markmiðið var að börn og fullorðnir gætu á öruggan og auðveldan hátt komist á milli staða í hverfinu án þess að nota bíl og áhersla var lögð á að eyða þörfinni fyrir skutl.

Tillagan var söltuð af meirihlutanum, sem þó bókaði um hana fögur orð. Hverfisráð Grafarvogs tók svo tillöguna upp í vor og samþykkti einróma að láta vinna samgöngustefnu fyrir Grafarvog. Var undirrituðum falin umsjón verkefnisins. Nú hafa allir grunn- og leikskólar hverfisins og stórir aðilar í frístundastarfi tekið þátt í því starfi. Stefnunni hefur verið vel tekið af foreldrum og nemendum, sem nýverið settu Íslandsmet í hjólalest. Næsta skref er að minnka þörfina fyrir skutl með því að samræma hringleiðir strætó og frístundastarf í hverfinu.

Reynslan af verkefninu er framar vonum en undirstrikar þörfina á að kjörnir fulltrúar láti sig málið varða, tengi saman aðila í hverfinu og fylgi verkefninu eftir í stjórnsýslunni. Í þessu ljósi var tillaga Samfylkingar og VG endurflutt á síðasta fundi Umhverfis- og samgönguráðs. Viðbrögð meirihlutans komu á óvart – tillögunni var vísað frá með þeim rökum að ekki væri æskilegt að borgin hefði frumkvæði að slíkri stefnu. Það gæti dregið úr frumkvæði íbúanna sjálfra.

Þetta er undarleg afstaða hjá kjörnum fulltrúum meirihlutans. Þegar fundist hefur markviss leið til að draga úr skutli, efla öryggi og heilbrigði barna og góðan hverfisbrag vilja þeir ekki hafa frumkvæði að henni. Vilja ekki miðla bestu aðferðum á milli hverfa, ryðja úr vegi hindrunum og flýta fyrir því að öll hverfi borgarinnar fái græna samgöngustefnu sem sérstaklega er sniðin að þeirra þörfum. Meirihlutinn vill bíða eftir frumkvæði íbúa sjálfra. Það er gott umhugsunarefni fyrir foreldra í löngum og tíðum skutlferðum í vetur. Hugsanlega mun frumkvæði íbúa í vor koma meirihlutanum á óvart.

Höfundur er varaborgarfulltrúi og talsmaður borgarstjórnarflokks Samfylkingar í umhverfis- og samgöngumálum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

PIPAR • SÍA • 91593

sms smálán

Þetta er sniðugt!

Hjá Kredia getur þú fengið smálán þegar þig vantar smá lán í stuttan tíma. Að fá smálán er ótrúlega einfalt og það er afgreitt strax inn á bankareikninginn þinn.*

Smálán á vefnum
Á vefnum **kredia.is** skráir þú þig og þar getur þú einnig sótt um smálán. Í fyrsta sinn sem þú notar þjónustuna getur þú tekið lán sem nemur 10.000 krónum. Lánið þarf að endurgreiða innan 15 daga. Hvert lán sem þú tekur veitir þér rétt til hærra láns næst þegar þú þarft smálán.**

Smálán með síma
Þegar þú hefur skráð þig á **kredia.is** getur þú notað þjónustuna hvar og hvenær sem er með því að senda sms til **1919** með upphæð láns. Þú getur einnig hringt í **515 1919** og gengið frá láninu með þjónustufulltrúa í þjónustuveri.

Verðskrá

Upphæð	Kostnaður	Samtals
10.000 kr.	2.500 kr.	12.500 kr.
20.000 kr.	4.750 kr.	24.750 kr.
30.000 kr.	7.000 kr.	37.000 kr.
40.000 kr.	9.250 kr.	49.250 kr.

* Smálán eru aðeins veitt fjárráða einstaklingum, 18 ára eða eldri, sem ekki eru á vanskilaskrá.

** Lántaki getur einungis haft eitt lán í einu, nýtt lán er ekki veitt nema fyrra lán sé endurgreitt að fullu.

Þú skráir þig á **www.kredia.is** og sækir um að gerast lántakandi (tekur aðeins örfáar mínútur).

Þú getur sótt um lán hvenær sem er með því að senda sms í númerið **1919**.

Peningarnir eru lagðir inn á bankareikninginn þinn strax.

www.kredia.is

Kredia

Lán í óláni

Nóatúni 17 105 Reykjavík Sími 515 1919

Velferð frekar en opinber útgjöld

UMRÆÐAN
Tómas Már Sigurðsson skrifar um atvinnulíf

TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

Þegar kakan minnkar eykst baráttan um bitana. Þetta er lögmál sem hefur einkennt sögu mannkyns frá örófi alda. Lönd sem búa við hagsæld og batnandi lífskjör eru mun ólíklegri til að upplifa pólitískan óstöðugleika og samfélagslega sundrung heldur en þau sem búa við kröpp kjör og versnandi lífskjör. Ísland er lifandi sönnun þess.

Með hliðsjón af þessu er ljóst að verkefni stjórnvalda næstu misserin verður ekki auðvelt. Engum dylst að þörf er á verulegri hagræðingu í rekstri hins opinbera vegna stóraukinna skulda ríkissjóðs, óhóflegrar útþenslu í ríkisútgjöldum undanfarin ár og verulegs samdráttar í skatttekjum.

Varðstaða um heildarhagsmuni

Lausnir í stöðunni eru tvær, auknar skatttekjur eða niðurskurður útgjalda. Óraunhæft verður að teljast að hægt sé að notast eingöngu við aðra leiðina og því má nánast sjálfkrafa gera ráð fyrir einhvers konar blöndu beggja. Hvorug þessara aðgerða er vinsæl enda fela báðar í sér rýrnun lífsgæða fyrir einhverja. Stjórnvöld verða hins vegar að velja leið sem byggir á hagsýni, raunsæi og varðstöðu um heildarhagsmuni.

Því miður endurspeglast þetta ekki í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár. Skortur á hagsýni endurspeglast í þeim mikla þunga sem lagður er á aukna tekjuöflun í stað þess að skorin verði fitulög sem skapast hafa í rekstri hins opinbera á undanförnum árum. Skortur á raunsæi felst í vanmati stjórnvalda á þeim áhrifum sem fyrirhugaðar skattahækkanir koma til með að hafa á umsvif í hagkerfinu og um leið þá tekjustofna sem stjórnvöld hyggjast skattleggja. Að lokum eru hagsmunir opinberra starfsmanna og afmarkaðra hópa sem ríkið hefur staðið vörð um í gegnum tíðina teknir fram yfir hagsmuni heildarinnar. Því er erfitt að sjá að frumvarpið verði til þess að skapa aukna sátt og samstöðu í samfélaginu.

Aðlögun hjá fyrirtækjum og heimilum

Það má vera ljóst að skattahækkanir eru meðal þeirra aðgerða sem þörf er á til að jafnvægi náist í rekstri hins opinbera. Atvinnulífið hefur þar gengið fram með góðu fordæmi með því að taka sjálfviljugt á sig auknar byrðar í formi hærra tryggingagjalds. Að auki hefur átt sér stað mikil aðlögun hjá fyrirtækjum og heimilum sem sést best á verulegum samdrætti í einkaneyslu, hruni í fjárfestingu einkaaðila, auknum gjaldþrotum fyrirtækja, meira en 10 þúsund töpuðum störfum og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði.

Á tímum sem þessum er nauðsynlegt að hagsýni og skynsemi séu látin ráða för. Slíkt var einmitt boðað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem lagði áherslu á að fyrirtækjum yrðu búin hagstæð rekstrarskilyrði, þannig að störf yrðu varin og aðstæður skapaðar fyrir fjölgun þeirra á ný. Enn fremur átti sérstaklega að stuðla að beinum erlendum fjárfestingum hérlendis. Boðaðar aðgerðir stjórnvalda vinna beinlínis gegn báðum þessum markmiðum.

Þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um leiðir til tekjuöflunar er nauðsynlegt að taka mið af líklegum hliðarverkunum og langtímaáhrifum. Það má vel hugsast að veruleg hækkun fjármagnstekjuskatts, auðlindaskattur á fyrirtæki og hátekjuskattur hljómi sem sanngjarnar leiðir til að auka tekjur hins opinbera. Raunveruleikinn er þó sá að væntar skatttekjur af þessum breytingum eru afar rýrar auk þess sem þær leiða til verri samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu og versnandi umhverfis til erlendrar fjárfestingar hérlendis. Hvort tveggja kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar og er ekki líklegt til að auka tekjur hins opinbera til lengri tíma.

Hið opinbera taki virkari þátt

Í ljósi þess sem á undan er gengið er sýnt að hvorki heimili né fyrirtæki landsins standa undir þeim skattahækkunum sem nú hafa verið boðaðar. Það er því hvorki óeðlilegt né ósanngjörn krafa að hið opinbera taki með virkari hætti þátt í þeirri nauðsynlegu aðlögun sem nú stendur fyrir dyrum, með svipuðum hætti og einkageirinn hefur nú þegar gert. Ríkisútgjöld hafa þanist út á undanförnum árum og því er ekki ásættanlegt að jafn máttlítil skref séu stigin í átt til hagræðingar og fjárlagafrumvarpið ber með sér.

Fyrst má nefna að niðurskurður ríkisútgjalda gengur alltof skammt borið saman við skattahækkanir. Þannig er gert ráð fyrir að útgjöld dragist saman sem nemur framúrkeyrslu fjárlaga þessa árs að viðbættum verðlagsáhrifum. Heildarútgjöld samkvæmt fjárlögum 2010 eru því nánast þau sömu og árið 2009 í krónum talið. Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins frá því í sumar var lögð áhersla á að hlutdeild tekjuöflunar í ríkisfjármálum yrði ekki of mikil. Miðað var við að skattar yrðu lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða og ekki samtals hærri en 45% þeirra fyrir árin 2009–2011. Það þarf mikinn vilja til að komast að þeirri niðurstöðu að fjárlagafrumvarp ársins 2010 liggi einhvers staðar nærri þessum hlutföllum.

Þessu til viðbótar orkar sú stefna tvímælis sem hagræðing útgjalda felur í sér. Rík áhersla virðist lögð á að niðurskurði sé fyrst og fremst beint að þeim verkefnum sem einkaaðilar koma að. Þannig hafa ríkisframkvæmdir nánast verið stöðvaðar og í ákveðnum tilfellum er einkaaðilum sem sinna opinberri þjónustu gert að draga meira úr útgjöldum en sambærilegum ríkisstofnunum. Í sparnaðarátaki í ríkiskerfinu var sérstaklega tekið fram að skorður yrðu settar á aðkeypta ráðgjafaþjónustu án frekari skýringa. Þetta felur það í sér að standa skuli vörð um opinber störf, á kostnað almenns vinnumarkaðar.

Þetta skýtur skökku við. Besta leiðin til að verja störf er að skapa fyrirtækjum hagkvæmt rekstrar- og skattaumhverfi. Ekki verður séð að nýtt fjárlagafrumvarp verði til þess að bæta þar úr, heldur þvert á móti. Besta leiðin til að verja velferðarkerfið er að efla tekjugrunn hins opinbera til lengri tíma. Það verður best gert með öflugum einkageira enda er það hann sem stendur undir útgjöldum hins opinbera. Að auka hlutfallsleg umsvif hins opinbera veikir því undirstöður velferðarkerfisins.

Að lokum er ljóst að hagkvæmustu leiðirnar til niðurskurðar felast ekki endilega í minni útgjöldum í grunnþjónustu. Áherslan ætti að vera á óskilvirkar millifærslur og þau miklu fitulög sem myndast hafa í opinberum rekstri á undanförnum árum. Þannig ættu stjórnvöld að standa vörð um menntun og heilbrigðisþjónustu á sama tíma og endurskoða mætti niðurgreiðslur til landbúnaðar, lífeyriskerfi opinberra starfsmanna, stofnanaumhverfi í stjórnsýslu hins opinbera, fyrirkomulag utanríkisþjónustunnar og margt annað. Áherslan á að vera á útgjöld sem auka eða viðhalda almennri velferð, ekki framlög sem þjóna sérhagsmunum þröngra hópa.

Öflugt atvinnulíf forsenda sterks velferðarkerfis

Fjárlagafrumvarp ársins 2010 vegur að jafnvægi milli almenns markaðar og opinberrar þjónustu. Flestir gera sér grein fyrir að ekki mun takast að brúa fjárlagahallann án aukinna tekna hins opinbera, en á sama tíma er borin von að brúa bilið nær eingöngu með skattahækkunum. Án verðmætasköpunar einkageirans verða ekki til tekjur sem standa undir opinberri þjónustu. Lífsviðurværi flestra heimila veltur fyrst og fremst á því að hér verði starfrækt öflugt atvinnulíf, ekki útþanið ríkisbákn. Því fleiri störfum sem tekst að bjarga á almennum vinnumarkaði því öflugri forsendur eru fyrir sterku velferðarkerfi. Á sama tíma getur skattaok leitt til margvíslegra varanlegra vandamála. Ber þar helst að nefna fjármagnsflótta, varanlegan fólksflótta og spekileka, vöxt svartrar atvinnustarfsemi og minnkandi hvata til frumkvæðis og nýsköpunar. Fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp verður því að taka gagngerum breytingum ætli stjórnvöld sér að byggja upp samkeppnishæft hagkerfi með eftirsóknarverðum horfum til framtíðar.

Formaður Viðskiptaráðs Íslands.

LANDSMÓT æskulýðsfélaga kirkjunnar er haldið í Vestmannaeyjum um helgina. Í ár eru 590 unglingar skráðir til leiks auk leiðtoga. Yfirskrift landsmótsins í ár er „Tilkomi þitt ríki – æskan telur“ og vísar til ábyrgðar og mikilvægis unga fólksins í samfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

Villibráðar-hlaðborð

22. október - 18. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.

Verð 8.290 kr.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga

7.290 kr.

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember
Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Í eldhúsinu hennar Þóru vex basil sem gerir góðan mat ómótstæðilegan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Líkt og að hafa fundið uppskrift ástardrykkjarins

Þóra Einarsdóttir útbýr pestó sem fáir fá staðist. Pestóið bar hún á borð samstarfsmanna sinna í Íslensku óperunni þegar þau vörpuðu mæðinni við æfingar á ítölsku óperunni Ástardrykknum. Leyndardóminn segir hún falinn í basilinu sem hún ræktar sjálf í eldhúsinu.

Í Íslensku óperunni hafa þeir sem vinna að uppsetningu Ástardrykkjarins komið með góðgæti til að maula meðan varpað er mæðinni á æfingum og þannig deilt kjörum með samstarfsfólki sínu. Eitt af því hnossgæti sem lent hefur á borði þeirra er pestó söngkonunnar Þóru Einarsdóttur en hún syngur hlutverk hinnar fögru Adinu á tveimur sýningum.

„Ég varð nú bara feimin við athyglina,“ segir Þóra um viðbrögð samstarfsmanna sinna þegar þeir brögðuðu á pestóinu. Hún segir uppskriftina hafa verið leikna af fingrum fram og árangurinn hafa komið sér ánægjulega á óvart. „Mér leið bara eins og ég hefði fundið upp ástardrykkinn,“ segir hún glettin.

Fyrir þá sem ekki þekkja verkið Ástardrykkinn þá er það létt og gamansöm ópera eftir ítalska tónskáldið Donizetti. Verkið segir frá Nemorion sem reynir að vinna ástir fagurrar konu að nafni Adina með því að byrla henni göróttan drykk sem á að glæða ást í hjarta hennar.

Leyndardóminn að baki pestóinu segir Þóra vera falinn í basilinu. „Ég nota basil sem ég rækta sjálf,“ segir hún og bætir við að sítrónubasilið gefi sérlega gott bragð. Basilið setur hún saman við sólþurrkaða tómata, hvítlauksrif og fína kaldpressaða olíu úr lífrænt ræktuðum ólífum. Auk þess setur hún svartar ólífur út í og segir hún að sér þyki þær sem hafa stein mun bragðbetri en þær sem eru steinhreinsaðar þótt hún taki steininn vitanlega úr áður en hún blandar þeim við pestóið góða.

„Þeir sem ekki eiga sítrónubasil geta tekið börk af sítrónu og sett út í pestóið, það ætti að gefa gott bragð,“ segir Þóra og tekur fram að fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af útliti pestósins. „Þetta er ekki fallegt á litinn,“ segir hún. Sjálfri þykir Þóru gefast best að hakka pestóið með eigin handafli en ef tíminn sé naumur eða nennan lítil þá saki ekki að gera það í matvinnsluvél. *karen@frettabladid.is*

HELGIN

HJÖRDÍS GEIRS heldur afmælistónleika í tilefni af 50 ára söngafmæli sínu í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 18. október klukkan 20. Á tónleikunum verður stiklað á stóru yfir söngferil Hjördísar en hún fær til þess aðstoð þekktra tónlistarmanna.

teg. 11003 - mjög haldgóður í CDE skálum á kr. **3.950,-**
buxur í stíl á kr. **1.950,-**



teg. 16944 - mjúkur, saumlaus og léttfylltur í BC skálum á kr. **3.950,-**
buxur í stíl á kr. **1.950,-**

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

RÍTA Bæjarlind
á 10 ára afmæli
(Ríta Eddufelli er 27 ára)

Af því tilefni gefum við
20% afslátt
af öllum vörum í dag og á morgun laugardag

Ríta

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 - Sími 557-1730

www.rita.is
Opið í dag kl. 10-18
Opið laugardag kl. 10-16

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Heilsan efld á Reykjanesi

HEILSUTENGD FERÐAÞJÓNUSTA ER Í STÖÐUGUM VEXTI.

Heilsutengd ferðaþjónusta á Íslandi er að miklu leyti tengd heitu vatni en við hana er hægt að tvinna jóga, hugleiðslu, nudd, líkamsrækt, útiveru, hollt mataræði og margt fleira. Slík ferðaþjónusta miðar að því að ferðamaðurinn komist í betra samband við sjálfan sig og efli þannig heilbrigði og vellíðan. Í því samhengi skiptir náttúran sköpum.
Á Reykjanesi er mikil uppbygging á þessu sviði og hefur Heilsufélag Reykjaness sett sér það markmið að markaðssetja Ísland sem land hreysti, fegurðar og heilsu. Til stendur að reisa heilsuþorp á Ásbrú. Fyrsti vísir að því er Detox-meðferðarstöð Jónínu Ben sem var opnuð að Lindarbraut 634 fyrr á þessu ári. Staðsetningin er ekki af verri endanum enda er Reykjanesið fyrsti viðkomustaður erlendra ferðamanna þegar þeir koma til landsins. Bláa lónið er einnig á næsta leiti en það hefur hingað til verið eitt skýrasta dæmi okkar Íslendinga um heilsutengda ferðaþjónustu. Staðurinn hefur verið valinn einn af tíu ótrúlegustu baðstöðum heims og þangað flykkjast tugþúsundir ferðamanna allt árið um kring. - ve

Bláa lónið er eitt skýrasta dæmi Íslendinga um heilsutengda ferðaþjónustu.

Heitreykti makríllinn nýtur mikilla vinsælda en á markaðnum má kaupa ferskan fisk, kjöt, lífrænt ræktað grænmeti, sultur og villibráð sem unnin hefur verið á ýmsan hátt.

Vikulegur markaður á Höfn í Hornafirði

Afurðaframleiðendur í Ríki Vatnajökuls verða með vikulegan heimamarkað í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði í vetur.

„Undir merkjum Matar í héraði er komin mjög breið og flott lína af matvöru. Hún verður til sölu á markaðnum á morgun sem er haldinn í fjórða sinn og verður haldinn alla laugardaga," segir Rósa Björk Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls sem er ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasi Suð-Austurlands og nær yfir sveitarfélagið Hornafjörð.

„Markaðurinn er haldinn í Pakkhúsinu og þar myndast svolítið útlensk stemning enda mörg fordæmi fyrir slíkum mörkuðum í Evrópu," segir Rósa Björk en Pakkhúsið er sjarmerandi gamalt timburhús. Á markaðnum má meðal annars kaupa ferskan fisk sem Rósa útskýrir að hafi ekki alltaf verið í boði á Höfn þrátt fyrir að bærinn sé sjávarútvegsbær. „Það hefur oft viljað brenna við að menn hafi aðeins fengið fisk sem er búinn að fara hringinn í kringum landið," segir hún glettin og bætir við að það sama megi segja um kjötafurðir. Fyrir utan kjöt og fisk verður margt annað á boðstólum. „Boðið er upp á afurðir sem hafa farið í gegnum vöruþróun hjá Matarsmiðju Matís á Höfn þar sem fólk getur fengið aðstoð við vöruþróun og unnið sína vöru í löglegu eldhúsi með aðgang að tækjabúnaði sem annars væri mjög kostnaðarsamt að fjárfesta í," segir Rósa Björk. Afurðirnar sem um er að ræða eru til dæmis heitreyktar andabringur en á Hornafirði er eini andabóndinn á landinu. Einnig hafa afurðir eins og makríll hlotið mikla athygli, bæði er um að ræða heitreykt makrílflök og pate eða myrju sem þykir lostæti að sögn Rósu Bjarkar.

„Þá munu veiðimenn selja villibráð sem unnin hefur verið á ýmsan hátt, grafin eða reykt," segir Rósa Björk og bendir á að einnig verði á boðstólum ís beint frá býli. „Hann er framleiddur á kúabúinu Árbæ og þau hafa bragðbætt hann með íslensku hráefni á borð við fíflahunang."

Markaðurinn er opinn frá klukkan 13 til 17 en Rósa Björk segir heimamenn duglega að nýta markaðinn en hann sé einnig stílaður inn á gesti Ríkis Vatnajökuls. - sg

föstudagur

16. október 2009 **FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSI**

HEITT Í HAUST

Allt um tísku, förðun og fegurð í vetur

+ EYGLÓ HÖNNUÐUR OG POP-UP BÚÐIN **+** HVERNIG Á AÐ KLÆÐA SIG Á AIRWAVES? **+** FRÍSKLEG HÚÐ **+** GALLERÍ ENDURVAKIÐ HJÁ SÆVARI KARLI

MARGMIÐLUNARSPILARI

UNITED MEDIA SPILARI 720/1080i

United HD MMP 9530

720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diski, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. 27.950

WD 640GB DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

núna

fylgist vel með

AGNES MAR, HÖNNUÐUR OG EIGANDI AGGYSTAR

Þetta verður útivistarhelgi hjá mér, fer að hitta vinkonur og börn og keyri svo út á land. Fer vonandi í sumarbústað að hanga enda á ég eðalvinkonur til að hanga með.

Konur á móti Vísi

Hópar fólks hafa tekið sig saman á Facebook til að mynda andspyrnu gegn „Fólki í fréttum“ á vísi.is en þá er átt við þær fréttir sem fjalla um leikkonur með bakspik eða „stinnar júllur“. Sagt er í þessum Facebook-grúppum að fréttirnar séu karlrembulegar og að oft séu það ungar stúlkur sem lesi fréttirnar og fái því röng skilaboð um líkamsmyndina. Meðal þeirra kvenna sem eru á móti fréttaflutningi Vísis eru **Þórey Vilhjálmsdóttir,** nýkjörinn kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins, Ragnheiður Axel fatahönnuður og Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndagerðarkona.

Franska Vogue í vondum málum

Tískubiblían Vogue í franskri útgáfu birti myndir af fyrirsætunni íturvöxnu, **Löru Stone,** í síðasta tölublaði sínu þar sem Lara er máluð á hörund og látin líta út eins og afrísk kona. Fólk af afrískum uppruna er skiljanlega mjög reitt og spyr meðal annars blaðakona í The Times hvort það sé virkilega svona erfitt að finna fallegar svartar fyrirsætur.

Lagerfeld í stuði

Undanfarið hefur færst í aukana að fyrirsætur í raunstærð séu notaðar í auglýsingar og á tískupöllum. **Karl Lagerfeld** er mjög ósáttur við

þessa nýju stefnu og sagði nýlega við blaðamenn að enginn vildi sjá feitlagnar konur í blöðunum. (Þess má geta að flestar fyrirsæturnar í raunstærð eru langt frá því að vera feitlagnar). „Það vill enginn sjá þessar stelpur nema latar, feitar mæður sem sitja fyrir framan sjónvarpið,“ sagði hann.

Yfirhönnuður 66°N hannar undir eigin nafni:

FEÐGIN HANNA KVENMANNSFÖT

Í nýlegu myndbandi frá Lay Low við lagið „By and by Lay“ klæðist hún hlýlegum kjól, sem margir myndu vilja eiga í fataskápnum, nú þegar tekið er að kólna.

Kjóllinn er úr nýrri íslenskri fatalínu sem heitir Davidsson en það eru feðginin Jan og Freyja Davidsson sem standa að baki henni. Jan hefur gegnt starfi yfirhönnuðar hjá 66°Norður um nokkurra ára skeið en hann er líka maðurinn á bakvið Don Kanomerkið sem náði miklum vinsældum á níunda áratugnum. Freyja er búsett í Gautaborg en kemur reglulega heim til að vinna með föður sínum.

Fatnaðurinn í Davidsson er tískulegur og rómantískur og henta konum á öllum aldri. Hann er fáanlegur í Rammagerðinni í Reykjavík, Akureyri og á Egilsstöðum, auk verslana 66°N á Keflavíkurflugvelli. *- hhs*

Lay Low í Flatey Í nýlegu myndbandi Lay Low, sem tekið var upp í Flatey, klæðist hún kjól úr Davidsson-línunni.

betta HELST



Mundi Vondi opnar búð

Hönnuðurinn Mundi Vondi, öðru nafni Guðmundur Hallgrímsson, opnaði sína fyrstu verslun í gærkvöldi í miðbænum. Mundi varð fyrst þekktur fyrir peysur sem hann hóf að hanna á meðan hann var við nám í grafískri hönnun í Listaháskólanum. Hann hætti að lokum námi vegna anna, þegar fatalína hans undir merkinu Mundi hafði stækkað ört. Fyrsta heila fatalína Munda var til að mynda sýnd á tískuvikunni í París og seldist strax til tíu búða um allan heim. Flíkur frá honum eru því fáanlegar í Asíu, Bandaríkjunum og Evrópu. Þar að auki hefur verið fjallað um hönnun hans í tímaritum á borð við Surfacek, V-Magazine og Elle. Nú gefst Reykvíkingum kostur á að nálgast flíkurnar á Laugavegi 12, beint fyrir ofan Kaffibarinn. - amb

augnablikið

AFSLÖPPUÐ Leikkonan Katie Holmes var í þægilegum fatnaði þegar hún náði í hina gullfallegu Suri dóttur sína og Tom Cruise á leikskólann í fyrradag.

Frábærar og enn betri fréttir

til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8

50% meira af góðgerlum í hylkjunum sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.

Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiðri meltingu.

Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!

Mundi Vondi

Búist við skemmtilegum listavetri hjá Sævari Karli:

Galleríið opnað á ný

„Galleríið hefur legið í dvala um nokkurn tíma en nú ætlum við að taka aftur upp þráðinn,“ segir Hildur Erla Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Sævari Karli. „Okkur langar til að sýna samtímaverk eftir myndlistarmenn, ljósmyndasýningar og sýningar á íslenskri hönnun.“

Listakonan **Guðrún Nielsen** ríður á vaðið með valin verk úr japanskri tehúsaseríu, sem hún vann á árunum 2005 til 2009. Ætlunin er að vera með fjórar til fimm sýningar á ári. „Að mínu mati er þetta fallega hús frábær vettvangur fyrir listamenn. Það er gaman að taka þennan þráð upp aftur og við búumst við mjög skemmtilegum listaverkavetri.“ *- hhs*

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Ritstjórn Anna Margrét Björnsson **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason sjá síðu 8 **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Æskan er í genum þínum. Virkjaðu þau.
Uppgötvaðu húðina eins og hún ætti að vera

Uppfinning Lancôme:

GÉNIFIQUE

ÆSKUVAKI

NÝTT
Æskuvaki dagkrem

10 ÁRA RANNSÓKNIR

Lancôme uppgötvar fyrsta ÆSKUVAKANN GÉNIFIQUE.
Auktu* virkni genanna og örvaðu** framleiðslu æskupróteina.

Sjáanlega unglegri húð á aðeins 7 dögum***.
Húðin öðlast aftur eiginleika ungrar húðar: hún verður þétt og silkimjúk við snertingu – ótrúlegur ljómi.

LANCÔME
PARIS

* in vitro prófanir á virk efni
** Klínískar rannsóknir á „skin protein dosage" – 24 konur
***„Cosmetoclinic" sjálfsmat – 34 konur

núna

tíska og förðun

ROKKAÐ HÁR

Frábært mótunarefni frá Sebastian, matte purify, er frábært til að fá rokkað töffarahár án þess að það verði of klístrað.



Ný vetrarlína frá Mac:

Svart og seiðandi

Snyrtivörufyrirtækið Mac kemur með nýja línu í hverjum mánuði enda fylgjast hönnuðirnir á bak við merkið náið með því hvað er að gerast í tískuheiminum hverju sinni. Línan „Black“ hefur vakið mikla athygli í erlendum tímaritum og er þar á ferðinni afar svalur andlitsfarði í dökkum og seiðandi tónum. Tilvalið um Airwaves-helgina. *- amb*

Rokkað frá Balmain - gaddar og áberandi axlir.

Þröngar buxur Flott lúkk á Airwaves.

Hvernig á að klæða sig á Airwaves?

VERTU ROKKUÐ UM HELGINA

Hápunktur Iceland Airwaves-hátíðarinnar verður í kvöld og á morgun og þeir sem skarta gulu armbandi um helgina munu verða á þeytingi á milli staða til að hlusta og horfa á hljómsveitir eins og The Drums, Sudden Weather Change, Mikachu and the Shapes og Trentemöller. En hvernig á maður að klæða sig á Airwaves? Augljóst er að sækja innblástur til klassískrar rokktísku vera í svörtum gallabuxum, bol, leðurjakka og með klút en hafa verður þægindin í huga líka því næturnar verða langar. Eftirfarandi atriði er ágætt að hafa á bak við eyrað:

Klæddu þig í mörg lög - Það verður kalt úti í biðröðinni og heitt inni á stöðunum. Vertu þannig klædd að þú getir vippað treflum eða peysum í hliðartöskuna þegar þú ert komin inn á tónleikana.

Ekki vera á mjög háum hælum - Eins töff og það getur verið þá eru hælaskór oftast vond hugmynd á Airwaves. Mundu að þú átt eftir að arka um allan bæ og standa inni á tónleikum tímunum saman. Flatbotna támjó stígvél eða Converse-skór eru alveg málið.

Settu punktinn yfir i-ið með farða- Svartur eyeliner eða eldrauður varalitur táknar „rokk“.

- amb

Súpersvöl - Alison Mosshart kann þetta.

Púðar
3 fyrir 2

89.900,-

24.900,-

35.900,-

3 borð saman
15.900,-

Glæsilegt
úrval af
kertum
með langan líftíma
á frábæru
verði

15.900,-

Hilla
69.900,-

Lampar
verð frá
5.990,-

Speglar verð frá 2.990,-

Speglar
Mikið úrval af
einstökum speglaum
í mörgum stærðum

the PIER kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

núna

tískan í haust

LITRÍK Þessi dásamlega spöng með gulri slaufu veitir haustinu lit. Frá Thelmu design í Fabelhaft, Laugavegi

Hvað er í tísku í haust og vetur? Föstudagur fékk álit nokkurra tískuspekúlanta um hvað væri flottast í haust í karla- og kvennatískunni:

Einfaldleikinn Í FYRIRRÚMI

Stefán Svan Aðalheiðarson

Strákar verða mjög herralegir í vetur, koma beint úr Harvard í Duffle-kápum með köflótta trefla og í röndóttum prjónapeysum. Tvíhnepptir ullarjakkar þykja flottir í vetur og peysurnar eru æðislegar, hnausþykkar og hnepptar. James Dean er mikill áhrifavaldur og uppábrettar gallabuxur og flottir stuttermabolir verða áberandi ásamt köflóttum skyrtum.

Chinos-buxur við grófa skó koma sterkt inn í vetur og eru brúnir skór áfram smart. Vinsælir litir fyrir herra eru meðal annars dökkblár, vínrautt, fjólublár og brúnt.

Stelpurnar verða dömulegar með smá herratvisti. Tvíhnepptir jakkar og kápur verða mjög vinsælar. Flíkurnar eru þröngar og aðsniðnar og er mittið hátt. Pils og kjólar ná niður að hnjám og herralegar peysur og þykkar sokkabuxur við þrönga kjóla verður vinsælt. Þeir litir sem verða áberandi eru bleikur, fjólublár, sveskjulitur og grænn. Houndstooth-munstur verður einnig mjög áberandi hjá stelpunum.“ Stefán Svan Aðalheiðarson, fatahönnuður og starfsmaður hjá GK Reykjavík.

Herramenn Karltískan einkennist af herramennsku eins og sjá má. Þessi fyrirsæta klæðist fötum frá McQueen

„Fyrir utan þessi augljósu trend sem allir eru að þrýsta á fyrir veturinn eins og stórar axlir og leðurstígvél sem ná upp á mið læri, þá held ég að það sé að skapast stemning fyrir fallega-ljótum flíkum eins og ullarkjólum í kálfasídd, gólfsíðum 90´s pilsum og víðum sniðum almennt.

Katrín Alda Rafnsdóttir

Hvað strákana varðar þá held ég að karlatískan sé loksins komin í fullan hring og sé núna komin aftur á byrjunarreit með karlmannlegra yfirbragði en hefur verið síðustu misserin. Nokkur lög af peysum við riffluðar flauelsbuxur myndi gera öllum strákum gott í vetur.“ Katrín Alda Rafnsdóttir, hönnuður og eigandi verslunarinnar Einveru.

„Ég held að flestir sem spá eitthvað í tísku gleðjist alltaf þegar hausta fer. Árstíðirnar eru svo nauðsynlegar og það er svo yndislegt þegar kólna fer í veðri og flíkurnar verða hlýrri og efnismeiri. Í haust hafa dökkir litir eins og vínrauður, svartur, brúnn og dökkblár verið ansi áberandi. Það er þó nauðsynlegt að leyfa öðrum litum að vera með og púsla þeim fallega saman, til dæmis með treflum, sokkabuxunum eða kjólnum. Kventískan í vetur er undir áhrifum frá eftirstríðsárunum með léttu glamúrpönk ívafi. Aðsniðnar flíkur koma í stað víðu sniðanna og mjög litlir axlapúðar skemma ekki fyrir.

Mikið er um hlý efni, silkiflauel í bland við ullarefni og prjónasokkabuxur.

Herrarnir eru að færast frá því að vera strákslegir í að vera herralegir með þar til gerðum fylgihlutum og eru óhræddir við að sýna glæsileika sinn. Skyrtur og þykkar prjónapeysur, jafnt hnepptar sem óhnepptar, fallegir skór og sokkar eru vinsælir í vetur, ásamt góða skapinu.“ Hugrún Árnadóttir, fatahönnuður og eigandi verslunarinnar KronKron.

Hugrún Árnadóttir

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin



Anna Clausen

„Kvennatískan í haust og vetur verður undir miklum áhrifum frá glamúrpönkinu. Hinn klassíski litli, svarti kjóll verður fyrirferðarmikill og poppaður upp með pallíettum og göddum til að fanga anda Studio 54 tímabilsins. Mótorhjólajakkar og rauður varalitur fullkomna svo dressið.

Karlatískan verður svolítið í anda áttunda áratugarins en án þess að vera gamaldags. Það mætti sækja innblástur til skíðaferða í Alpafjöllin eða Roberts DiNero í Taxi Driver. Litapallettan er djörf og verða rauðir, bláir og gulir litir áberandi ásamt afslöppuðum röndóttum peysum.“ Anna Clausen, eigandi verslunarinnar Belleville.

„Í vetur verða einfaldar, einlitar flíkur áberandi og orðtakið „less is more“ eða minna er meira á vel við vetrartískuna. Áberandi útlínur og kantaðar axlir verða vinsælar og kjólar verða hnésíðir og þröngir. Leðurjakkar, svokallaðir mótorhjólajakkar, verða áfram vinsælir og stígvél sem ná upp á mið læri. Prjónaflíkur verða einnig mjög vinsælar í vetur ásamt leðurflíkum og flíkum úr leðurlíki. Svartur litur er í fyrsta sæti en einnig grátt, hvítt, silfur og ýmsir jarðlitir og mikið er um smellur og skraut á flíkum og fylgihlutum. Ég mæli með góðri blöndu af Fendi, Givenchy og Gareth Pugh.

Ingibjörg Finnbogadóttir

Karlatískan er líka nokkuð einföld í vetur og ber þá helst að nefna flotta leður- og gallajakka, prjónaðar peysur og einlitar skyrtur eða boli. Reimaðir skór þykja ekki flottir nema í ræktinni. Belti skipta miklu máli sem og aðrir aukahlutir eins og hattar. Svartir, gráir, bláir og jarðlitir verða hvað vinsælastir.“ Ingibjörg Finnbogadóttir, stílisti og fatahönnuður.

ICE
WEAR
íslensk hönnun

GÆSA-DÚNN 70/30
Vatnsheldir saumar

Verð: **36.000,-**

Nú getur þú skoðað og keypt Icewear-vörur beint á netinu!
www.icewear.is

ICEWEAR flíkur fást á eftirtöldum stöðum:

REYKJAVÍK:
Handprjónasambandið, Laugavegur 64
The Viking, Hafnarstræti 3
The Viking, Laugavegur 1
Islandia, Kringlan
Icefin, Nóatún 17
Ull og Gjafavörur, Hótel Saga
Ísey, Laugavegur 23
Hitt hornið, Laugavegur 100
Álafoss, Mosfellsbær

UTAN REYKJAVÍKUR:
Bláa Lónið, verslun
The Viking, Hafnarstræti 104, Akureyri
Sport og útivist, Á stéttinni, Húsavík
Selið, Mývatn
Mývatnsmarkaður, Mývatn
Gullfosskaffi, Gullfoss
Geysir verslun, Haukadal
Byggðasafnið, Skógar
Víkurprjón, Vík í Mýrdal

Drífa ehf, Suðurhraun 12 C, 210 Garðabær, Sími 555 7400, Fax. 555 7401, icewear@icewear.is, www.icewear.is

hönnun: www.skrisa.net

Það er

Efst: Fallegt hnésítt pils frá Eygló með mynstrum innblásnum af grjóti ásamt „bolero“-jakka.
Niðri: Hönnun Rebekku Jónsdóttur en hér er Svala Björgvinsdóttir mynduð í ullarjakka með belti við stuttbuxur. Til hliðar: ;Kjóll frá Eygló, skór Chie Mihara.

Ljósmynd: **Valgarður Gíslason**
Fyrirsæta: **Tinna Bergs**
Förðun: **Karin Kristjana Hindborg sem notaði Mac-vörur á Tinnu. Á augu notaði hún Vanilla, Flammable, Brash&Bold augnskugga ásamt Blacktrack eyeliner í gelformi. Á andlit notaði hún Moisturecover hyljara, Prep&Prime púður og á varir er varaliturinn Myth notaður.**

tryllt teknó Í GRJÓTI

Eygló Margrét Lárusdóttir ásamt sex hönnuðum í Pop-Up búð

Í dag verður opnuð spennandi „Pop-Up“ búð við Ingólfstorg með vörum sjö íslenskra hönnuða. Eygló Margrét Lárusdóttir og Rebekka Jónsdóttir selja þar fatnað en báðar hafa vakið mikla athygli fyrir fagra og kvenlega hönnun. Aðrir hönnuðir í versluninni eru Elva Dögg Árnadóttir, Inga Björk Andrésdóttir, Aaron Charles Bullion, Guðbjörg Jakobsdóttir og Þórey Björk Halldórsdóttir. „Þessar Pop-Up búðir hafa sprottið upp tvisvar áður og gengið afar vel,“ útskýrir Eygló sem hefur selt vörur sínar í Liborius heitinni og nú í KronKron. „ Við ætluðum líka að nýta okkur umferðina sem myndast vegna Iceland Airwaves og erum á besta stað, fyrir neðan Einar Ben og rétt við hliðina á mörgum tónleikastaðanna.“ Eygló hefur annars nóg annað fyrir stafni um þessar mundir. Auk þess að vera móðir lítils eins árs drengs er hún að taka þátt í hönnunarkeppni á vegum Danish Design Institute í desember. Fjórir framúrskarandi hönnuðir voru valdir frá hverju Norðurlandanna en Eygló var valin í keppnina ásamt Munda, Rebekku og Ingvari sem hannar undir merkinu Ostwald Helgason. „Þetta verður mjög spennandi því þemað var umhverfisvænt enda á keppnin sér stað á sama tíma og loftslagsráðstefnan. Við notum vistvæn efni eins og krabbaskel í fatnaðinn og það er fyndið konsept að keppa í tísku,“ útskýrir Eygló og hlær. Spurð um vetrarlínu sína sem sést á forsíðu Föstudags útskýrir Eygló að hún hafi sótt sér innblástur til grjóts. „ Tengdapabbi er jarðfræðingur og hann lánaði mér allskyns bækur um eiginleika grjóts. Ég uppgötvaði þá magnaðar myndir teknar með smásjá og sá að það er tryllt teknó innan í grjóti! Þar eru allskyns litir og mynstur í gangi sem mér fannst ótrúlega spennandi.“

Tekur þátt í hönnunarkeppni
Eygló Margrét Lárusdóttir fatahönnuður

Verslunin verður opnuð klukkan þrjú í dag en þar mun hljómsveitin Pascal Pignon spila. Opið er til klukkan 21 á föstudag og svo 11 til 21 um helgina. *amb@frettabladid.is*

CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
operated by v8 ehf

Snyrtivörukynning:

HVAÐ ER NÝTT Í HAUST O

HANDÁBURÐUR Krem fyrir hendur sem nærir og mýkir húðina og er sérstaklega gott fyrir mjög þurra húð. Hundrað prósenta náttúrulegt með 32 prósenta lífrænni blöndu. Dekraðu við líkama og sál.
Verð 1.490 kr.

BAÐSALT Í KRUKKU Baðsalt sem hefur að geyma steinefni og vítamín úr Dauðahafinu, sem eru þekkt fyrir að endurlífga húðina, gefa henni vítamínnæringu og hjálpa vöðvum og líkama að slaka vel á. Það hentar vel öllum húðgerðum og fæst í þremur ilmtegundum. Dekraðu við líkama og sál.
Verð kr 1.290

SOAP SCRUB-STURTUSÁPA
Náttúruleg sturtusápa sem inniheldur mulinn ferskjukjarna og hefur því örvandi og stinnandi áhrif á húðina. Hún veitir húðinni vellíðan og friskleika. Hundrað prósent náttúruleg innihaldsefni með 17 prósent lífrænni blöndu. Hentar vel öllum húðgerðum og fæst í þremur ilmtegundum. Dekraðu við líkama og sál.
Verð kr 1.890

Vörur Signatures of Nature fást í Gula húsinu Faxafeni 8, Andorra Strandgötu, Verði þinn vilji á Stórhöfða 17 og í vefversluninni www.signaturesofnature.is

BODY LOTION VANILLU/PATCHOULI Létt krem á líkamann sem gefur 100 prósenta raka og gefur húðinni ljóma og vellíðan. Unaðslegur ilmur og fullkomin blanda með lífrænum og náttúrulegum innihaldsefnum, án allra rotvarnarefna. Hentar fyrir allar húðgerðir og fæst með ýmsum ilmi. Dekraðu við líkama og sál.
Verð 2.290 kr.

Glominerals og glospa-vörurnar fást í verslun Snyrtiakademíunnar.

BRONZING STICK
Gefur fallega gyllingu á andlitið. Hentar sérstaklega vel á kinnbein.

GLOMINERALS PRIMER OG PERFECTING POWDER Silicon primer sem settur er undir farða. Hann gefur húðinni jafna og fallega áferð og fyllir upp í húðholur og jafnar hrukkur. Perfecting Powder er steinefnafarði sem inniheldur hvorki talkúm né fylliefni sem geta stíflað húðina. Hann hentar vel öllum húðgerðum.



SÉRUM DE ROUGE Dior kynnir nýjan varalit sem viðheldur æskublóma varanna, gefur þeim einstakan ljóma og tæran lit. Sérum de Rouge inniheldur tífalt meira af virkum efnum en venjulegur varalitur. Í honum er meðal annars mangósmjör, sem gefur vörum fullkomna næringu og mýkt, A-vítamín, sem hefur einstaka viðgerðar hæfileika, og Hyaluronic-sýra, sem þéttir og þrýstir.

SMOKEY EYE KIT Augnskuggar til að gera hina glæsilegu reyk-áferð. Mjög góðar leiðbeiningar fylgja með.

G VETUR?

YSL MATT TOUCH COMPACT Endingargóður púðurfarði með SPF 20-vörn. Hann er mjög þægilegur í notkun og gefur jafna, ljómandi og matta áferð. Hann er flauelsmjúkur og þægilegur og í honum eru rakagefandi efni. Hann hentar fyrir venjulega til blandaða húð og má nota með þurrum svampi, rökum svampi fyrir tilkomumeiri förðun eða með bursta. Fæst aðeins í Hygea-verslununum, Hagkaupum í Holtagörðum, Jöru á Akureyri og Bjargi á Akranesi.

SPECTACULAR EXTENTION-MASKARINN Lengir augnhárin og þéttir þau. Hvað með að maskari geti örvað náttúrulegan vöxt augnháranna, og eftir eina viku væru þau sjáanlega lengri, þéttari og sterkari? Það er einmitt þetta sem Spectacular maskarinn gerir, því hann er ekki einungis maskari, heldur styrkir hann einnig og eykur náttúrulegan vöxt augnháranna.

HYPNÔSE DRAMA Nýi maskarinn frá Lancôme þéttir og gefur dramatíska ásýnd. Hann hentar öllum konum sem vilja mikil og þétt augnhár ásamt enn meiri þekju og lit á augnhárin. Nýr ávalur bursti auðveldar notkun og gefur ótrúlegan árangur með aðeins einni stroku án þess að klessa þau.

NIVEA VOLUME SENSATION EXPRESS STYLER Fljótþornandi blástursvökvi.

NIVEA VOLUME SENSATION ROOT LIFTER Þessi úði gefur rót hársins meiri fyllingu.

CLINIQUE

BONUS TIME

Gjöfin þín er í Lyfju!

Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 4.900 kr eða meira er þetta gjöfin til þín*

- 7 Day Scrub Cream 75 ml
- Super Rescue Antioxidant Night Moisturizer 15 ml
- Blushing Blush 1.8 g
- High Impact Mascara 4 g
- Deep Comfort Body Butter 30 ml
- Snyrtivöru taska

*Meðan birgðir endast
Verðgildi er 12.000 kr

CLINIQUE
Ofnæmisprófað.
100% ilmefnalaust.

LYFJA
- Lifið heil

LifeStream
Engin málamiðlun í gæðum

Árangur fer eftir gæðum

29 vítamín og steinefni ·18 amínósýrur
Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD
eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Allir mínir kúnnar eru að ná gríðarlegum góðum árangri með mínu æfingakerfi, ég mæli með Lifestream Spírulina fyrir mína kúnna og þá sem vilja aukna orku úthald og meiri lífsgæði. Reynsla mín er að Lifestream vörurnar eru fremstar í gæðum.
Garðar Sigvaldason, einkaþjálfari í Sporthúsinu

Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Gæðastaðall: ISO9001, ISO1401

Rannsóknir staðfesta árangur
- www.celsus.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.

Snyrtivörukynning:

ILMIR, FÖRÐUN OG HÚÐ

SUPER DREN CELLULITE CREAM Krem fyrir appelsínuhúð, með AHA-ávaxtasýrum og þrívídd-armeðferð sem er vatnslosandi, hreinsandi og leysir upp fitu. Það bætir húðina á sýnilegan hátt, sléttir og stinnir húðvefinn og hreinsar húðfrumurnar með sérstakri jurtablöndu. Speglaprófið mun sýna fram á árangur sem kemur verulega á óvart: slétt, stinn og teygjanleg húð og fullkomlega endurmótaðar línur. Fæst í Lyfju.

VITA AGE MAMMA Afar mikilvægt er að bera á húðina krem sem getur viðhaldið náttúrulegum teygjanleika hennar og þar með takmarkað myndun slits. Vita Age Mamma viðheldur teygjanleika húðarinnar og getur dregið úr ummerkjum eldra húðslits. Kremið, sem inniheldur möndlur og hrísi, veitir djúpan raka og styrkir náttúrulega uppbyggingu húðarinnar. Fæst í Lyfju.

AUGNVATN Vítamínvökvi sem vinnur gegn öldrun húðarinnar. Dregur úr streituumerkjum svo sem fingerðum hrukkum, þrota og baugum í kringum augun. Fæst í Pier, bæði í Korputorgi og Smáratorgi, og kostar 2.690 krónur.

NÆTURKREM Nærandi og uppbyggjandi næturkrem, fullt af steinefnum og vítamínum. Einnig er kremið ríkt af ensímum sem draga úr fingerðum hrukkum og gefa húðinni frísklegan blæ. Veitir vörn gegn kulda. Fæst í Pier, bæði á Korputorgi og Smáratorgi, og kostar 2.690 krónur.

WANTED Helena Rubinstein kynnir nýja ilminn hennar Demi Moore. Wanted er stórkostlegt, djarft og munúðarfullt ilmvatn. Ilmur ástríðna, fágaður viðar- og blómailmur.

HYPNÔSE SENSES Einstaklega nautnafullur ilmur sem uppfyllir þarfir sérhverrar konu. Hypnôse er blómakenndur ilmur með „CHYPRE“ ívafi, frísklegur og fullkomin ímynd kvenleika.

IDOLE D´ARMANI Armani-konan er heillandi, hefur ógleymanlega útgeislun og er sjálfsörugg kona sem veit að einfaldleikinn er ávallt trygging fyrir glæsileika. Það er auðvelt að verða heillaður af Idole d´Armani, kryddaða blómailminum frá Armani, sem vekur þrár í hjarta manns.

PARISIENNE Þú þarft ekki að vera fædd í París til að vera „PARISIENNE“, það geta allar konur verið „PARISIENNE“ í huga sér. Hjarta ilmsins kemur frá tígulegum og litríkum blómum, en ávextir gefa ilminum kynþokkafullan blæ og nútímalegir viðartónar umvefja hann orku. Fæst aðeins í Hygeu-verslununum, Hagkaupum í Holtagörðum, Jöru á Akureyri og Bjargi á Akranesi.

VERSENSE Nýjast ilmurinn frá Versace er Versense, mjúkur og seiðandi dömuilmur. Samsetning hans eru ávextir miðjarðarhafsins sem draga fram kynþokka hverrar konu.

VERSAGE POUR HOMME Léttur karlmannlegur ilmur með sitrus-angan. Herrailmur fyrir menn með sterkan persónuleika og eru ekki hræddir við að sýna ást sína á tísku.

CARTIER DÉLICES Délices – er ferskur dömuilmur sem kynntur er sem lostafullur, undurfagur, miskunnarlaus og seiðandi. Délices er flottur ilmur sem hentar vel nútímakonunni.

UMHIRÐA

MULTI-ACTIVE DAY CREAM Hér er á ferðinni hin fullkomna meðferð fyrir húðina til að sporna við fyrstu ummerkjum öldrunar. Multi-Active Day Cream frá Clarins, sem í er þykkni úr lækningajurtinni Ambiaty sem vex á Madagaskar, veitir húðinni allt sem hún þarfnast til að viðhalda æskuljómanum. Hrukkur og fínar línur minnka verulega og húðin geislar af ferskleika.

EYEBROW KIT „PRO“ PALETTE Afar handhægt og skemmtilegt litaspjald sem hafa má með sér hvert sem er, hvenær sem er, til þess að geta ávallt frískað upp á náttúrulega fegurð augabrúna og augna. Í öskjunni eru þrír mismunandi litir fyrir augabrúnir, vax til að móta brúnirnar, augnskuggi til að lýsa augnsvæðið, plokkarar og burstar.

WONDER PERFECT MASCARA Draumaútlit augnháranna fæst með þessum einstaka „3-in-1“ maskara sem gulltryggir þykkari, lengri og sveigðari augnhár. Við fyrstu stroku þekur maskarinn hvert augnhár alveg frá rót að enda með áferðarfallegum og djúpum lit. Til að ná sem bestum árangri er best að draga maskarann rólega frá rótum augnháranna og að endum þeirra með sikk-sakk-hreyfingum.

CARTIER ROADSTER Roadster – Karlmannlegur, seiðandi og djarfur ilmur. Tónar ilmsins endurspegla ímynd Cartier-mannsins sem er sjálfstæður, ævintýragjarn og mikill listunnandi. Hönnunin á glasinu er mjög karlmannleg og gríðarlega töff.

Ferskari en fersk með Dove

Dove línan frískar og endurnærir líkamann frá hvirfli til ilja.

Fersk angan af grænum telaufum og safaríkri agúrku örvar skynjunina og nærir húðina svalandi mýkt frá morgni til kvölds.

GEYSIR BISTRO BAR

Helgarmatseðill
Weekend special

Forréttur:
Tómat mozzarella turn á salatbeði.
Tomato mozzarella tower on salad.

Aðalréttur:
Léttreyktir grísalundir með villisveppa sósu, kartöflugratín, steiktu grænmeti.
Lightly smoked porktenderloin with wildmushroom sauce, potato gratin, and fried vegatables.

Eftirréttur:
Svört og hvít súkkulaði mús með melónuspjóti.
Black and white chocolet mousse with a spear of melons.

Aðeins Kr. 4.900,-
Verði ykkur að góðu.

Gildir Föstudag til Sunnudags frá kl 18:00

Geysir Bistro & Bar Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, Sími: 517 4300, www.geysirbistrobar.is

tíðin

hönnun og list

ÞÆGILEGIR Fallegir og mjúkir flatbotna skór eru stundum bráðnauðsynlegir. Þessir eru frá camper og fást í kron.

SIGURÐUR ODDSSON
tónlistarmaður og grafískur hönnuður

ITUNES RADIO Botnlaus brunnur framandi tónlistar, allt frá 30s-40s big band til hefðbundinnar persneskrar tónlistar og allt þar á milli.

EINNOTA MYNDAVÉLAR Eins og að kaupa minningar í nammipakka.

RSS/TWITTER Áskrift að ýmsum vefsíðum og bloggum sem veita mér innblástur með fallegum myndum, teikningum og hönnun á hverjum degi.



TOPP 10

ALAMBRE Á SANTA MARÍA Minnst einu sinni í viku.

ADOBE ILLUSTRATOR Ef ég ætti að velja mér eitt tölvuforrit sem ég mætti nota, þá yrði það fyrir valinu.

ULLARGRIFFLUR ÚR ELLINGSEN Til að vernda atvinnutækin sem hendurnar mínar eru frá vetrarkuldanum.

SUNNUDAGS-KERTAKAUP Í TIGER Góð venja til að halda heimilinu ljómandi alla vikuna.

FÓLK-FRÉTTIR Á VISIR.IS að er einhver með hnéblæti á háalvarlegu stigi þarna, auk annarra kvilla. Stórskemmtilega fáránleg lesning á hverjum degi.

TRUE BLOOD, ENTOURAGE OG MAD MEN Þessar þrjár þáttaraðir eru ómissandi fyrir mig og kærustuna á dimmum vetrarkvöldum.

SOJALATTE Á KAFFITÁRI Byrjar daginn með mér.

Það var orðið dýrt að geta varla hreyft sig
Bo Tavell 65 ára

Nú er ég liðugur á ný!

Í mörg ár hefur Bo stundað áhugamál sín þrátt fyrir stirða og auma liði. Hann lét ekki þráláta verki og stirðleika stöðva sig. „Eftir að ég kynntist NutriLenk er lífið langtum léttara og bjartara," segir hinn sænski Bo Tavell, 65 ára. „Það er klárt mál að líf mitt er allt annað og betra eftir að ég byrjaði að nota NutriLenk."

Bo Tavell hefur mýmörg áhugamál og vill lifa lífinu til hins ýtrasta. Hann ekur vélhjóli og er virkur í torfæruakstri, sem er mjög erfitt vélhjólasport. Bo fer einnig á brimbretti, skíði og lagar húsið sitt svo eitthvað sé nefnt. Fyrir nokkrum árum fór hann að verkja í fingur og hné.

Ég er þver og vildi ekki láta neitt stoppa mig

„Ég þverkallaðist við og lét ekkert stoppa mig í að lifa virku lífi og gerði það oft á hnefanum sem var erfitt! Hugurinn náði ekki alltaf að yfirstíga sársaukann og var ég farinn að framkvæma minna og minna."

Hné og fingur

„Ég viðurkenni að geðslagið og liðirnir voru ekki upp á sitt besta og var ég orðinn hálf niðurdreginn þegar góður vinur benti mér á NutriLenk. Strax eftir tveggja vikna inntöku fann ég fyrir miklum létti og átti mun betra með að hreyfa mig og best var að endurheimta húmorinn á ný," segir Bo skellihlæjandi.

4.500 km á vélhjóli

„Fyrir nokkru var mér boðið í brúðkaup til Rúmeníu. Ég ákvað að fljúga til Rómar og keyra þaðan á vélhjóli í brúðkaupið sem var 2.250km leið! Sem gerir jú 4.500 km báðar leiðir. Áður en ég byrjaði að taka inn NutriLenk hefði ég aldrei nokkurn tímann getað farið út í svona ævintýri í því ástandi sem ég var. En eftir að ég kynntist NutriLenk þá var ekki mikið mál að leggja upp í þetta ævintýri sem gekk alveg fyrirtaks vel. Reynar fann ég fyrir smá þreytuverk í baki eftir að hafa setið svona lengi á hjólinu en það hefðu nú flestir gert!" bætir Bo kíminn við.

Mæli gjarnan með NutriLenk

„Ég mæli eindregið með því að þeir sem hafa auma og slitna liði taki inn NutriLenk."

Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.

Heilbrigður liður

Liður með slitnum brjóskvef

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

Vara ársins!
NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.

Einskismannsland? Nú stendur yfir sýning listakvennanna Juliu Staples og Lönu Vogestad í Lost Horse Gallery. Ljósmyndin er eftir Juliu og heitir Inn og út.

MYND/JULIA STAPLES

Listakonurnar Julia Staples og Lana Vogestad:

EINSKISMANNSLAND í Lost Horse Gallery

Hvernig er hægt að túlka tilfinningalegt einskismannsland? Til dæmis með ljósmynda- og skjáinnsetningum, eins og þeim sem sjá má á sýningunni „No Man's Land" – Einskismannslandi – sem nú stendur yfir í Lost Horse Gallery á Vitastíg 9a. Þar sýna listakonurnar Julia Staples og Lana Vogestad verk sín.

Heiti sýningarinnar vísar til landspildu sem er ósetin og valdaaðilar gera ekki kröfu til. Í mörgum tilfellum er um að ræða svæði sem tvær þjóðir eða fleiri deila um yfirráð yfir. Verk þeirra Juliu og Lönu eiga að „ávarpa stað ókunnugleika og breytinga" eins og segir í lýsingu á sýningunni og þær nota innsetningar til að draga fram þær tilfinningar. Verk Juliu samanstendur af 26 ljósmyndum teknum á yfirgefnu Nato-herstöðinni í Keflavík. Verk Lönu er síendurtekinn vídeóbútur af rjómaís sem bráðnar og er sóað og kallar meðal annars fram hugsanir um tapað sakleysi, dauðleika og loftlagsbreytingar.

Sýningin stendur yfir til 25. október.

- hhs

Jólaóróinn 2009

Leifsstöð, kr. **6.850.-**
Skeifunni, kr. **8.550.-**

GEORG JENSEN

JÓLAÓRÓINN 2009
FÆST Í EPAL DESIGN Í LEIFSSTÖÐ
OG Í EPAL Í SKEIFUNNI 6

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Árný Þórarinsdóttir, arkitekt og Stáss-hönnuður

1 Vakna með fjölskyldunni í rólegheitunum - te, ristað brauð, blöðin og Óskastundin á Rás 1 hljómar undir.

2 Hitta vinkonur í kaffi á Kaffismiðjunni og taka góðan göngutúr niður í bæ með barnavagninn.

3 Rekast á draumakjólinn, kaupa hann og dásamlega skó í stíl.

4 Fara út að leika með fjölskyldunni í sól og sumaryl í Nauthólsvíkinni.

5 Leikhúsferð og út að borða gómsætan mat með manninum, hitta góða vini og hlæja og dansa fram á nótt.

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla

Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald** og **hreyfigetu.** Við erum betur í stakk búnar að **takast á við krefjandi verkefni**

Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur

Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og **þú getur það líka.** Búinn að **missa yfir 20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**

Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 19. október
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA



Ný snið, ný efni.

Fondur og fjöfavara
FONDRA
Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

Hrossakjötsveisla í Skagafirði

Hrossablót verður haldið í Hótel Varmahlíð á morgun en þar gefst fólki kostur á að bragða alls kyns hrossakjötsrétti að hætti Friðriks V. Karlssonar og Þórhildar Maríu Jónsdóttur og fræðast um leið. Meðan á borðhaldinu stendur flytja heimamenn ljóð og kveða rímur.

Sögusetur íslenska hestsins stendur fyrir hrossablóti í samstarfi við Hótel Varmahlíð og veitingastaðinn Friðrik V á Akureyri í annað skipti á morgun. Blótið fer fram á Hótel Varmahlíð og hefst með fordrykk klukkan 19.30.

„Sögusetur íslenska hestsins er alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins. Okkar hlutverk er að miðla sögunni og höfum við tekið þann pól í hæðina að gera það með skemmtilegum hætti," segir Arna Björg Bjarnadóttir, forstöðumaður Sögusetursins „Í fyrra ákváðum við málþing um hrossakjötsneyslu fyrr og síðar en í staðinn fyrir að hafa það með hefðbundnu sniði hafði ég samband við Hótel Varmahlíð og veitingastaðinn Friðrik V á Akureyri og fékk þessa aðila í samstarf við okkur um að setja upp hrossakjötsveislu. Við blönduðum því saman málþingi, matarveislu og skemmtun og gafst það svo vel að við ákváðum að endurtaka leikinn."

Um aldir þótti ekki til siðs að leggja sér hrossakjöt til munns og skýrði Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur frá ástæðum þess í erindi um hrossakjötsneyslu landsmanna sem hann flutti á hrossablótinu í fyrra. Þar sagði hann meðal annars: „Um aldir var það almennt viðhorf í íslensku samfélagi að algjört bann væri við því að leggja sér hrossakjöt til munns. Þetta bann var tengt túlkun á Biblíunni, sem fól í sér að einungis mætti borða kjöt af klaufdýrum. Bannið við hrossakjötsáti var fornt en neysla þess var meðal annars notuð til að greina á milli heiðinna manna og kristinna í frumkristni á Norðurlöndum." Síðar í erindinu segir: „Staða hestsins sem mikilvægs atvinnu- og samgöngutækis hefur að líkindum enn frekar styrkt bannið gegn hrossakjötsátinu. En hér á landi gegndi hesturinn mikilvægu hlutverki bæði við vinnu og flutninga allt fram á 20. öld."

Hrossakjötsveislan er nú haldin annað árið í röð en færri komust að en vildu í fyrra að sögn Örnu Bjargar Bjarnadóttur, forstöðumanns Sögusetur íslenska hestsins. MYND/ÚR EINKASAFNI

Um aldamótin 1800 fór að draga verulega úr andúð á hrossakjötsáti og leiðir Hrafnkell að því líkur að það hafi meðal annars verið vegna þess að þá vissu menn að hrossakjöt þótti herramannsmatur í Danmörku.

„Neysla á folalda- og hrossakjöti hefur síðan sífellt verið að færast í aukana og eykst hún samhliða því að fólk kynnist margbreytilegum möguleikum á matreiðslu þess," segir Arna. „Á hrossablótinu verður boðið upp á margbreytilega hrossakjötsrétti og kynnir Friðrik V. Karlsson þá jafnóðum, en honum til halds og trausts verður Þórhildur María Jónsdóttir, matreiðslumeistari á Hótel Varmahlíð. Í fyrra voru þau til dæmis með hrossalundir af níu vetra hrossi sem bráðnuðu uppi í manni og crème brûlée úr kaplamjólk."

Hún segir fólk sem er forvitið um matreiðslu hrossa- og folaldakjöts sækja blótið og eins þá sem sækjast eftir sannkallaðri kvöldvökustemningu. „Skemmtunin er eins og maturinn sótt beint af býli og mun skagfirsk menning svífa yfir vötnum. Sigurður Hansen flytur eigin ljóð. Félagarnir Siggi Björns á Ökrum og Jói í Stapa kveða rímur og Miðhúsabræður þenja nikkurnar." *vera@frettabladid.is*

Í fyrra var meðal annars boðið upp á hrossa-carpaccio.

Markmið ferðarinnar er að efla tengsl milli ungs tónlistarfólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ungt tónlistarfólk frá Norðurlöndum

TÓNLEIKAR Í LANGHOLTSKIRKJU KLUKKAN 20 Í KVÖLD.

Yfir hundrað ungir tónlistarmenn frá Danmörku og Noregi halda tónleika ásamt íslenskum jafnöldrum sínum í Langholtskirkju klukkan 20.00 í kvöld.

Verkefnið er styrkt af Norrænu barna- og unglinganefndinni (NORDBUK) og Norræna menningarsjóðnum (Nordisk Kulturfond). Frítt er á tónleikana fyrir ungmenni sem eru að læra á hljóðfæri.

Unga fólkið dvelur hér í viku og heldur tónlistarkynningar í skólum, auk hinna opinberu tónleika í Langholtskirkju. Markmið ferðarinnar er að efla tengsl milli ungs og upprennandi tónlistarfólks á Norðurlöndum, og einnig að kynna þeim norræna tónlist og menningu.

Um tuttugu íslenskir strengjaleikarar á aldrinum tíu til sextán ára, sem hafa stundað eða stunda nám í Suzuki-tónlistarskólanum, koma fram á tónleikunum.

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn Smiðjuvegi 46E v/Reykjanesbraut. Kopavogi, simi 567-1800 Löggild bílasala

Mercedes Benza E-240 árg. 2000. Verð 1.490.000kr. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi. s. 567-1800 www.bbv.is

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Bílás Bílasala Akranes

Góð kaup. Hyundai Sonata GLS 7/2005 ssk. Ek. 80,000 listaverð. 1,800,000 tilboð 1,490,000 áhvílandi 680,000 Bílás Bílasala Akranes S:431-2622

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

STÓRA BÍLASALAN



VW Golf GTI DSG Árgerð 04/2007, ekinn 23þ.km, 18" álfelgur, sóllúga, verð 3.550.000kr, rnr 150131. Sjá nánar á www.stora.is

Toyota Land Cruiser 90LX Diesel Árgerð 1/2000, ekinn 152þ.km, 100% þjónustaður af sama aðila frá upphafi, verð 1.990.000kr, rnr 150079. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

FORD FOCUS. Árgerð 2003, ekinn 113 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.380þ ATH „ gott stgr. verð" Rnr.129198 „ Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar" WWW.HOFDABILAR.IS

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

FORD E350 CLUB WAGON. Árgerð 1998, ekinn 100 þ.km, BENSÍN v10, Sjálfskiptur. 15 manna Verð 1.780þ Rnr.127970 „ Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar" WWW.HOFDABILAR.IS

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

DODGE GRAND CARAVAN SE. Árgerð 2006, ekinn 66 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.7 manna Verð 2.680þ Rnr.170150 „ Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar" WWW.HOFDABILAR.IS

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

FORD FREESTYLE SEL AWD. Árgerð 2005, ekinn 62 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.7manna Verð 2.980þ Rnr.129086 „ Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar" WWW.HOFDABILAR.IS

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

TOYOTA LAND CRUISER 100 VX. Árgerð 2003, ekinn 105 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur, filmur, Xenon ofl. Glæsilegt eintak Verð 4.980þ Rnr.129108 „ Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar" WWW.HOFDABILAR.IS

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

LAND ROVER DISCOVERY SERIES II S. 7 MANNA, MIKIÐ ÚTBÚIN BÍLL Í TOPPSTANDI.. Árg. 2003, ekinn 108 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 3.4 millj .... Rnr.128496.

Höfðabílar
Fosshálsi 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Arnarbílar www.arnarbilar.is

VERÐ 550.þ
VW GOLF COMFORTLINE, árg 8/1998, ek 116.þ km, Beinskiptur 1.6L, '17 Álfelgur, Spoiler, Geislaspilari Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

VERÐ 750.þ
LAND ROVER FREELANDER, árg 7/1999, ek 147.þ km, 1.8L Beinskiptur, dráttarkúla, Fallegt eintak Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

VERÐ 790.þ
FORD FOCUS AMBIENTE STATION, árg 5/2002, ek 117.þ km, Beinskiptur 1.4L, Fallegt og snyrtilegt eintak Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Dekk til sölu
Eigum til Ný Continental 255/50 R20 Sumardekk, Notuð Michelin 265/70 R17 Heilsársdekk, Ný Pirelli 275/55 R20 Heilsársdekk Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Bílar til sölu

Landcruiser 90 GX árg. '98 breyttur á 38". Sk. '10. Læstur - aftan og framan. Fjarstart, þjófavörn og nýjar felgur. Ásett verð 1900þ. Tilboð óskast. S. 899 9066.

Til sölu Dodge Caravan árg. '00 m. bilaða sjálfskiptingu. V. 150 þús. S. 565 1904.

Alfa Romeo 156 2 lítra. Árg. '89 sk. '10 V. 120 þús. Er grænn. S. 847 0638.

Grand Cherokee '97 6 cyl sk. '10 til sölu á 400 þús. Uppl : 892 3533.

Daewoo Lanos 2000 árgerð, skoðaður 2010, með bilaða vél. Til sölu í heilu eða pörtum. Upplýsingar í síma 862 5331

Til sölu 2.Citroen Berlingo'07 eknir 32.þús.Gráir að lit. fást með yfirtöku á láni 1.milljón. afb. 35.þús á mán. uppl.824 1450 Stefán

0-250 þús.

Vantar bíl á leigu fram að áramótum. Innanbæjarsnatt. Verðhugmynd: 70-90 þús. S. 693 2112

Óska eftir 7 manna bíl sem fyrst 1 mil. staðgr. rav374@gmail.com

Opel Corsa '98, ek. 115þ, 3ja dyra, beinsk., sk. 2010. Verð 200þ. Stefán 844 4643.

250-499 þús.

Daewoo árg. '00 ekinn. 95 þús. km. VERÐ 320þús Í topp standi, nýtt.. tímar., bremsur, kúpl. Nýl. púst. Skoðaður '10, góð dekk og álfelgur. ,- góður vagn sem á mikið eftir. S. 770 5035, postur@gmail.com

4X4 á tilboði
Kia Grand Sportage árg.'99, ek. 111þ, sjálfsskiptur, blár,sk.'10, nýleg dekk, verð 550þ fæst á aðeins 350þ staðgreitt uppl. s. 861 7600

500-999 þús.

Til sölu silfurgrár Toyota Yaris 5 dyra. Árg 2003, ekinn 75 þús. Uppl. í 869 5956.

Bílar óskast

Óska eftir VW Polo árg. '95 til '00, þarf ekki að lýta svona vel út, má vera í öðrum lit, má þarfnast viðgerðar. s: 892 7852

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Polo eða Golf óskast !
á 200-350þ. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 821 2545

Ford F350. 'Oskast Er að skoða eftir Ford 350, 2005+ Þarf helst að vera á 35+ ekki vera 37. Myndir,simi og verð hugmyndir sendist á gummibondi@hotmail.com

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

SKI_DOO Summit 800R X 146x16x2,25"neglt belti,rafstart,bakkgír,Team kúppling,töskur,ekinn 1800 km lítur mjög vel út aðeins bein sala-uppls.894-5572

Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Fellihýsi

Hef nokkur pláss laus fyrir fellihýsi,tjaldvagna og fleira. Upphitað og loftað löng reynsla með blessunarlega tjónalaust orðspor S: 897 1731.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

Mótorhjól

Motor sport

Haustútsala á vespum í stuttan tíma!
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Til sölu götuskráð KTM300 EXC árgerð 2006. Geggjað Enduro hjól, létt og skemmtilegt og í toppstandi. Ekið.100 tíma Verð.560.000,- S.896 1312.

Til sölu götuskráð KTM EXC 250F. Árg. 2007 Ekið. 54 tíma Hjól í topp standi. Verð. 790.000,- S.896 1312.

Til sölu götuskráð Yamaha WR 450. Árg. 2006. Ekið 3000 km. Glæsilegt hjól í toppstandi, nýyfirfarið og á góðum dekkjum. Verð.640.000,- S.896 1312.

Fjórhjól

Til sölu er Polaris sportsman 800 árg.08. Blátt með nánast öllu Verð 1990þús. lán 1100þús. nánari uppl.8600024

Kerrur

Til sölu mjög góð jeppakerra. Verð 50 þús. S. 864 8918.

Vinnuvélar

KRAFTVÉLAR

Höfum til sölu úrval notaðra tækja. Kíktu á www.kraftvelar.is

Bátar

Til sölu Avon harðbotna slöngubátur. 15 fet, m. 90 hö. Evenrod utanborðsmótor. Uppl. í s. 893 9229.

Lína (ekki segulnagla) ca. 100bjóð, bæði ný og lítið notuð ásamt bölum, einnig beiduskurðarhnífar. uppl. s. 892 0185 og 565 0111

Hjólbarðar

Ódýr dekk ! Nelgd vetrardekk 175/65/14, 185/65/14, 185/70/14 Kr. 5.000 stk. Til sölu á Smiðjuvegi 1, Átak, sími 5445005

Skelkornadekk Tranbath 235x55R18 4st. Lítið slitin. Dunlop mamjor 31" á 15" felgu. Uppl. í s. 847 6233.

Til sölu 2 stk. 15" nagladekk. V. 15þ. Uppl. í s. 864 8918

Varahlutir

Stálfelgur 15" 5 gata undan Benz. Í góðu standi. V. 12þús. Uppl. í s. 554 2682.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partabílar 770-6400
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Karvan '97 og Nissan Primera '99. Kaupum bíla í niðurrif.

Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Toy Double Cap 94.Korando 98. Kia Sportage 97.Opel Astar 97.Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

Óska eftir vinstra framljósi á MMC Galant '93-'97 eða bíl til niðurrifs. Steinþór 864-3814

www.netpartar.is
Bílapartasala
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Atlio Hreingerningar Flutningsþrif Gólfbónun Teppahreinsun Húsgaggnahreinsun Sími: 662 0 662

Garðyrkja

Smágröfuleiga Drenlagnir Hellulagnir

Tökum að okkur alhliða lóðavinnu.
Upplýsingar í síma 824 7565 Beggi 696 6676 Bjössi.

Gröfuþjónusta Auberts.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.

Trjáfellingar!
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, uppgjör, framtöl. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörs aðili getur bætt við sig verkefnum. s. 772 55 33 info@betrabokhald.com

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Hreinsa þakrennur
Hreinsa þakrennur fyrir veturinn. Næ í bíla heim/ í vinnuna og skipti yfir á vetrard ofl. ofl. Uppl. í s. 847 8704.

Stífluþjónusta

Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

Whole body massage. Tilboð í dag. S. 857 7693.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5024.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850 & 849 3242.

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 4850.

Frábært heilnudd, fantastic massage. S. 869 8076 & 894 6823.

Spádómar

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Skemmtanir

Enn og aftur mætum við í veisluna eða partíið með ljúfu lögin & auðvitað grípum við sem best í brekkusöngin hans Árna J. Nikolaus & JoJo sími: 822 4535 email: skiing@this.is

Rafvirkjun

Trésmíði

Húsasmíðameistari, félagi í Meistarafélagi Húsasmiða getur bætt á sig verkefnum. Upplýsingar í síma 699-5487. Verðtilboð ef þess er óskað.

smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

Bjóðum uppá fatabreytingar og viðgerðir. Skiptum um rennilása. Gott verð. Hröð og góð þjónusta. Saumagallerí Chaemsri Laugavegi 70 s. 552 1212.

KEYPT & SELT

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar. is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Til sölu

Þjófavarnirnar komnar aftur!
Nú einnig með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Öryggis- og peningaskápar.

Panill hvíttaður
Til s-lu ca. 400 fm af fallegum hvítlituðum panel. Uppl. í s. 857 6890.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

J. B. HEILSULIND
Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Ódýrir og vandaðir ferðanudd- og óléttubekkir til sölu. Nemaafsl. 891 6447 Óli.

Notalegt nudd! Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

Þjónusta

Er andlega orkan á þrotum?
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

Þjónusta

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

NORSKA - ICELANDIC
ANGIELSKI dla POLAKÓW
Enska fyrir börn

Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, st. 26/10. Level I: 4w Md to Fr; 18-19:30, st. 26/10. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 26/10. Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 26/10. Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 12/10. Level III: Tues/Thur; 10 weeks 19:45-21:15, st: 12/10. NORSKA: 4 vikur mán til fös; 19:45-21:15; st 12/10. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I Mornings: 10-11:30, 4 weeks st. 26/10. Level II: 4 w; Md to-Fr; 18-19:30, st. 26/10. Level I: 4 w; 18:-19:30, st. 23/11. ENSKA f. BÖRN: 8 vikur; kl 16:30-17:30 - 9-12 ára: Þri/fim: 13/10 og 5-12 ára Framhaldst.; fös, 1 x viku; 30/10 og 5-8 ára: mán/mið; 2/10. Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice - ff@icetrans.is.

HEIMILIÐ

Málverk

Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

Dýrahald

Hreinræktaðir Beagle hvolpar (rakkar) til sölu. Örmerktir, heilsufars og ættbók frá HRFÍ. Verð 180 þ. Afhending ca. 10. nóv. Uppl. 862-1304 og eggertr@simnet.is Sjá myndir á http://mario.beagle.googlepages.com/

Miniature Pinscher

Hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir og með ættbók. Uppl. í S 773 4991.

Ýmislegt

Tilboð á þrí-víddar klippimyndum. Tómstundahúsið, Nethyl 2, símí 587-0600, www.tomstundahusid.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Lítið sem ekkert notaður Hilbar hnakkur til sölu. S. 848 7927.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós.
Fylgist með á www.heimahagar.is
Upplýsingar í síma 772 7553.

Til leigu nokkur herb. í 101 Rvík. m/aðgang að eldhúsi, baði, þvottaads. m/adsl. V. 30-40 þús. S. 770-6464

Til leigu tvær 2. herb. íbúðir í einbýli í norðurbæ Hafnarfjarðar. Önnur er ný glæsileg 62m2 leigist á 95.000.- hin er 54m2 og leigist á 70.000.- Leigjast barnl. einstakl. eða pari, engin gæludýr, reyklausar íbúðir. Rafmagn og hiti innif. Enginn hússjóður, lausar strax. Sjá myndir: http://abstrakt.is/leiga/default.htm Uppl. í síma 822 1216.

Til leigu er 3 herbergja íbúð á rólegum stað í gullsmára í kópavogi.íbúðinn er á jarðhæð og er vel rúmgóður pallur með henni.íbúðinn leigist á 135.000 kr og + rafmagn. Íbúðin er laus. A.t.h íbúðinn er reyklaus og gæludýr bönnuð. Frekari uppl. í síma 692 8188.

30 fm stúdíóíbúð v. 55þ. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

Björt og snyrtileg 65fm íbúð með sér inng. ,í hverfi 112,Rvík. Leiga 100þ m.hita/rafm vatnstr.uppl.í s. 659 6118.

Til leigu 4 berb. íbúð á góðum stað í Hf. Sanngjörn leiga. Nánari uppl. í síma 849 9952.

Falleg og björt stúdíóíbúð á 3.hæð, svæði 105 Rvk til sölu. Nánari uppl í síma 6946541

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 661 1247 og 694 6396 á milli kl: 17-21 alla virka daga.

Gott herb. til leigu í Hlíðunum, ca. 15 fm, með aðgang að snyrtingu. Uppl. í s. 892 2095.

Laus strax í 101. Uppgerð 3. herb. 74 fm kjallaraíb. að Seljavegi . Ísskápur , örbylgja og eldhúsborð og stólar fylgja. Afhendist strax á leigu í okt. gegn því að verða máluð. Leiga 100 þ . Upplýsingar í 697 9300 eða 693 1751.

Húsnæði óskast

Lítil fullorðna fjölskylda óska eftir lítilli íbúð í róglegu húsi í Kóp eða Brh. Reykleysi og ábyrðarsemi. S.867 1878.

Par óskar eftir 3 herb íbúð á Rvk svæðinu.Gjarnan með bílskúr. Uppl í síma -845 1688.

Atvinnuhúsnæði

IDNADAR-/FISKVINNSLUHÚSNÆÐI Í SANDGERÐI TIL SÖLU/LEIGU. UPPL. Í SIMA 822-6181 EDA Á ASDF@MITT.IS

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Geymsluþjónusta
Geymi tjaldvagna, fellihýsi, mótorhjól. Staðsetning Breiðholt. S. 892 4424.

Geymslupláss
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Geymsluhús.is
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

Eigum nokkur stæði laus fyrir ferðavagna í geymslu okkar að Kvíarhóli í Ölfusi. Góð og vel staðsett geymsla. Tökum á móti ferðavögnum núna um helgina. Upplýsingar í síma 856 4848 eða á ferdavagnar.is. S33 ehf, Kvíarhóli.

Geymsluhús.is
Tjaldvagnageymsla 770-5144

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Vegna aukinna verkefna leitum við eftir aðilum í dreifingarverkefni í Reykjanesbæ, Vogum, Grindavík, Sandgerði og Garði, einn til tvo daga í viku. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s. 585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirta@posthusid.is

Kornið Bakarí Óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfskraft í almenn skrifstofustörf.
Um er að ræða hlutastarf, vinnutími eftir hádegi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu og starfsreynslu á DK viðskiptahugbúnaði. Starfið fellst í innheimtu,reikningagerð,launaútreikningi ásamt öðrum tilfallandi skrifstofu störfum.
Umsóknir ásamt upplýsingum sendist á skrifstofa@kornid.is



Tapasbarinn Vegna mikilla anna erum við að leita af öflugu og skemmtilegu starfsfólki í sal og eldhús. Kvöld og helgarvinna. Einungis fólk sem talar íslensku kemur til greina. Upplýsingar í síma : 551-2344 og tapas@tapas.is

Óskum eftir fólki í stólaleigu.Uppl. í s:8983555 eða 8661172

Hellulagnir
Vantar vana hellulagningamenn í tímabundna vinnu uppl. í s. 617 3705.

Reception, part time job For students . Weekend and evening shifts good English requested. Send info: tjonusta@365.is

Krakkahöllin Korputorgi
Leitar eftir duglegri manneskju í vinnu, tvo virka daga og eina helgi í mánuði. Uppl. í s. 893 0096

Veitingahúsið Saffran óskar eftir reyndum pizzabökurum, líflegur vinnustaður, vönduð vinnubrögð. Áhugasamir hafið samband við oddur@saffran.is

Á saumastofu í fataviðgerðir. Einnig kjólameistara í nýsaum. Textillane, Laugavegur 101 og textillane@internet.is

Óska eftir að ráða vana saumakonu á saumastofu. Uppl. í s. 865 7754.

Snyrti-, nudd-, nagla- og fótaaðgerðafræðingar/meistarar óskast til starfa. Frekari upplýsingar í síma: 6601792 eða thorunn@mizu.is

Atvinna óskast

26ára íslendingur búsettur í Köben óskar eftir vinnu. Er ýmsu vanur. Smíðum, akstri ,lager og með öll ökuréttindi. Skoða allt. Uppl. í síma 528 81250.

Viðskiptatækifæri

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Rússnesk Listasýning verður opnast 17 október kl 16-00 Gaðastræti 33 (Sendiráðið) Allir Velkomnir! Upp. í s.660-9554.

Einkamál

Símadömur. 908 66666 & 908 2000.

Hringdu þegar þér hentar,engin bið!! Opið allan sólahringin.

91 eða ekki neitt !
Sælir, ég er 18 ára ung meyja sem hef gaman af lífinu. Ég er að leita mér að leikfélaga, hef ekki enn fundið neitt sem er til í eitthvað spennandi og skemmtilegt. Endilega ef þú ert að leita af því sama og ég sláðu þá á þráðinn og við gerum eitthvað gott úr þessu. Hlakka til að heyra frá ykkur.
Thelma, s. 847 3134.

Kona með yndislega rödd leitar kynna við karlmann með notalegar stundir í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, símí 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8658.

Góð kona vill kynnast hressum og heiðarlegum manni, 60-70 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, símí 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8950.

Sjóðheit upptaka ungar konu sem af einstakri innlifun deilir með þér sínum dýpstu tilfinningum. Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8319.

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, símí 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8197.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Skemmtanir

Cafe Catalina
Í kvöld spilar hljómsveitin
Vanir menn
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Hádegismatur alla virka daga
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð
Boltinn í beinni!
Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

Fasteignir



Eignatorg Sími 510 3500
Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

Eignatorg kynnir: Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum, 110 Reykjavík. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með nátturúru flísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með nýlegu-plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með nýlegu plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús.

Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is



Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

600Hz NeoPlasma breiðtjald

Vreal 4 - 2.000.000:1 skerpa

Panasonic TXP42G10
42" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD • 1920x1080 punkta upplausn • Vreal 4 Pro • 600Hz • 24p • Dynamic Infinite Black 2.000.000:1 skerpa • VIERA Link • Háskerpu DVB-T stafrænn móttakari ofl.

INNBYGGÐUR DVD VIDEO SPILARI

LCD sjónvarp

Toshiba 19DV555
19" LCD breiðtjald • Innb. fjölkerfa DVD spilari • Digital DVB-T móttakari • 1440x900 upplausn • HDMI ofl.

LCD breiðtjald

Toshiba 32AV603PG
32" LCD breiðtjald • Active Vision • HD-Ready 720p • Upplausn: 1366x768p • Skerpa: 18.000:1 • Svartími: 8ms • 20w Stereó hljóðkerfi • VGA / PC • 2x HDMI • 2x Scart ofl.

Raftækjaúrvalið

Þú færð það í Max! Ódýrt

15.4" fartölva

Toshiba Satellite PRO S300-100
1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 120GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3G mótald • Windows Vista Business ásamt XP Pro.

109.989 kr.
Fullt verð 129.989

12MP Stafræn myndavél

Olympus FE26SV
12 milljón punkta uppl. • Autofocus • Face & Contrast Detection • DSP hristivörn • 2.7" LCD skjár • 3x Optical og 4x Digital Zoom • Hreyfimyndataka • USB • 19MB minni • Rauf fyrir xD kort ofl.

18.989 kr.

1TB flakkari

WD Elements - 1 Terabyte
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk • USB 2.0. • Windows og Mac

19.989 kr.

DVD **2.389 kr.**

Nýjir PS3 leikir **9.989 kr.**
- verð fyrir hvern leik!

A4 prentari og skanner

Epson SX210
A4 fjölnotatæki • Prentar 5760 x 1440 punkta • Skannar 1200 x 2400 punkta • Prentar 32 sv/hv bls. mín. og 15 bls. í lit • Útprentanir endast allt að 200 ár • USB • Windows / Mac

14.989 kr.

Öll nýjasta afþreyingin!

Ath. Nýtt kortatímabil

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

Leynisamningar Landsvirkjunar

UMRÆÐAN
Jón Steinsson skrifar um orkumál

JÓN STEINSSON

Á undanförnum árum hafa Landsvirkjun og önnur opinber orkufyrirtæki gert stóra orkusölusamninga til mjög langs tíma við erlend iðnfyrirtæki sem reist hafa álbræðslur hér á landi. Þrátt fyrir að hér sé um eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða hafa stjórnvöld til þessa komist upp með að upplýsa ekki um verðið sem álbræðslurnar greiða fyrir orkuna.

Endrum og eins hafa upplýsingar um orkuverðið lekið og hafa lekarnir einatt bent til þess að verðið sé afar lágt í samanburði við heimsmarkaðsverð á orku. Vörn Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar, var lengi vel að arðsemi virkjunarframkvæmda væri um 11%. Þessi vörn bendir einmitt til þess að Landsvirkjun sé að selja orkuna nálægt kostnaðarverði í stað þess að selja hana nálægt heimsmarkaðsverði.

Það að samningar Landsvirkjunar um orkuverð til stóriðju séu ekki opinberir er hneyksli. Stjórnvöld hafa lengi afsakað þetta ástand með því að það geti skaðað viðskiptahagsmuni Landsvirkjunar ef samningsverðið er gert opinbert. Það er hins vegar erfitt að sjá hvers eðlis sá skaði ætti að vera. Olíuverð, verð á gasi og öðru eldsneyti sem knýr samkeppnisaðila íslenskra álbræðslna er öllum aðgengilegt. Líklegri skýring er að stjórnvöld vilji koma í veg fyrir að almenningur gagnrýni þau fyrir að hafa samið um óeðlilega lágt verð.

Nú er mikið rætt um frekari stóriðju á Íslandi. Það á að vera ófrávíkjanleg forsenda fyrir frekari stóriðju að orkusölusamningar verði gerðir opinberir. Auk þess eiga stjórnvöld að breyta upplýsingalögum þannig að allir samningar ríkis og ríkisfyrirtækja um kaup og sölu á vöru og þjónustu séu opinberar upplýsingar. Tími baktjaldamakks opinberra aðila á Íslandi á að vera liðinn.

Ég veit að ég á marga bandamenn þegar kemur að efni þessarar greinar. Raunar hef ég ekki hitt nokkurn Íslending sem ver það að leynd hvíli yfir þessum samningum ef frá eru taldir ráðherrar, talsmenn álrisanna og forsvarsmenn opinberra orkufyrirtækja. En einhverra hluta vegna hefur þjóðin látið þetta yfir sig ganga í áraraðir. Ég skora á sem flesta að þrýsta dag eftir dag á að þessu verði breytt. Annars gerist ekkert.

Höfundur er hagfræðingur.

Stóriðjustörfin og nýsköpun

UMRÆÐAN
Jökull Gunnarsson og Ólafur Teitur Guðnason skrifa um stóriðju

ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON

JÖKULL GUNNARSSON

Í grein í Fréttablaðinu nýlega var haft eftir Finnboga Jónssyni, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, að Íslendingar hefðu ekki efni á að fjárfesta í stóriðju og að stóriðjustörf væru þau dýrustu í heimi. Hefur hann í því sambandi vísað til þess hve dýrt sé að virkja. Þannig er gefið í skyn að kostnaður við virkjanir sé eins konar stofnkostnaður sem hent sé út um gluggann til að „kaupa" nokkur störf. En til að sú ályktun stæðist þyrftu orkufyrirtækin að gefa orkuna. Það hefur ekki tíðkast og stendur víst ekki til.

Staðreyndin er sú að virkjunarframkvæmdir eru arðsamar fjárfestingar, sem áratugum saman mala gull í nánast hreinan gróða eftir að upphafleg fjárfesting hefur verið afskrifuð. Þau störf sem verða til í álverum í krafti virkjunarframkvæmda kosta því ekki neitt. Þvert á móti fæst sú fjárfesting til baka með arði – og er þá aðeins litið til virkjananna sjálfra, en til viðbótar hefur þjóðfélagið auðvitað miklar tekjur af rekstri álvera.

Vert er að benda á að ráðist er í virkjanir á grundvelli þess að fyrirtæki hafa skuldbundið sig til að kaupa orkuna í marga áratugi. Áhættufjárfestingar af einhverju tagi eru ekki sambærilegur eða hliðstæður kostur á neinn hátt; um þær gilda önnur lögmál og önnur viðmið.

Finnbogi Jónsson er í forsvari fyrir sjóð sem fjárfestir í nýsköpun. Áhugavert er að skoða hvers konar fyrirtæki það eru sem sjóðurinn hefur komið að. Finnbogi nefnir í grein sinni tölvuleikjaframleiðandann CCP og fyrirtækið Marorku. Á vef Nýsköpunarsjóðs er að finna fleiri dæmi. Þar er til dæmis nefnt fyrirtækið Alur, sem Finnbogi nefndi ekki í grein sinni. Af hverju skyldi það vera? Jú, Alur er fyrirtæki sem gerði frumkannanir og stóð síðan fyrir hönnun á verksmiðju til endurvinnslu á álgjalli, sem fellur til við álframleiðslu. Er það ekki einmitt svona sem stærsti hluti nýsköpunar verður til? Sem þjónusta við það sem fyrir er?

Nefna mætti ótalmörg dæmi um nýsköpunarfyrirtæki sem sprottið hafa upp í kringum áliðnaðinn. Sum þeirra hafa jafnvel náð eftirtektarverðum árangri á alþjóðavettvangi. Gott dæmi um það er Stímir, sem nú er hluti af Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar (VHE) í Hafnarfirði. Hjá VHE vinna í dag tugir starfsmanna við vöruþróun og þjónustu við álfyrirtækin. Fyrirtækið selur háþróaðan tækjabúnað, sem það hefur sjálft þróað, í álver út um allan heim. Þetta er nýsköpun í sinni tærustu og bestu mynd.

Það virðist algengt viðhorf að stóriðja og sprotafyrirtæki fari ekki saman. Ekkert er fjær sanni.

Sjóður eins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gegnir mikilvægu hlutverki við að styðja sprotafyrirtæki meðan þau eru að taka fyrstu skrefin í vöruþróun og markaðssetningu. En hvaða tilgangi þjónar það að rífa niður eina atvinnugrein eins og Finnbogi gerir?

Jökull Gunnarsson er framkvæmdastjóri rafgreiningar, Alcan á Íslandi hf. Ólafur Teitur Guðnason er framkvæmdastjóri samskiptasviðs, Alcan á Íslandi hf.

Þegar á reynir

UMRÆÐAN
Anna Stefánsdóttir og Kristján Sturluson skrifa um Rauða krossinn

ANNA STEFÁNSDÓTTIR

KRISTJÁN STURLUSON

Rauði kross Íslands hefur þann hlutverk í almannavörnum landsins að sinna fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi. Sjálfboðaliðar Rauða krossins starfa í 50 deildum sem mynda neyðarvarnanet um allt land og hafa gert sérstakar áætlanir um viðbrögð í kjölfar áfalla. Það gerir Rauða krossinum kleift að bregðast tafarlaust við neyð heima í héraði og á landsvísu.

Neyðarviðbrögð

Neyðaraðstoð er eitt elsta og stærsta verkefni Rauða krossins um allan heim. Aðstoðin er margvísleg og tekur mið af aðstæðum og neyð hverju sinni. Snemma árs 2009 opnaði Rauði krossinn Rauðakrosshúsið sem er eins konar fjöldahjálparstöð í Borgartúni 25 í Reykjavík. Þar er þolendum efnahagsþrenginga veitt ráðgjöf um þau úrræði sem eru til staðar í samfélaginu en Rauðakrosshúsið er einnig fræðslu- og sjálfboðamiðstöð fyrir almenning. Einnig er skemmst að minnast Suðurlandsskjálftanna árið 2008 þar sem fjölmargir nutu aðstoðar Rauða krossins í formi sálræns stuðnings og matvælaaðstoðar í fjöldahjálparstöðvum, bæði á Selfossi og í Hveragerði, og í gegnum Hjálparsímann 1717. Annað dæmi um verkefni sem Rauði krossinn sinnir eru viðbrögð vegna inflúensufaraldurs sem nú virðist vofa yfir.

LIÐSAUKI óskast!

Nú, í Rauðakrossvikunni 12. til 17. október, verður leitast við að treysta viðbragðskerfi Rauða krossins enn frekar og þar með velferð almennings í kjölfar slysa, náttúruhamfara og annarra alvarlegra atburða. Óskað er eftir LIÐSAUKA við Rauða krossinn, þ.e. fólki með mismunandi bakgrunn sem hefur áhuga á mannlegum samskiptum og vill rétta þolendum áfalla hjálparhönd. Verkefnin geta verið margvísleg en eiga það sameiginlegt að í þau þarf sjálfboðaliða tafarlaust, meðal annars til að veita skyndihjálp, sálrænan stuðning, skrá upplýsingar, elda mat eða túlka af erlendum tungumálum. Við miklar hamfarir eða stórslys gætu sérþjálfaðir sjálfboðaliðar Rauða krossins þurft LIÐSAUKA við hin ýmsu verkefni sem jafnan snúa að því að sjá þolendum fyrir helstu nauðsynjum á borð við fæði, klæði og húsaskjól.

Eftir að hafa skráð sig í LIÐSAUKA mun fólki gefast tækifæri til að sækja stutt námskeið og það þarf síðan að vera tibúið til að bregðast við ef þannig aðstæður skapast. Að sjálfsögðu vona allir að ekki komi til stórra áfalla þannig að kalla þurfi út LIÐSAUKA en við þurfum alltaf að vera viðbúin. Þátttakan í LIÐSAUKA er þannig ekki bindandi dag frá degi og hentar því vel fólki sem getur alla jafnan ekki gefið tíma sinn nema í tímabundin verkefni.

Reynslan sýnir að þegar stór áföll verða vilja allir Íslendingar koma til hjálpar. Þá er nauðsynlegt að að hafa skráð sig til slíkra verkefna og fengið fræðslu um þau áður en neyðarkallið kemur. Þetta er hægt að gera með því að skrá sig í LIÐSAUKA Rauða krossins.

Anna Stefánsdóttir er formaður og Kristján Sturluson framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

Byltingarkynslóðin

UMRÆÐAN
Valur Gunnarsson skrifar um samfélagsmál

VALUR GUNNARSSON

Davíð Þór ritaði um daginn baksíðugrein um hina svokölluðu „krúttkynslóð". Hún hefur áður verið gagnrýnd af mörgum, af Atla Bollasyni fyrir að vera ekki nógu söluvænleg og af mér fyrir að vera ekki nógu gagnrýnin á sölumennskuna. Það segir síðan ýmislegt um íslenska umræðuhefð að okkur tveimur, sem vorum á öndverðum meiði, var oft stillt upp saman. Svo virðist sem Davíð Þór hafi nú bæst í hópinn, enda benti hann sjálfur á í annarri og betri grein að íslensk umræða væri iðulega eins og Morfískeppni, þar sem menn væru með eða á móti og engan milliveg að finna.

Gagnrýni Davíðs Þórs á „krúttin" er þó ekki endilega réttmæt. Vissulega er það svo að í öllum hópum gilda ákveðnar (og oft óskrifaðar) reglur um klæðaburð og lífsviðhorf. Það gerir það þó ekki að verkum að hægt sé að leggja alla hópa að jöfnu, spurningin er frekar hver þessi lífsviðhorf eru.

Sumir hafa sagt að „krúttkynslóðin" sé betur til þess fallin að takast á við kreppuna en margir aðrir. Líklega verður kreppan öllum erfið, en þó má það vera ljóst að þeim sem minnstan þátt tóku í góðærinu bregður minnst í kreppunni. Þeir herskarar sem fóru í viðskiptafræði og hafa nú enga einkabanka til að vinna í þurfa að hugsa allt upp á nýtt. „Krúttin" geta mörg hver haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Davíð Þór líkir því við hræsni að börn miðstéttarfólks taki upp aðra lífshætti en foreldrar þeirra. Það er þó erfitt að finna nokkuð að því að fólk vilji taka upp önnur lífsgildi en þau sem á undan komu, sama hvar í þjóðfélaginu það kann að vera fætt. Einmitt þannig verður þróun til betri vegar. Þetta er ekki síður mikilvægt þegar ráðandi lífsgildi voru gildi góðærisins. Þau gildi hafa reynst okkur illa. Það er hræsni fólgin í því að hafna auðhyggjunni en auglýsa fyrir banka í leiðinni, eins og sumir gerðu. En það er engin hræsni fólgin í því að vilja tileinka sér lífsstíl sem býður upp á minni sóun en þá sem sést allt í kring.

Það er undarlegt til þess að hugsa að þeir stjórnmálamenn sem innleiddu frjálshyggjuna hingað til lands voru flestir af hinni svokölluðu ´68 kynslóð, sem er nú um sextugt. Þeir sem að síðan högnuðust mest á henni, auðmennirnir, eru flestir í kringum fertugt og tilheyrðu því pönkkynslóðinni svokölluðu hvað aldur varðar. Með hverri kynslóð takast á allskonar öfl, og það eru ekki alltaf þau bestu sem verða ofan á.

„Krúttin" stóðu fyrir það sem var (og er) gott í minni kynslóð. Vafalaust hefðu margir mátt láta heyra meira í sér, það dugar ekki að rækta sinn eigin garð til lengdar meðan gróðurhúsið hrynur í kringum mann. Það heyrðist fátt fyrir peningakössum hvort eð var. Nafngiftin bendir einmitt til þess að þetta var fólk sem ekki var mark á takandi, og ljóst var að margir litu svo á. Að minnsta kosti þar til í janúar 2009, þegar „krúttkynslóðin" ásamt fleirum létu finna fyrir sér svo um munaði. Kannski er kominn tími til þess að endurskýra hana „búsáhaldarbyltingarkynslóðina". Vonandi tekst henni betur að standa vörð um hugsjónir sínar en þeim sem kenndar eru við hippa og pönk. Því tíminn til þess að breyta heiminum er einmitt núna.

Höfundur er rithöfundur.

SAMFILM

Myndin frumsýnd í Sambíóunum 27. nóvember

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Sökkvið tönnunum í þessa

Í EFSTU SÆTUM METSÖLULISTA UM ALLAN HEIM

Heimur Isabellu hverfist um eitt og aðeins eitt: Edward Cullen! En það er jafnvel enn hættulegra að elska vampíru en hún gerði sér í hugarlund ...

Stephenie Meyer sló rækilega í gegn með *Ljósaskiptum*. Í *Nýju tungli* heldur sagan áfram og söguþráðurinn teygir sig víða.



„Þegar vel er að verki staðið eru blóðsugubækur dásamleg skemmtun og í þessu tilfelli svínvirkar þetta allt saman.“
Þórarinn Þórarinsson / Nýtt líf

„... skemmtileg aflestrar ... ég hvolfdi mér svikalaust í heillandi heim vampírunnar.“
Úlfhildur Dagsdóttir / www.bokmenntir.is

★★★★½ amazon.com

„... ein sú rosalegasta bók sem ég hef lengi lesið ... hún var góð strax frá fyrstu blaðsíðu ... Mér finnst það algjörlega SKYLDA mín að segja ykkur hvað mér fannst þessi bók góð.“
Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson

(Um *Ljósaskipti*)

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðlaugur Einarsson

skipasmiður frá Fáskrúðsfirði,
Asparfelli 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum föstudaginn 9. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 16. október, kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélögin.

Guðný Eygló Guðmundsdóttir
Sigrún Judit Guðlaugsdóttir
Einar Þór Guðlaugsson
Guðmundur Kr. Guðlaugsson **Helga Kr. Árnadóttir**
Hildigunnur Guðlaugsdóttir **Björgvin Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur frændi okkar,

Jóhannes Þorbjarnarson

(Jói á Veggjum)
Borgarnesi,

lést á dvalarheimili aldraða Borgarnesi miðvikudaginn 14. október. Jarðarförin auglýst síðar.

Systkinabörn og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Þóranna Hansen

Öldugötu 6, Dalvík,

sem lést miðvikudaginn 7. október á gjörgæsludeild FSA, verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 17. október kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Slysavarnadeild kvenna Dalvík eða Dalbæ, heimili aldraða á Dalvík.

Aðalsteinn Grímsson
Hildur Aðalsteinsdóttir **Ólafur Baldursson**
Aðalsteinn Ólafsson **Andrea Pálína Helgadóttir**
Andri Þór Ólafsson
Hildur Helga Aðalsteinsdóttir
Hildur Hansen **Þórir Stefánsson**

†

Ástkær faðir, tengdafaðir og afi okkar,

Þorvaldur Ásgeirsson

lést föstudaginn 2. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum sýnda samúð.

Sturla Þorvaldsson
Tinna Þorvaldsdóttir **Davíð Freyr Albertsson**
Hrafn Þorvaldsson **Inga María Sigurðardóttir**
Ísabella Ösp Davíðsdóttir
Börkur Elí Davíðsson

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

Jóhanns Kr. Briem Árnasonar

frá Oddgeirshólum.

Sömuleiðis þökkum við öllum sem sýndu honum tryggð og vinarhug til hinstu stundar. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalarheimilinu Sólvöllum á Eyrarbakka.

Ólöf og Jón
Jónína og Þórður Rafn
systkinabörn hans og fjölskyldur þeirra.

OSCAR WILDE (1854-1900) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Fyrirgefðu alltaf óvini þínum. Ekkert fer meira í taugarnar á honum.“

Oscar Wilde var írskt skáld, rithöfundur og leikskáld. Hann var með þekktustu skáldum á síðari hluta Viktoríutímabilsins. Þekktustu verk hans eru Myndin af Dorian Gray og Hreinn umfram allt.



tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI

GUÐBERGUR BERGSSON rithöfundur er 77 ára.

TIM ROBBINS leikari er 51 árs.

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON knattspyrnumaður er 34 ára.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björgvin S. Sighvatsson

fyrrv. skólastjóri á Ísafirði,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi miðvikudagsins 13. október sl. Útför verður auglýst síðar.

Jóhanna Sæmundsdóttir
Sighvatur Björgvinsson
Elín K. Sighvatsdóttir **Sigþór Guðmundsson**
Björgvin S. Sighvatsson **Dóra Gunnarsdóttir**
Rúnar Sighvatsson **Alma Kovac**
Bryndís Mavrou **Nicolas Mavrou**
og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svanfríður Kristín Benediktsdóttir

frá Hnífsdal, Sóltúni 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 12. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Ágúst Jónsson **Birna Geirsdóttir**
Sigurborg Sveinbjörnsdóttir **Jón K. Guðbergsson**
Anna Jenný Rafnsdóttir **Gylfi Ingólfsson**
Ásdís Lára Rafnsdóttir
Elínborg Jóna Rafnsdóttir
Edda Maggý Rafnsdóttir **Þórarinn Kópsson**
Aðalheiður Arna Rafnsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

†

Elska mamma okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Sigvaldadóttir

Sjávargrund 4a, Garðabæ,

lést 14. október. Jarðsungið verður frá Garðakirkju föstudaginn 23. október kl. 11.00.

Hanna Stefánsdóttir **Jón Guðlaugsson**
Sigrún Stefánsdóttir **Sigþór Sigurjónsson**
Bylgja Eybjörg Stefánsdóttir
Guðný Stefánsdóttir **Agnar Agnarsson**
ömmubörn og langömmubörn.

ÞETTA GERÐIST: 16. OKTÓBER 1923

Disney stofnar fyrirtæki

Þennan dag árið 1923 stofnaði Walt Disney Disney-fyrirtækið ásamt bróður sínum Roy O. Disney. Fyrirtækið hefur síðan skapað margar eftirminnilegar teiknimyndapersónur en sú fyrsta og jafnframt sú þekktasta er Mikki Mús. Meðal annarra eru Mína Mús, Andrés Önd, Plútó og Guffi.

Disney gerði stuttmyndir um þessar persónur til ársins 1937 en það ár kom út Mjallhvít og dvergarnir sjö, sem var fyrsta teiknimyndin í fullri lengd.

Meðal annarra vinsælla Disney-kvikmynda má nefna Mary Poppins, Pirates of the Caribbean, Toy Story, Öskubusku, Ratatouille, Cars, Konung ljónanna, High School Musical, Bolt, Björn bróður og Mulan.

INNRI ÞÖRF Þorgrími finnst gaman að miðla til unglinga. MYND/HEIDA.IS

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON: FAGNAR TUTTUGU ÁRA RITAFMÆLI Á AKUREYRI

Skrifar handrit að stórmynd

Þorgrímur Þráinsson á tuttugu ára ritafmæli um þessar mundir en fyrsta bókin hans, Með fiðring í tánum, kom út árið 1989. Á morgun fagnar hann útgáfu nýjustu og jafnframt 23. bókar sinnar Núll Núll 9 sem er sjálfstætt framhald af bókunum Svalasta 7 an og Undir 4 augu. Fagnaðurinn fer fram í Eymundsson á Akureyri en bókin gerist meðal annars norður í landi.

Fyrstu bækur Þorgríms, Með fiðring í tánum, Tár, bros og takkaskór og Mitt er þitt, náðu strax miklum vinsældum. „Ég held að það hafi nú hjálpað mér til að byrja með að ég var landsliðsmaður í fótbolta en ég verð svo bara að viðurkenna það að mér finnst þetta sífellt skemmtilegra. Mér finnst ég alltaf vera að ná betri tökum á þessu og verður maður ekki að segja að nýjasta bókin sé best.“

Þorgrímur talar um innri þörf sem hann verði að fá útrás fyrir. „Mér finnst gaman að miðla til unglinga enda eru þeir einlægir lesendur. Ég skrifa fyrir krakka sem eru að klára tíunda bekk og sumir hneykslast á því að ég sé að skrifa fyrir hóp sem les lítið. Hjá mér snýst þetta hins vegar ekki um það heldur að skrifa fyrir þann hóp sem mig langar til að skrifa fyrir. Mér finnst líka gaman að skrifa spennusögur en í nýjustu bókinni er Björk rænt í Rússlandi, Eva Joly finnst myrt í Bláa lóninu og unglingar flækjast inn í spennandi atburðarás. Skilaboðin eru þau að ekki er allt sem sýnist og að Ísland sé fullt af auðlindum sem aðrar þjóðir munu sækja í í skjóli nætur.“

Þó að Þorgrímur hafi aðallega skrifað fyrir unglinga þá hefur hann líka sinnt öðrum lesendahópum og vakti bókin hans Hvernig gerir maður konuna sína hamingjusama, sem kom út árið 2007, mikla athygli. „Stundum dettur maður í einhvern gír og þorir að segja allt en ég myndi aldrei þora að skrifa svona bók í dag,“ segir Þorgrímur. „Besta athugasemdin sem ég fékk eftir að bókin kom út var hvað ég væri hugrakkur og líklega var ég að vinna mikið brautryðjendastarf. Ég hélt að íslenskir karlmenn væru tilbúnir í svona bók en það var langur vegur frá.“ Þorgrímur segist bara þekkja blíða og góða karlmenn en að margir þeirra séu með grímu. „Kannski verða þeir tilbúnir eftir tuttugu ár. Ég held hins vegar að þetta snúist um að fólk þori að vera einlægt og hreinskilið.“

Þorgrímur dembdi sér á kaf í fótboltann í sumar og þjálfaði meistaraflokk Vals en nú er hann að svipast um eftir vinnu. Skriftirnar eru þó aldrei langt undan en þær hefur hann lagt stund á meðfram fullri vinnu alla tíð. „Sumir horfa á sjónvarpið í frítíma sínum en ég sest við skriftir,“ segir hann og hlær. „Um þessar mundir er ég með kvikmyndahandrit á teikniborðinu en ég hef gengið með það í maganum allt frá því að ritferillinn hófst. Mig vantaði hins vegar alltaf miðjukaflann en nú er hann tilbúinn.“ Þorgrímur segir um að ræða dularfulla ástarsögu sem gerist í París. „Ég sé þetta fyrir mér sem erlenda stórmynd og nú er ég að reyna að finna mér umboðsmann. Ég ætla að reyna allt sem í mínu valdi stendur til að láta drauminn verða að veruleika.“

vera@frettabladid.is

Mjólkur- & ostadagar í Hagkaup
15. - 25. október

OSTAMEISTARAR OG MJÓLKURFRÆÐINGAR VERÐA Á STAÐNUM TIL AÐ SVARA SPURNINGUM VIÐSKIPTAVINA

Föstudag í Hagkaup Garðabæ kl. 14-18
Laugardag í Hagkaup Kringlunni kl. 14-18

GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI
Komdu og giskaða á magnið af kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

Þú færð kraft úr kókómjólk

FRÁBÆRT ÚRVAL AF ÍSLENSKUM OSTUM Á TILBOÐI
í ostaborði Kringlunnar

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. október á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Thanks for keeping the rabbits...

Ef ég þekki hundtrygga lesendur mína rétt (og mig grunar einmitt að ég þekki þá nokkuð vel persónulega, alla fimm talsins) þá bíða þeir í ofvæni eftir frekara fótboltahjali. Í raun er allt of langt síðan ég tjáði mig um leikinn fallega á þessum vettvangi, þrjár eða fjórar vikur.

Knattspyrnuúrslit síðustu daga hafa meira og minna verið jákvæð. Góðu heilli unnu frændur okkar Argentínumenn sér inn þátttökurétt í Suður-Afríku á miðvikudagskvöldið, enda HM án Diego og félaga eins og Ringo-lausir Bítlar eða Framsóknarflokkurinn án Steingríms Hermannssonar. Enn ánægjulegra var að sjá frændur okkar Dani tryggja HM-sætið síðastliðið laugardagskvöld á kostnað frænda okkar Svía.



Eftirmál leiksins leiddu í ljós að þessi ágæti frændgarður kann hvorki að vinna né tapa. Svíarnir byrjuðu auðvitað á því að kenna dómaranum um ófarirnar. Í heiðgulum nærbuxnaheimi Lagerbäck og hirðsveina hans hafði almennt andleysi, skortur á baráttu og stjarnfræðilegur hroki helstu stjörnunnar (Zlatans Ibrahimovic, sem kostar jafn mikið og allt danska liðið til samans og eyddi öllum leiknum í að segja liðsfélögum sínum til syndanna) ekkert að gera með tapið.

Í kjölfarið birti einn helsti íþróttavefur Danmerkur lærðan lista yfir hluti sem Svíar gætu gert til þess að stytta sér stundir næsta sumar í stað þess að glápa á fótbolta, eins og að framlengja bandýtímabilið, horfa á Línu Langsokk eða halda HM í munntóbakstroðslu.

Hvernig bregðast svo Svíarnir við slíkum ögrunum? Nú, auðvitað með því að kveikja í kanínum í þúsundatali. Gæti þessi leikur verið fallegri?

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar — Eftir Patrick McDonnell

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.

Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *two kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

Við viljum tvífara fræga fólksins!
Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.

vodafone

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vönduð og ítarleg

ÍSLENSK-ENSK
ORÐABÓK

NÝ AUKIN OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA

Aukin og endurbætt önnur útgáfa, með sérstakri áherslu á orðaforða daglegs máls. **Um 28.000 uppflettiorð.**

Jólaplata Dylans komin út

Það eru fleiri en Bo sem senda frá sér jólaplötur. Bob Dylan hefur nú haldið í slóð Hauks og Presley og sent frá sér jólaplötu með góðu úrvali af klassískum jólalögum. Christmas in the Heart kallar hann safnið og framleiðir sjálfur. Bandið sem spilar á plötunni er sveitin sem hefur farið með honum um heiminn hin síðari misseri og að auki spilar David Hidalgo á dragspilið af sannri list. Lögin eru mörg góðkunn bandarískum eyrum en gagnrýnendur hafa snúið upp á sig þótt margir hrósi bæði undirleik og textaflutningi meistarans.

TÓNLIST Bob Dylan hefur sungið inn á jólaplötu til styrktar matarlausum í heimalandi sínu.

Ný bók frá Nesbø

Jo Nesbø sem settist óvænt í efsta sæti vinsældalista hér á landi í vor sendi frá sér nýja sögu í vikunni sem kom samtímis út í Noregi og Danmörku: Panserhjerte. Stálhjarta heldur út í fjórar mínútur þótt lungun sé samanpressuð í snjóskriðu. Líkt og í Rauðbrystingi er það vandræðamaðurinn Harry Hole sem er á ferðinni í þessari 635 síðna spennusögu. Þær eru enn að lengjast norrænu glæpasögurnar. Við erum ekki komin svo langt en síðasta bókin um Harry hét Snjókarlinn og skildi við Harry í frekar bágu ásigkomulagi. Þannig er hann í upphafi Stálhjartans týndur á ruglinu í Hong Kong, en heima í Noregi er þörf á okkar manni vegna morða á tveimur konum. Svo einhver verður að ná í okkar mann.

Gagnrýnendur í Noregi og Danmörku lýsa svefnlausum nóttum með þessum nýja krimma Nesbø, langur sé hann en síðurnar fletti sér sjálfar út af taugaálagi lesandans. Og atburðarásin fer víða – frá Hong Kong til lands raðmorðingjanna, Noregs – og alla leið til Kongó.

Von mun vera á fleiri þýðingum á verkum Nesbø á íslensku, en hann er til á fleiri tungum, norsku, dönsku og ensku til að mynda, enda er hann að leggja undir sig heiminn á sínu sviði. **- pbb**

Hlaðvarpastyrkir

Hlaðvarpinn, menningarsjóður kvenna á Íslandi, auglýsir nú eftir umsóknum um styrki. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2009 og geta umsækjendur verið konur, samtök þeirra, félög eða fyrirtæki. Nánari reglur um úthlutun er að finna á hladvarpinn.is. Þetta verður í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en frá stofnun hans hafa 38 verkefni fengið styrk, alls 22,5 milljónir. Úthlutað er árlega úr sjóðnum og var stefnt að tíu milljóna króna úthlutun í hvert sinn. Í skjóli erfiðs efnahagsástands var hins vegar ákveðið að hækka upphæðina við síðustu úthlutun. Markmið sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Með menningarstarfsemi er átt við hvers kyns listir, rannsóknir og kynningu á menningu kvenna.

Sjóðurinn er eign Hlaðvarpans ehf. og varð til við sölu húseignanna að Vesturgötu 3 í Reykjavík, sem gengu undir nafninu Hlaðvarpinn. Forsaga sjóðsins nær allt aftur til fyrri hluta 9. áratugarins. Mikil gerjun var þá í íslenskri kvennabaráttu. Upp úr þessari deiglu spratt sú hugmynd að kaupa gömul hús Geysisverslunar við Vesturgötu 3 og nýta sem kvennamiðstöð.

GAMLI HLAÐVARPINN var seldur úr höndum kvennanna sem keyptu hann af Geysi og nú er söluverðið notað til að styrkja konur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Húsin voru smám saman gerð upp og þar fór fram gróskumikil starfsemi um árabil. Upp úr aldamótum þótti sýnt að ekki væri lengur grundvöllur fyrir rekstri húsanna vegna breyttra aðstæðna og var því ákveðið að selja þau. Í samræmi við samþykktir félagsins var eignum þess varið til stofnunar menningarsjóðs kvenna. Hlaðvarpinn, menningarsjóður kvenna á Íslandi, var síðan formlega stofnaður 27. september 2007.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009

Ath. breyttur sýningartími:
Laugardagur 17. október kl. 14
Alli Nalli og tunglið - barnaleiksýning
Möguleikshúsið – www.moguleikhusid.is
Aðgangseyrir: Kr. 1.500

Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700 ı gerduberg@reykjavik.is

Séra Gunnar Björnsson
boðar til fundar
í Hótel Selfossi
í kvöld föstudaginn 16. október
sem hefst kl. 20:00
Allir hjartanlega velkomnir!

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 16. október 2009

Tónleikar

16.00 Nemendur **Tónlistarskólans á Akureyri** verða með stutta tónleika í **Eymundsson** við Hafnarstræti á Akureyri.

20.00 Um 100 ungmenni frá Íslandi, Noregi og Danmörku verða með tónleika í **Langholtskirkju** þar sem flutt verður fjölbreytt efnisskrá.

20.30 **Friðrik Ómar** og **Jógvan Hansen** flytja vinsæl íslensk og færeysk dægurlög á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

20.30 **Papar** halda tónleika í Félagsheimilinu **Miðgarði** í Skagafirði. Sérstakir gestir verða **Bubbi Morthens** og **Gylfi Ægisson**.

20.30 **Kammerkór Bodals** frá Svíþjóð heldur tónleika ásamt kammerkórum Mosfellsbæjar og Suðurlands í **Skálholtskirkju**.

22.00 **Killer Queen** heldur tónleika á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

Opnanir

18.00 **Sindri Már Sigfússon** og **Þorvaldur Jónsson** opna sýningar á verkum sínum í **Gallerí Crymo** að Laugavegi 41. Opið þri.-sun. kl. 13-18.

Fundir

12.30 **Þjóðmálahópurinn í Deiglunni** stendur fyrir opnum fundi um atvinnumál í **Virkjun** við Flugvallarbraut 740 í Reykjanesbæ. **Árni Páll Árnason** félagsmálaráðherra flytur ávarp og fundarmönnum gefst kostur á að koma með spurningar.

Kynningar

EURES ráðgjafar frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Belgíu, Austurríki, Þýskalandi, Bretlandi og Póllandi munu kynna atvinnutækifæri og veita ráðgjöf varðandi atvinnuleit erlendis í **Ráðhúsi Reykjavíkur** kl. 17-20.

Tónlistarhátíð

20.00 **S.L.Á.T.U.R** stendur fyrir tónlistarhátíðinni Sláturtíð 15.-17. okt. Í kvöld verða tónleikar kl. 20.00 í **Skemmtihúsinu** við Laufásveg 22. Flutt verða verk eftir Guðmund Stein Gunnarsson, Inga Garðar Erlendsson og Sally Ann Duke. Flytjendur eru Frank Arnink, Tinna Þorsteinsdóttir og Grímur Helgason.

Síðustu Forvöð

Í **Listasafni Akureyrar** við Kaupvangsstræti stendur yfir ljósmyndasýningin **„Úrvalið: íslenskar ljósmyndir 1866-2009“**. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17. Enginn aðgangseyrir.

Guðjón Ketilsson sýnir nýja skúlptúra og teikningar á **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17. Aðgangur er ókeypis.

Dansleikir

Hunang verður á **SPOT** við Bæjarlind í Kópavogi.

Dj Lebbi verður á **Sjallanum** við Geislagötu á Akureyri.

Fyrirlestrar

12.00 **Páll Skúlason** flytur erindið **„Af hverju brást ríkið? Hvernig endurbyggjum við það?“** á hádegisfyrirlestri sem fram fer í **Þjóðminjasafninu** við Suðurgötu.

14.00 **Hannes Björnsson** heldur fyrirlestur á **Háskólatorgi** við Sæmundargötu 4 (st. 101). Fyrirlesturinn nefnist **„Hannes Árnason og heimspekileg forspjallsvísindi á 19. öld“**.

2009 | GERÐUBERG Menningarmiðstöð

Sýning, tónlist, ljóðalestur og fróðleikur í Gerðubergi sunnudaginn 18. október kl. 14-16

Sýningarstjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur

Listrænn stjórnandi tónlistardagskrár: Nína Margrét Grímsdóttir, pianóleikari

SVANURINN MINN SYNGUR

EFNISSKRÁ | Óður til Höllu Eyjólfsdóttur, skáldkonu (1866-1937)

14:00 – 14:05 Inngangsorð: Nína Margrét Grímsdóttir, listrænn stjórnandi tónlistardagskrár

14:05 – 14:20 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Hvíslingar • Inngangur • Lögin fögru • Til Kaldalóns • Ég gleymi því aldrei

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

14:20 – 14:30 Um samspil tóna og ljóða I: Elín Gunnlaugsdóttir, tónskáld

14:30 – 14:40 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Garðurinn minn • Máninn • Hvað býr í stjörnunum? • Maríubæn

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

14:40 – 14:50 Barnagælur • Jórunn Viðar / Þjóðvísur Maríuljóð • Hildigunnur Rúnarsdóttir / Vilborg Dagbjartsdóttir Ég vil lofa eina þá • Bára Grímsdóttir / Gamalt helgikvæði

Flytjendur: Graduale Nobili, stjórnandi Jón Stefánsson.

Heiðursgestur: Jórunn Viðar, tónskáld.

14:50 – 15:10 HLÉ

15:10 – 15:20 Jórunn Viðar: Tilbrigði um íslenskt þjóðlag (1964)

Flytjendur: Margrét Árnadóttir, selló, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

15:20 – 15:35 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Samtal fuglanna • Æ! Hvar er blómið blíða • Hinsta kveðjan • Mig langar að fljúga • Vorvísur

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

15:35 – 15:45 Um samspil tóna og ljóða II: Elín Gunnlaugsdóttir, tónskáld.

15:45 – 15:55 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Svanurinn minn syngur • Æska mín • Ég lít í anda liðna tíð

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

15:55 – 16:00 Opnun sýningarinnar *Svanurinn minn syngur*. Sýningarstjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg • Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is



1. SÆTI
METSÖLULISTA
EYMUNDSSON

INNBUNDIN SKÁLDVERK

DYNAMO REYKJAVÍK

„HÉR KVEÐUR VIÐ NÝJAN TÓN"!

Líf Ara Þórs Arasonar tekur algjörum stakkaskiptum þegar hann fær himinháan greiðslukortareikning frá enskum banka sem hann kannast ekkert við. Reikningurinn virðist hafa átt að berast föður og alnafna Ara en hann hvarf með dularfullum hætti mörgum árum fyrr, þegar Ari var barn að aldri.

„Bók sem erfitt er að leggja frá sér. Hér kveður við nýjan tón í íslensku glæpasagnahljómkviðunni."
– Ármann Jakobsson, íslenskufræðingur.

„Vel uppbyggð bók með spennandi ráðgátu. Flott frumraun."
– Guðríður Haraldsdóttir, ritstjóri Vikunnar.

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

> LAMIN Í HÖFUÐIÐ

Breska söngkonan **Leona Lewis** var stödd í bókabúð í London á miðvikudaginn var þar sem hún var að kynna nýútkomna ævisögu sína, Dreams, þegar hún var slegin í höfuðið af einum gestanna. Lewis hafði nýlokið við að kvitta í bók árásarmannsins þegar hann kýldi hana í höfuðið. Lewis varð mjög brugðið og var henni strax fylgt út en árásarmaðurinn var handtekinn.

fólk

folk@frettabladid.is

Sjónvarpsgláp ýtir undir húðflúr

„Venjulegt fólk er að sjá þessa þætti heima í stofu, kannski á föstudagskvöldi og fær bakteríuna. Annars myndi það ekki komast í snertingu við þennan heim," segir Jón Páll Halldórsson, eða Nonni tattú. Sjónvarpsþættirnir L.A. Ink og Miami Ink sem eru sýndir á fjölvarpsstöðinni Discovery virðast hafa hitt í mark á meðal Íslendinga. Margir viðskiptavina Nonna tala vel um þættina og segja þá hafa opnað augu sín fyrir húðflúri. Nonni útskýrir að þetta eigi sérstaklega við um þættina L.A. Ink sem séu töluvert betri en Miami Ink. „Þessir þættir eru sýndir úti um allan heim. Við komum til Færeyja í sumar og þeir höfðu verið að horfa á þessa þætti og höfðu smitast af þessari bakteríu."

Nonni og félagar hafa ferðast á margar erlendar tattúráðstefnur undanfarin ár, flestar í Skandinavíu, og húðflúrað áhugasama gesti. „Það er mikil gróska í húðflúrsenunni í Svíþjóð, það er eiginlega tattúmekka Norðurlandanna. Þarna er ótrúlega hár standard og mikið um ofsalega góða húðflúrara," segir hann. Sjálfur hefur hann ekkert farið út á þessu ári sökum barneigna en kollegi hans, Búri, fór á stærstu hátíðina á Norðurlöndum, Stockholm Ink Bash, og gerði þar góða hluti. **- fb**

JÓN PÁLL HALLDÓRSSON Viðskiptavinir Nonna tala mikið um sjónvarpsþættina L.A. Ink og Miami Ink.

Lagður inn

Söngvarinn Pete Doherty, fyrrverandi kærasti ofurfyrirsætunnar Kate Moss, var fluttur á sjúkrahús á miðvikudag. Aflýsa varð nokkrum tónleikum sem Doherty átti að halda á Írlandi um helgina.

„Peter Doherty var lagður inn á sjúkrahús í Swindon vegna ofþreytu og öndunarörðugleika. Hann er nú undir eftirliti lækna," sagði talsmaður Dohertys um innlögnina.

VEIKUR Pete Doherty var lagður inn á sjúkrahús.

Yoko Ono ánægð með Lady GaGa

Yoko Ono hefur þakkað söngkonunni Lady GaGa fyrir að hafa sungið lag Johns Lennon, Imagine, á góðgerðarsamkomu í borginni Washington. Auk Yoko var forsetinn Barack Obama á meðal gesta. Samkoman var haldin til styrktar mannréttindamálum og söng GaGa til minningar um samkynhneigða nemandann Matthew Shepard sem var myrtur árið 1998. „Kæra Lady GaGa, takk fyrir að hafa sungið Imagine," skrifaði Yoko á Twitter-síðu sína. „Ég fékk kökk í hálsinn við að hlusta á það. Þú ert ótrúlega falleg. Systkina- og ástarkveðja, Yoko."

LADY GAGA Hrósað af Yoko.

YOKO ONO Yoko þakkaði söngkonunni Lady GaGa fyrir flutning hennar á laginu Imagine.

HAUSTLITAFÍLAR Adrien og Loriana eru Hello Elephant. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FÍLAR MEÐ FLENSU

Fransk-íslenska hljómsveitin Hello Elephant er mætt til landsins og spilar á Airwaves. Meðlimir sveitarinnar voru fárveikir þegar þeir tóku upp plötu hér á landi í fyrra.

Hello Elephant er ein af þeim erlendu hljómsveitum sem spila á Airwaves í ár. Þetta er band sem gerir út frá París. Í fararbroddi eru þau Adrien Regard, sem syngur og spilar á gítar, og söngkonan Loriana Benatov. Mamma Loriönu er íslensk en hún hefur búið í París megnið af ævi sinni. „Ég hef nú líka búið hérna inni á milli og var í MH. Helmingur fjölskyldunnar minnar býr svo auðvitað hérna," segir hún á ágætis íslensku. Hljómsveitin tók upp fyrstu plötuna sína í Sundlauginni í Álafosskvosinni. „Við komum fyrst í nóvember í fyrra og vorum í tvær vikur. Tókum upp með Birgi Jóni Birgissyni, fyrst allar trommurnar af því trommarinn, J.M., þurfti að fara snemma heim til Frakklands. Óttar Sæmundsen lærði allan bassann og spilaði svo allt inn daginn eftir. Þegar leið á söngtökurnar þurftum við frá að hverfa því við vorum bæði komin með flensu og orðin fárveik."

Þau Loriana og Adrien sneru því aftur í janúar og kláruðu upptökurnar. „Það heyrist stundum á söngnum að ég var veik, en það kemur bara flott út," segir Loriana. Nú hefur hinn alíslenski Skarphéðinn Runólfsson bæst í meðlimatal Hello Elephant. „Hann býr á Íslandi en er svona að spá í að flytja út," segir Loriana.

Tónlist sína kalla þau „gothic folk" með óvæntum snúningi og nefna til sögunnar jafn ólíka áhrifavalda og Nick Drake, Bubba, NIN og Frédéric Chopin. Platan er til í íslenskum plötubúðum og þau leita nú að dreifingu erlendis. Hljómsveitin spilar í dag í Eymundsson á Skólavörðustíg kl. 16.30 og kl. 21 á Grand rokk á laugardaginn. **drgunni@frettabladid.is**

Tina Fey missti meydóminn 24 ára

Gamanleikkonan Tina Fey, skapari 30 Rock, missti meydóminn þegar hún var 24 ára gömul. Þetta kom fram í þætti Davids Letterman í vikunni.

Letterman las upp upplýsingar um meydómsmissi nokkurra þekktra leikkvenna á borð við Brooke Shields, sem missti meydóminn 22 ára og Adriönu Lima, sem beið þar til hún varð 27 ára. „Þær höfðu val," sagði Fey og gerði létt grín að sjálfri sér áður en Letterman tilkynnti að hún hefði beðið til 24 ára aldurs og að núverandi eiginmaður hennar hefði verið sá fyrsti.

„Ég varð að bíða. Það var gott og samkvæmt góðum kristnum gildum, eða bara heimilislegt," sagði Fey kaldhæðnislega og salurinn sprakk úr hlátri.

TINA FAYE Var ekki að flýta sér með meydómsmissinn.

Vorum að bæta við miklu
úrvali af nýjum vörum...

Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

Outlet, vintage & One off

60-70 % afsláttur af öllum vörum
Nýtt Kortatímabil

e.s. minnum á haust 2009 vörurnar í herra
og dömuverzlununum að Laugavegi 7.....

Andersen & Lauth / Outlet, vintage & One off, sími 5526067, www.andersenlauth.com

SÆNSKT STUÐ Juvelen troðfyllti Nasa með hressilegri gleðitónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Skandinavar í sviðsljósinu

Iceland Airwaves-hátíðin fór ágætlega af stað á miðvikudag með fjölda tónlistaratriða og gesta. Freyr Bjarnason flakkaði á milli staða og hlustaði á það sem í boði var.

Á Nasa steig fyrst á svið Me, the Slumbering Napoleon og þegar þarna var komið við sögu voru áhorfendur frekar fáir. Þetta margslungna rokktríó spilaði stutt lög, mörg hver ósungin og fórst það vel úr hendi. Greinilega efnileg sveit sem gæti látið vel að sér kveða í framtíðinni.

Næst var ferðinni heitið upp Laugaveginn og á Grand Rokk þar sem gjörsamlega var troðið af fólki. Skagasveitin Cosmic Call var komin á svið, skipuð þremur strákum og tveimur stelpum, og stóð ágætlega fyrir sínu. Líkindin við Kings of Leon voru greinileg og virtust tónarnir falla vel í kramið hjá gestunum.

Næst á svið á Grand Rokk var Pascal Pinon með fjórar unglingsstúlkur innanborðs. Því miður heyrðist lítið sem ekkert í sveitinni og er þar helst um að kenna skvaldrinu í gestunum sem yfirgnæfðu krúttlega og lágværa tónlist stúlknanna. Miðað við það sem heyrðist frá sveitinni er þó ljóst að hún gæti vel náð langt en tónleikastaðurinn hentaði henni engan veginn í þetta sinn.

ME, THE SLUMBERING NAPOLEON Efnileg sveit sem spilaði snemma kvölds á Nasa.

Allt annað var upp á teningnum þegar Útidúr mætti til leiks. Strax með fyrstu tónunum fangaði þessi fjölmenna sveit athygli gestanna með hressilegri gleðitónlist sinni. Þrátt fyrir mikinn fjölda hljóðfæra var samhæfing þeirra prýðileg og allt gekk eins og smurð vél. Söngkonan var einnig góð og hefði hún vel mátt fá stærra hlutverk á kostnað strákanna. þó svo að þeir hafi síður en svo staðið sig illa.

Eftir hina skemmtilegu Útidúr var næst komið að sænska stuðboltanum Juvelen. Meginstraumurinn var greinilega mættur á Nasa því staðurinn var troðfullur rétt eins og Grand Rokk og ljóst að dansþyrst ungmenni ætluðu ekki að láta hinn sænska hjartaknúsara framhjá sér fara. Falsettusöngur hans, sem minnti óneitanlega á Prince, kom vel út og hljómsveitin sem var með honum var kröftug og þétt. Tónlistin kannski ekki eftirminnileg fyrir grúskara en engu að síður mjög vel framreidd.

Á Jacobsen var fámennt en góðmennt. Þar sýndi raftónlistarmaurinn Ruxpin færni sína og fyrir framan hann dönsuðu tveir mussuklæddir taglhnýtingar af mikilli innlifun í takt við kröftuga tónlistina.

Kvöldinu lauk á Sódómu þar sem norska popp-rokksveitin 22 spilaði fyrir fullu húsi. Þeir voru skrautlegir á sviði, klæddir ermalausum hettubolum hver í sínum lit og með stríðsmálningu undir augunum. Umbúðirnar voru forvitnilegar en innihaldið því miður ekki.

Ágætu Airwaves-kvöldi var þar með lokið en ljóst að stærstu nöfnin höfðu ekki enn mætt til leiks. Útidúr stal senunni þetta kvöldið og Skandínavarnir voru áhugaverðir en því miður ekkert meira en það.

MESTA ÚRVALIÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

> Daði líka á leið til Hauka?

Haukamenn eru á fullu að styrkja lið sitt fyrir átökin í Pepsi-deildinni næsta sumar. Eins og fram kemur hér neðar á síðunni er Arnar Gunnlaugsson væntanlega á leið til félagsins og svo gekk Guðmundur Viðar Mete í raðir Hauka á dögunum, Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er svo ekki loku fyrir það skotið að Daði Lárusson verji mark Haukanna næsta sumar en FH-ingar losuðu sig við hann á dögunum er þeir keyptu Gunnleif Gunnleifsson frá HK. Daði vildi ekki tjá sig um málið í gær og sagðist enn vera að ganga frá viðskilnaðinum við FH.

sport
sport@frettabladid.is

SIGURÐUR INGIMUNDARSON: STÝRÐI NJARÐVÍK TIL SIGURS Í FYRSTA LEIK SÍNUM MEÐ LIÐIÐ

Er svo heppinn að allir litir klæða mig vel

Það var svolítið sérstök sjón að sjá Keflvíkinginn Sigurð Ingimundarson í hinum græna bol Njarðvíkinga í gærkvöldi. Sigurður var mættur í Kennaraháskólann með sitt nýja lið, Njarðvík, og fékk draumabyrjun á þjálfaraferlinum þar því Njarðvík lagði ÍR-inga, 70-88.

„Þetta er flott byrjun og gott að vinna ÍR á útivelli því ÍR er með hörkulið sem er alltaf erfitt að spila við. Mér fannst við komast vel frá þessum leik. Eftir fyrsta leikhlutann þá byrjuðum við að spila alveg frábæra vörn og það skilaði þessum sigri í kvöld," sagði Sigurður kátur en fannst honum ekki svolítið skrítið að klæðast grænu treyjunni?

„Jú, auðvitað var það svolítið spes. Þetta fer mér annars vel, ég er einn af þessum heppnu sem lít vel út í öllum litum. Ég er fáranlega flottur," sagði Sigurður og glotti en hefur hann ekkert orðið fyrir neinu aðkasti í heimabænum eftir að hann gekk í raðir höfuðóvina Keflavíkur?

„Það þorir enginn að djöflast í mér enda er ég stór og sterkur." ÍR byrjaði leikinn vel í gær og leiddi 25-24 eftir fyrsta leikhlutann. Þá fór vörn Njarðvíkur í gang og þökk sé henni leiddi Njarðvík 37-44 í hálfleik. Í þriðja leikhluta skelltu Njarðvíkingar algjörlega í lás. Spiluðu stórkostlega vörn og ÍR skoraði ekki utan af velli fyrr en rúmar 2 mínútur voru eftir af hálfleiknum. Staðan eftir þrjá leikhluta 46-69 og ballið búið.

„Það klikkaði ekkert í leikskipulaginu í þriðja leikhluta en það gerðist eitthvað andlega hjá liðinu," sagði Hreggviður Magnússon ÍR-ingur spurður um hvað hafi eiginlega gerst hjá liðinu í upphafi síðari hálfleiks.

„Við spiluðum hrikalega veikt og leyfðum þeim að komast í auðveld skot sem að þeir nýttu vel. Hleyptum um leið sjálfstraustinu upp í þeim. Við vorum ekki að nýta okkar sóknarkerfi og sættum okkur við allt of léleg skot. Við uppskárum allt of mikið bil á milli liðanna sem við náðum síðan ekki að brúa," sagði Hreggviður svekktur.

ÚRSLIT

N1-deild karla:

FH-Valur	33-26 (20-16)

Mörk FH (skot): Bjarni Fritzson 12/3 (14/3), Ólafur Guðmundsson 7 (11), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (7), Benedikt Kristinsson 3 (4), Ólafur Gústafsson 3 (8), Örn Bjarkason 2 (3), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1), Ásbjörn Friðriksson 1 (3), Guðmundur Pedersen 0 (1), Reynir Jóhannesson 0 (2)
Varin skot: Pálmar Pétursson 22 (22,50%), Daníel Andrésson 1 (3, 25%)
Hraðaupphlaup: 9 (Ólafur Guðm. 3, Bjarni 4, Sigurgeir Árni, Ólafur Gúst.)
Fiskuð víti: 3 (Örn 2, Jón Heiðar)
Utan vallar: 8 mínútur
Mörk Vals (skot): Ernir Hrafn Arnarsson 6 (12), Gunnar Ingi Jóhannesson 5 (9), Orri Freyr Gíslason 4 (4), Arnór Þór Gunnarsson 4 (8), Fannar Þór Friðgeirsson 4 (10), Sigfús Páll Sigfússon 1 (4), Ólafur Sigurjónsson 1 (4), Elvar Friðriksson 1 (6), Atli Már Báruson 0 (2)
Varin skot: Hlynur Morthens 4 (28/2, 13%), Ingvar Kristinn Guðmundsson 5 (5/1, 50%)
Hraðaupphlaup: 8 (Gunnar Ingi 3, Arnór Þór 2, Fannar Þór 2, Orri Freyr)
Fiskuð víti: 0
Utan vallar: 2 mínútur

Grótta-HK	22-27

Iceland Express-deild karla:

ÍR-Njarðvík	70-88

Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 16, Nemanja Sovic 12, Sveinbjörn Claessen 11, Kristinn Jónsson 9, Ólafur Þórisson 8, Davíð Fritzson 5, Steinar Arason 5, Gunnlaugur Elsuson 4.
Stig Njarðvíkur: Magnús Þór Gunnarsson 24, Jóhann Árni Ólafsson 21, Kristján Sigurðsson 8, Guðmundur Jónsson 8, Friðrik Stefánsson 8, Páll Kristinsson 7, Rúnar Ingi Erlingsson 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 6.

FSu-KR	63-98

Stig FSu: Chris Caird 18, Dominic Baker 18, Ari Gylfason 10, Jake Wyatt 7, Hilmar Guðjónsson 6, Orri Jónsson 2, Sæmundur Valdimarsson 2.
Stig KR: Brynjar Björnsson 20, Tommy Johnson 18, Darri Hilmarsson 16, Fannar Ólafsson 11, Skarphéðinn Ingason 11, Semaj Inge 11, Finnur Magnússon 7, Ólafur Ægisson 4.

Snæfell-Hamar	90-58

Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 21, Sigurður Þorvaldsson 18, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 16, Sveinn Davíðsson 10, Emil Jóhannsson 7, Jón Ólafur Jónsson 7, Páll Fannar Helgason 5, Egill Egilsson 4, Guðni Sumarliðason 2.
Stig Hamars: Andre Dabney 18, Marvin Valdimarsson 14, Svavar Pálsson 12, Oddur Ólafsson 8, Ragnar Nathanaíelsson 6,

IE-deild kvenna:

Haukar-Grindavík	75-68

Alvöru afmælisgjöf til FH

FH vann sætan, 33-26, sigur á Val í bráðskemmtilegum handboltaleik í Krikanum í gær. FH átti 80 ára afmæli og var fín stemning í afmælisveislunni.

HANDBOLTI Það var vel mætt í Krikann á 80 ára afmælisveislu Fimleikafélags Hafnarfjarðar en hápunktur dagskrárinnar var leikur FH gegn Val sem heimamenn unnu örugglega 33-26.

„Þetta var virkilega góð frammistaða og ég er mjög ánægður með þennan leik og alla umgjörðina í kringum hann. Það var ekki hægt að bregðast öllu þessu fólki sem var mætt til þess að styðja við bakið á okkur. Við vorum búnir að ákveða það að gefa félaginu sigur í afmælisgjöf og það gekk sem betur fer eftir," sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, í leikslok.

Fyrri hálfleikurinn var gríðarlega hraður og skemmtilegur og liðin skiptust á að taka forystuna framan af leik. Staðan var jöfn 9-9 þegar um stundarfjórðungur var liðinn af leiknum og bæði lið voru að skora mikið af auðveldum mörkum úr hraðaupphlaupum. Næstu þrjú mörk komu hins vegar frá FH og heimamenn héldu forystunni svo út hálfleikinn þegar staðan var orðin 20-16 en eins og tölurnar gefa til kynna var sóknarleikurinn í hávegum hafður hjá báðum liðum. Markvörðurinn Pálmar Pétursson hjá FH varði þó 12 skot í fyrri hálfleiknum og reyndist sínum gömlu liðsfélögum í Val erfiður ljár í þúfu. Í sóknarleiknum hjá FH var Bjarni Fritzson öflugur en hann skoraði úr öllum átta skotum sínum í fyrri hálfleiknum.

SLEGINN Bjarni Fritzson fær hér einn á kjammann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FÖGNUÐUR Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson átti magnaðan leik í marki FH gegn sínum gömlu félögum. Hann fagnar hér í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FH-ingar héldu uppteknum hætti framan af seinni hálfleiknum og náðu mest níu marka forskoti áður en Valsmenn minnkuðu muninn á nýjan leik. Sigur FH-inga var hins vegar aldrei í hættu en lokatölur urðu 33-26. Bjarni Fritzson var markahæstur hjá FH með 12 mörk en Ólafur Guðmundsson kom næstur með 7 mörk. Þá átti Pálmar mjög góðan leik í markinu og varði 22 skot. Hjá Val var Ernir Hrafn Arnarson markahæstur með 6 mörk en Gunnar Ingi Jóhannesson kom næstur með 5 mörk. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var ekki ánægður með leik sinna manna í leikslok.

„Það var átakanlegt að horfa upp á þetta. Fyrstu fimmtán mínúturnar voru fínar hjá okkur en eftir það náum við okkur ekki á strik og erum bara eins og einhver sýningardýr í afmælisveislu FH. Þeir voru bara miklu betri en við á öllum sviðum handboltans. FH-vörnin tók fast á okkur og Pálmar var frábær og greip bara skotin frá okkur. Þetta var bara þeirra dagur," sagði Óskar Bjarni.

omar@frettabladid.is

ARNAR GUNNLAUGSSON Verður í Haukabúningnum næsta sumar ef að líkum lætur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arnar Gunnlaugsson:

Spilar líklega með Haukum

FÓTBOLTI Hinn víðförli knattspyrnumaður Arnar Gunnlaugsson mun líklega spila fyrir enn eitt félagið á Íslandi næsta sumar. Hann er nefnilega á leið til nýliða Hauka í Pepsi-deildinni.

„Ég hef verið í viðræðum við Haukana. Mér leist mjög vel á það sem þeir höfðu fram að færa og Andri [Marteinsson] er afar fær þjálfari. Ég tel líklegt að ég semji við þá um helgina," sagði Arnar en hann mun sinna starfi aðstoðarþjálfara ásamt því að spila með liðinu.

„Líkaminn er í fínu standi þó svo að ég sé orðinn ansi hægur. Ég tel mig þó hafa sitthvað fram að færa," sagði Arnar Gunnlaugsson, sem lék bæði með ÍA og Val á síðustu leiktíð.

„Ég var kannski aðeins of góður með mig að telja að ég væri fullmótaður þjálfari. Það tekur víst tíma. Það hafa allir gott af því að gagnrýna sjálfan sig og mun vera aðeins fyrir aftan þjálfarann núna sem er gott því maður hefur gott af því að læra af öðrum." **- hbg**

Frábært verð
á heimilistækjum

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

SEVERIN

Severinn handþeytari á standi
HM3817
- 250w
- 5 hraðastillingar + Turbo
- Standur og skál fylgja

5.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Melissa

Melissa hraðsuðuketill
645083
- 2200w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus

4.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

exido STEEL SERIES

Exido brauðrist 243032
- 950w
- Hólf fyrir 2 sneiðar
- 7 hitastillingar
- Endurhitun og afþýðing
- Mylsnubakki

4.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips kaffivél HD7448HV
- 1000w kaffivél
- 1,3 lítra
- Dropastoppari

7.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips handþeytari HR1453
- 175w
- 3 hraðastillingar + Turbo

6.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

SEVERIN

Severinn vöfflujárn WA2103
- Vöflujárn
- Þolir mikinn hita
- Ryðfrítt stál
- 1200w
- Non-stick klæðning
- Ljós fyrir bökunartíma

5.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips straujárn
GC1703
- 1400w
- Ál botn
- 3 stillingar
- Allt að 15 gr/min af gufu

6.490kr
FRÁBÆRT VERÐ

Melissa

Melissa hárklippur
638147
- Öflugar hárklippur
- Riðfrýtt stálblað
- Skæri, greiða, hreinsibursti og olía fylgja
- Þrír kampar fylgja fyrir mismunandi lengdir: 6mm, 9mm og 13mm

3.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Melissa

Melissa multitrimmer 638136
- Multi Trimmer fyrir skegg, nef og eyru
- 2 mismunandir hausar

1.790kr
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 22. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

> **Kevin James**

„Það er ekkert betra en að hafa heitan pitsukassa í kjöltunni."

James fer með hlutverk Dougs Heffernan í gaman-þættinum King of Queens. Skjáreinn endursýnir nú þessa vinsælu þætti alla virka daga kl. 19.05.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ MÖRGÆS**

Mozart frá Argentínu

1986 var eitt merkilegasta ár knattspyrnusögunnar. Þá kom fram á sjónarsviðið lítill, kubbóttur knattspyrnumaður sem notaði vinstri fótinn til galdra. Heimurinn hafði vissulega séð leikna knattspyrnumenn frá Suður-Ameríku, hinir gullklæddu Brassar höfðu ætíð leikið samba-boltann og sólað þumbaralega evrópska leikmenn upp úr skónum. En þessi smávaxni Argentínumaður var öðruvísi. Hann gat unnið landsleiki upp á eigin spýtur eins og þegar Akkilles hjó niður heilu herina í Grikklandi forðum daga.

Minningarnar um Diego Armando Maradona helltust yfir mig þegar ég sá hann stjórna liði sínu gegn Úrúgvæ, merja sigur og kom þannig landinu á HM með herkjum. Hann leit út eins og mörgæs, var samt í skárra formi en þegar hann viðurkenndi í frægu sjónvarpsviðtali, akfeitur og afmyndaður, að hann hefði verið háður kókaíni. Hönd Guðs, sólómarkið gegn Englendingum, kungfú-spörkin með Barcelona og svo nokkrir meistaratitlar með Napoli sem Maradona vann upp á eigin spýtur.

Fáir knattspyrnumenn, ef nokkrir, hafa verið jafn umdeildir og Maradona. Enginn hefur haft jafn mikla yfirburði í þessari vinsælustu íþrótt heims og hann. Hvorki Messi né Ronaldo komast í hálfkvisti við þennan furðufugl. Þeir gætu aldrei unnið heimsmeistaramót einir og nánast óstuddir. Það gerði Maradona. Hann var Mozart fótboltans, einstakt fyrirbæri, sjálfum sér verstur og fangi eigin snilligáfu.

FÖSTUDAGUR

18.00 Modern Toss STÖÐ 2 EXTRA

19.20 Auddi og Sveppi STÖÐ 2

20.00 The Things About My Folks STÖÐ 2 BÍÓ

20.15 Stóra planið SJÓNVARPIÐ



22.05 The Contender Muay Thai SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.35 Leiðarljós (e)
17.00 Táknmálsfréttir
17.10 Bjargvætturinn (11:26)
17.35 Bangsímon og vinir hans
18.00 Hanna Montana (51:56)
18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Stóra planið (3:5) Íslensk gamanþáttaröð með harmrænu ívafi. Meðal leikenda eru Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Eggert Þorleifsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir og Michael Imperioli.
20.50 Vinir alla ævi (Venner for livet) Norsk bíómynd frá 2005 um strák sem er sendur í sveit um sumar og lendir í æsispennandi ævintýrum. Aðalhlutverk: Magnus Solhaug.
22.20 Barnaby ræður gátuna - Morðið í maukvinnslunni (Midsomer Murders: Sauce for the Goose) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Aðalhlutverk: John Nettles og John Hopkins.
23.55 Oliver Twist (Oliver Twist) Bresk bíómynd frá 2005 byggð á sögu eftir Charles Dickens um ungan munaðarleysingja sem lendir í félagsskap með vasaþjófum í London á 19. öld. Aðalhlutverk: Ben Kingsley, Barney Clark, Jeremy Swift og Ian McNeice. (e)
02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Accepted
10.00 Parenthood
12.00 Firehouse Dog
14.00 Accepted
16.00 Parenthood
18.00 Firehouse Dog
20.00 The Things About My Folks Gamanmynd um Ben Kleinman sem þarf skyndilega að taka föður sinn inn á heimilið eftir að eiginkonan til 46 ára skilar honum.
22.00 Flags of Our Fathers
00.10 Behinde Enemy Lines. Axis of Evil
02.00 Crank
04.00 Flags of Our Fathers
06.10 Match Point

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Litla risaeðlan og Kalli litli Kanína og vinir.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Extreme Makeover. Home Edition (18:25)
11.05 America's Got Talent (3:20)
12.35 Nágrannar
13.00 La Fea Más Bella (48:300)
13.50 La Fea Más Bella (49:300)
14.40 La Fea Más Bella (50:300)
15.30 You Are What You Eat (14:18)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar og Kalli litli Kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
20.00 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjón Loga Bergmann.
20.45 Stelpurnar (15:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.
21.10 Facing the Giants Hetjusaga fótboltaþjálfara sem treystir á innri viljastyrk, hið góða í okkur öllum og æðri máttarvöld í baráttu sinni fyrir frama á fótboltavellinum.
23.00 Taxi Driver Sígildur spennutryllir Martins Scorseses með Robert De Niro í einu af sínum bestu og eftirminnilegustu hlutverkum sem leigubílsstjórinn geðtruflaði Travis Bickle.
00.55 The Devil Wears Prada
02.40 Out of Reach
04.05 Auddi og Sveppi
04.45 Stelpurnar (15:20)
05.10 Friends
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.10 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
18.40 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
19.05 Hápunktar Sýnt frá hápunktunum í Forsetabikarnum í golfi sem fram fór helgina 8. - 11. október.
20.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.00 F1: Brasilía Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Brasilíu.
21.30 Ultimate Fighter - Season 1
22.15 UFC: Upphitun Hitað upp fyrir bardaga Machida og Shogun en aðdáendur UFC hafa beðir spenntir eftir þessum bardaga.
23.10 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
23.50 World Series of Poker 2009 Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mæta til leiks.
00.45 Poker After Dark

SPORT 2 *enski boltinn*

17.00 Tottenham - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.20 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
20.50 Premier League World 2009/10 Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
21.20 PL Classic Matches Man United - Ipswich. 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.50 Premier League Preview 2009/10 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
22.20 PL Classic Matches Man Utd - Liverpool, 1992.
22.50 PL Classic Matches Tottenham - Liverpool, 1993
23.20 Premier League Preview 2009/10
23.50 Arsenal - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (5.14) (e)
08.00 Dynasty (e)
08.50 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (5.14) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.15 What I Like About You (e)
16.40 Yes Dear (5.15) (e)
17.05 Dynasty
17.55 SkjárEinn í 10 ár (4:4) (e)
18.50 Fréttir
19.05 King of Queens (2:25) Bandarískir gamanþættir um Doug Heffernan og Carrie eiginkonu hans. (e)
19.30 Rules of Engagement (1:15) (e)
20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir (5:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot.
20.30 Skemmtigarðurinn (5:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik.
21.25 30 Rock (2.22) Liz er í flugvél á leið til Chicago og trúir vart sínum eigin augum þegar Oprah reynist vera sessunautur hennar. (e)
21.50 Fréttir (e)
22.05 The Contender Muay Thai (9:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu.
22.55 Law & Order. Special Victims Unit (5:19) (e)
23.45 PA´s (6:6) (e)
00.45 World Cup of Pool 2008 (20:31)
01.35 The Jay Leno Show
02.25 The Jay Leno Show (e)
03.15 The Jay Leno Show (e)
04.05 The Jay Leno Show (e)
04.55 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
21.00 Mannamál Endurflutt viðtal Sigmundar Ernis við Guðna Th. Jóhannesson sagfræðings frá 06.10
21.30 Græðlingur Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Logi í beinni

Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjón Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu og sýna á sér réttu hliðina – þá skemmtilegu. Gestir Loga í kvöld eru tveir af fyndnustu mönnum Íslands: Siggi Sigurjóns og Jóhannes Haukur Jóhannesson Hellisbúi. Einnig kemur í sófann til Loga Gerður Unndórsdóttir, betur þekkt sem mamman hans Simma úr Simma og Jóa, og boðið verður upp á tónlistaratriði frá hljómsveitinni Diktu og Feldberg.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Fyndnar fjölskyldumyndir

Skjáreinn kl. 20.00

Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Þættinum bárust yfir 1000 íslensk myndbrot síðastliðið vor og eins og áður verða veitt vegleg verðlaun fyrir fyndnasta íslenska myndbrotið. Þórhallur Sigurðsson, hinn eini og sanni Laddi, er kynnir þáttanna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Á réttri hillu
14.03 Straumar
15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
15.25 Boðorðin 10
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Pönk á Íslandi
20.00 Leynifélagið
20.30 Söngvarar blárrar sveiflu
21.10 Hringsól
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.00 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

16.00 Doctors (2:26)
16.30 Doctors (3:26)
17.00 The Sopranos (34:39)
▶**18.00 Modern Toss** (2:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link.
18.30 Doctors (2:26)
19.00 Doctors (3:26)
19.30 The Sopranos (34:39)
20.30 Modern Toss (2:6)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.45 Entourage (6:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni.
22.15 NCIS (10:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hætturlegri í þessari fimmtu seríu.
23.00 Eleventh Hour (13:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talin vera af yfirnáttúrlegum toga. Það er jafnan allra síðasta úrræði að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi.
23.45 Auddi og Sveppi
00.20 Logi í beinni
01.05 Entourage (6:12)
01.35 Identity (2:12)
02.20 Blade (2:13)
03.05 Fréttir Stöðvar 2
04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Blackadder II **12.30** Only Fools and Horses **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder II **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Absolutely Fabulous **17.15** Doctor Who **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.20** Coupling **21.50** Little Britain **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** Absolutely Fabulous **23.20** Doctor Who

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.50** Timmy-tid **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgørelsen **19.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.30** Tears of the Sun **22.20** VM Taekwondo **22.50** Skyd uden varsel

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Doktor Åsa **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mø og Kråka **16.05** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.20** Mew - live fra København **23.35** Country jukeboks m/chat

SVT 1

12.00 Världens Barn. Uganda **12.10** Här är ditt liv **13.40** Hemliga svenska rum **13.55** Fem minuter för Världens Barn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tillsammans för Världens barn **19.30** Skavlan **20.30** Taxi driver **22.20** Kulturnyheterna **22.35** Playa del Sol **23.05** Kriminaljouren **23.50** Extras

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér yfirleitt Herbalife-sjeik. Hann er fljótlegur og hentugur. Stundum langar mig að fá mér eitthvað annað og þá borða ég til dæmis sojajógúrt með múslíi og rúsínum.“

Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir leikari.

Flestir taka Skúla rafvirkja

„Það borgar sig kannski að segja sem minnst því við erum alltaf reknir í miðjum klíðum, en jú, meiningin er að þetta sé útsláttarkeppni og að lokum standi einn sigurvegari uppi,“ segir Þórður Helgi Þórðarson, Doddi litli, um eftirhermukeppnina Laddinn 2009, sem stendur nú yfir í Litlu hafmeyjunni, þætti Dodda og Andra Freys Viðarsonar. Þátturinn er á dagskrá á föstudagskvöldum á Rás 2 á milli kl. 19.30 og 22. „Tveir keppendur mætast og fá 90 sekúndur, og svo 30 sekúndur á mann, til að reyna að slá í gegn með eftirhermum úr karaktera-galleríi Ladda. Menn spinna bara og flestir hafa tekið Skúla rafvirkja. Olli með „oj oj oj“-ið er líka vinsæll og svo detta margir í Skrám í restina – „jóla hvað?“ Menn eru hins vegar alveg hættir að taka Evu Lund.“

Hlustendur eru dómarar, fyrri keppandinn sem fær stig frá fimm hlustendum vinnur keppni kvöldsins. „Í fyrstu keppninni vann Bjarni töframaður Sveppa. Sveppi var reyndar mjög fyndinn en bara léleg eftirherma. Bjarni var aftur á móti lang besta eftirherman til þessa. Hann var mættur hálftíma fyrr til að æfa sig og var að skrifa niður í bók. Flestir aðrir hafa nú bara mætt og rennt sér í þetta óundirbúnir,“ segir Doddi. „Í öðrum þætti vann Steinn Ármann Gunnar Helgason, svo vann Eyþór Ingi söngvari Steina sleggju, og síðast vann Helgi Seljan fréttamaður Pétur Jóhann leikara. Það má deila um það hversu sanngjarnt það var. Það var mikið hringt frá Reyðarfirði.“

LADDINN 2009 - HÖRKUSPENNANDI EFTIRHERMUKEPPNI Fimmta viðureignin í Laddanum 2009 fer fram í kvöld

Í kvöld keppa Auddi Blöndal og Guðmundur Franklín, en á hann var bent með tölvupósti. „Þessi hugmynd kviknaði nú bara sem eitthvert djók í Frey Eyjólfssyni, en ég greip hana á lofti,“ segir Doddi. „Við sendum öllum frægum vinum okkar fyrirspurn á Facebook og við erum búnir að melda nokkra á kantinn, til að mynda Helgu Brögu og Karl Örvarsson.“

Ef planið gengur eftir munu sextán keppendur reyna sig áður en Laddinn 2009 dettur í undanúrslit. Doddi segir að í kvöld verði einnig boðið upp á Leikjahorn Soffíu sætu og Hæfileikalandið. **- drg**

UNGUR NEMUR, GAMALL TEMUR Björn Thors fetar í fótspor Flosa Ólafssonar í leikritinu Brennuvargarnir. Anna, dóttir Flosa, kom Birni upp á bragðið í leiklistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BJÖRN THORS: FETAR Í FÓTSPOR FLOSA ÓLAFS Í BRENNUVÖRGUNUM

Ferill nátengdur feðginum

„Flosi er algjör hetja,“ segir leikarinn Björn Thors sem fetar í fótspor Flosa Ólafssonar í leikritinu Brennuvargar sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Fyrir um fimmtíu árum fór Flosi með hlutverk annars af tveimur brennuvörgum leikritsins, Jósef Schmitz, þegar það var sýnt við góðar undirtektir í Tjarnarbíói. Núna er komið að Birni að spreyta sig á sama hlutverki. „Ég geri mitt besta,“ segir Björn, sem hefur alla tíð verið mikill aðdáandi Flosa. „Ég sá hann ekki mikið á sviði en ég er þeim mun meiri aðdáandi hans úr sjónvarpi og kvikmyndum.“

Svo skemmtilega vill til að Anna, dóttir Flosa, kom Birni upp á bragðið í leiklistinni þegar hann var í tíunda bekk í Hlíðaskóla. Hún kennir mynd- og leiklist í skólanum og árið 1994 var settur upp söngleikur sem var saminn af nemendunum sjálfum. Söngleikurinn heppnaðist gríðarvel og Björn sýndi frábær tilþrif. Síðan hefur hann verið Önnu afar þakklátur eins og kom berlega í ljós í ræðu hans við afhendingu Grímuverðlaunanna í vor, sem hann hlaut fyrir frammistöðu sína í Vestrinu eina. Anna segir að hrósið sem hún fékk hafi komið sér algjörlega í opna skjöldu, hvað þá í beinni útsendingu í sjónvarpinu. „Ég bara sat heima í stofu eins og aðrir og horfði á þessa verðlaunaafhendingu. Þetta kom mér gjörsamlega á óvart,“ segir Anna. „Grunnskólakennarar eru kannski ekkert mikið að fá svona hrós. Þetta er náttúrlega ómetanleg hvatning fyrir fólk sem vinnur í þessum geira.“ Hún segist hafa fylgst vel með Birni eftir að hann útskrifaðist úr Hlíðaskóla. „Hann var toppnemandi og mjög listhneigður. Maður sá hvert stefndi hjá honum.“

Flosi, sem verður viðstaddur frumsýninguna í kvöld, er einnig hæstánægður með Björn sem eftirmann sinn í Brennuvörgunum. „Ég átti að líta út fyrir að vera kraftajötunn eða heljarmenni,“ segir hann um hlutverk sitt fyrir hálfri öld. „Mér sýnist hann nú ekki vera eins íturvaxinn og ég, þó svo að hann sé náttúrlega hærri og grennri og í alla staði huggulegri en ég var. En ég efast ekki um að hlutverk þessa illmennis sé í afar góðum höndum.“

Hlutverk Björns í Fangavaktinni hefur vakið mikla athygli að undanförnu og Flosi er einn þeirra sem hafa hrifist með. „Það liggur við að í elli minni hafi ég tekið gleði mína aftur. Mér finnst hann svo frábærlega góður að ég hef varla séð hlægilegri frammistöðu á ævinni og eru þó hinir dágóðir. Mér finnst hann Pétur einhver mest sannfærandi lúser sem ég hef séð á ævinni.“ freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Skartgripahönnuðinum **Hendrikku Waage** er fleira til lista lagt en að smíða fagra muni fyrir fræga fólkið úti í heimi. Hún er nú að leggja lokahönd á fyrstu bók sína. Um er að ræða barnabók sem kallast Rikka ferðast um landið. Bókaforlagið Salka gefur bókina út í næsta mánuði.

Tökum á kvikmynd Valdísar Óskarsdóttur, Kóngavegi 7, lauk í gær. Meðal aðalleikara eru Gísli Örn Garðarsson, Björn Hlynur Haraldsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir, **Nína Dögg Filippusdóttir**, Ólafur Darri Ólafsson og Daniel Brühl.



Í nýútkomnu tímariti auglýsingastofunnar Fítons má lesa opinskátt viðtal við þá **Ara Magg** ljósmyndara og Halldór Baldursson teiknara. Ari segir frá því þegar hann komst ekki inn á lúxusstúkuna í Stamford Bridge því hann var í gallabuxum. Því var farið í næstu fatabúð til að redda málunum, en hún reyndist vera kvenfatabúð. Ari horfði því á leikinn Chelsea-Barcelona íklæddur buxnadragt með blóm á rassinum. Í næsta sæti var Eggert Magnússon í farsímanum að kaupa West Ham.

Opinberanir **Halldórs** eru ekki minna safaríkar. Hann segir frá því að skrípamynd af Kristni Björnssyni og Magnúsi Kristinssyni í Viðskiptablaðinu hafi móðgað annan þeirra svo mikið að hann skrúfaði fyrir allar auglýsingar í blaðið. Þessi brandari kostaði því tuttugu milljónir, samkvæmt Halldóri. Hann segir líka frá því að rétt fyrir lokun búða á Þorláksmessukvöld eitt góðærisárið hafi Sigurjón Árnason, þá bankastjóri Landsbankans, hringt og beðið Halldór um að teikna mynd af Björgólfi Guðmundssyni til að gefa honum í jólagjöf. Halldór sagði nei takk.

- hdm, drg



LÁRÉTT
2. hróss, **6.** 999, **8.** hlaup, **9.** net, **11.** þessi, **12.** erfiði, **14.** tré, **16.** sjó, **17.** kvk nafn, **18.** hætta, **20.** tveir eins, **21.** mýkja.

LÓÐRÉTT
1. samskonar, **3.** líka, **4.** himinhvel, **5.** slagbrandur, **7.** andvægi, **10.** þrí, **13.** svelg, **15.** réttur, **16.** sunna, **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lofs, **6.** im, **8.** gel, **9.** nót, **11.** sá, **12.** strit, **14.** við, **16.** sæ, **17.** una, **18.** ógn, **20.** gg, **21.** lina.

LÓÐRÉTT: 1. eins, **3.** og, **4.** festing, **5.** slá, **7.** mótvægi, **10.** tri, **13.** lðu, **15.** ragn, **16.** sól, **19.** nn.

www.this.is/krossgatur
250 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR
NÝ GÁTA Í HVERRI VIKU

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆSILEGASTA FISKBORÐIÐ Í BÆNUM
Humarsúpa, fiskréttir, reyktur og grafin lax
humar, rishörpuskel, túnfiskur og rækjur.
Yfirmenn eldhúsa og mötuneyta ATH!
kynnið ykkur mötuneytisþjónustu HAFBERGS, ÞAÐ MARG BORGAR SIG. Kynntu þér málið í síma 820-3413 Geir og 588-8686 Svala
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Berglind Icey til sölu á Ebay

„Takk fyrir að skoða og gangi þér vel að fá Berglindi Icey heim til þín!“ - svona hljómar hluti af uppboðslýsingu á vefsíðunni Ebay.com.

Fyrirsætan og leikkonan Berglind Icey prýðir sérstakt safnaraplakat bjórframleiðandans St. Pauli sem er nú boðið upp á eBay. Plakatið er frá 2004 og í óaðfinnanlegu ástandi, enda hefur það aldrei verið svo mikið sem hengt á vegg.

Enginn hefur enn boðið í plakatið, en uppboðið hófst fyrir skömmu og á eftir að standa í 26 daga. Seljandinn vill fá að minnsta kosti um 370 krónur fyrir plakatið, sem er veglegt, tæpir 70 sentimetrar á hæð og 50 á breidd og sýnir Berglindi brosandi með bakka af bjórflöskum.

BERGLIND ICEY Hefur búið í Los Angeles síðustu ár.

Lítið hefur frést af Berglindi undanfarið en hún býr í stjörnuborginni Los Angeles í Bandaríkjunum. Hún hefur komið fram í sjónvarpsþáttum á borð við According to Jim, sem sýndur er á Skjáeinum og Watching Ellie, sem var með Seinfeld-leikkonunni Juliu Louis-Dreyfus í aðalhlutverki. Þá kom hún fram í grínmyndunum The Hot Chick, The Animal og The Master of Disguise. **- afb**

SAFNARAPLAKAT Veggsspjaldið er í óaðfinnanlegu ástandi.

Regatta
GREAT OUTDOORS™

HAUSTDAGAR

-50%

AFSL.

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST&SPORT

verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Notum það samt

Þegar ég var að stíga mín fyrstu skref í blaðamennsku, fyrir rétt rúmum fimm árum, var mikið rætt um að taka stjórnarskrána til endurskoðunar. Af því tilefni var mér falið það verkefni að hringja í nokkra málsmetandi menn og konur og spyrja hverju þyrfti helst að breyta. Þegar ég innti kollega mína eftir því hvort þeim dytti í hug einhverjir snjallir menn sem hefðu skeleggar skoðanir á þessu brýna máli, benti samstarfskona mín mér á Ágúst Þór Árnason, kennara við Háskólann á Akureyri. Það vildi meira að segja svo vel til að hún var með númerið hans í símanum hjá sér.

ÁGÚST tók erindi mínu vel þegar ég sló á þráðinn og var boðinn og búinn til að reifa skoðanir sínar á þessu máli; honum fannst að landið ætti að vera eitt kjördæmi, endurskoða ætti kosningalögin og fleira í þeim dúr. Á allt þetta hlustaði ég af athygli. Það eina sem truflaði mig allan tímann var að mér fannst rödd fræðimannsins eitthvað svo kunnugleg, sem ég skildi ekki því ég kunni svo sem engin deili á Ágústi Þór Árnasyni á þessum tíma.

EFTIR gagnmerkt spjall í um það bil 20 mínútur var kominn tími til að binda endahnút á samtalið. „Já, þakka þér fyrir þetta, Ágúst. Hvað heitirðu aftur fullu nafni?“ spurði ég. „Ég heiti Ágúst Ólafur Ágústsson.“ „Ha? Alveg eins og þingmaðurinn?“ „Öh, ja ég er þingmaður. Hjá Samfylkingunni.“

ÉG tók kúnstpásu meðan ég reyndi að púsla þessu saman. Samstarfsfélagi minn hafði semsagt farið línuvillt í símaskránni og látið mig fá númerið hjá röngum Ágústi. Þar kom skýringin á hvers vegna ég kannaðist við röddina. Ég blóðroðnaði en ákvað að reyna að bjarga mér fyrir horn. „Jajú auðvitað, hvernig læt ég haha...“ hóstaði ég upp úr mér og þakkaði honum fyrir spjallið. „Hvað nú?“ hugsaði ég með mér. Eftir dálitla umhugsun komst ég að niðurstöðu. „Ég nota þetta samt,“ ákvað ég og bætti Ágústi Ólafi bara í viðmælendahópinn.

ÞAÐ er út af þessari uppákomu sem ég hef fulla samúð með frambjóðnarmönnunum Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og Höskuldi Þórhallssyni. Ég þykist nefnilega vita upp á hár hvernig þeim hefur liðið þegar það rann upp fyrir þeim að milljarðalánið frá norska þingmanninum væri tómar skýjaborgir. Og rétt eins og ég hafa þeir ákveðið að reyna að bjarga andlitinu með því að láta eins og ekkert hafi í skorist og hugsað: „Við notum þetta samt.“

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 16. október 2009, 289. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.21	13.13	18.04
Akureyri	8.11	12.58	17.43

Heimild: Almanak Háskólans